



Ríka fólkid í borginni og þau sem erfa Ísland

- Svona búa þau
- Svona græddu þau
- Milljarða kaup og sölur



14. SEPTEMBER 2018 / 35. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

ÞETTA ER BÚID!



VÆNDISKONUR REYKJAVÍKUR



Hverfisgata, 15 þúsund klukkutími

Hverfisgata, 35 þúsund klukkutími

Sjáðu kortið

Ég er ekki töffari eins og menn halda

- Drekkur aldrei einn
- Hefði aldrei ráðið bróður sinn



GIFTINGIN BJARGAÐI HENNY FRÁ HELFORINNI

- 22 afkomendur setja svip sinn á Ísland og Svíþjóð
- Teningakast réð örlögunum




Unnar Þór sýnir tennurnar

SPARAÐI STÓRFÉ Í BÚDAPEST

Fyrir

Eftir

Margar gerðir af FARANGURSBOXUM



Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla




Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara




Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is





Síðustu orðin

„Ég vildi frekar vera á skíðum.“

– Stan Laurel (1890–1965) eftir að hann fékk síðustu sprautu læknis-meðferðar sinnar.

Á þessum degi, 14. september



1741 – George Friedrich Handel lýkur við óratoríuna Messiah.



1801 – William McKinley deyr í kjölfar tilræðis sem átti sér stað 6. september.



1917 – Kunngert er opinberlega að Rússland sé lýðveldi.



1984 – Joe Kittinger leggur af stað í loftbelgnum Peace yfir Atlantshafið. Ferðinni lauk 18. september og varð hann fyrstur manna til að afreka þetta einn síns liðs.



1997 – Fimm undirvagnar járnbrautarlestar Ahmedabad–Howrah hradlestarinnar steypast í á í Bilaspur í Madhya Pradesh á Indlandi með þeim afleiðingum að 81 lætur lífið.



PANAMAPRINS ÁKÆRÐUR FYRIR SKJALAFALS

■ Hilmar Ágúst sakaður um að hafa falsað hæfnispróf í umsókn til Samgöngustofu ■ Skilaði inn fölsuðu flugskírteini

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur lagt fram ákæru á hendur Hilmar Ágústi Hilmarssyni, flug- og athafnamanni, fyrir skjalfals. Er Hilmar sakaður um að hafa lagt fram falsað afrit af hæfnisprófi fyrir Bombardier-flugvél af gerðinni BD-700 þegar hann sótti um endurútgáfu á fluglíðaskírteini sínu fyrir slíka vél í september 2015. Ákærvaldið telur að Hilmar hafi ekki lokið tilskildu upprifjunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunar fyrirtæki. Þess í stað hafi hann breytt skýrslu um hæfnispróf á aðra tegund flugvéla, Bombardier CL604/605, sem hann hafði sannarlega lokið. Þannig leit út fyrir að um væri að ræða hæfnispróf fyrir BD-700. Ekki tókst að birta Hilmar Ágústi ákærana og því var hún auglýst í Lögbirtinga-



Hilmar Ágúst Hilmarsson

blaðinu. Þess er krafist að hann verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Með dæmda barnaníðinga í forsvari fyrirtækis

Á dögunum var Hilmar Ágúst miðdepillinn í farsakenndri umfjöllun DV um umsvif fyrirtækja hans á Reykjavíkflugvelli. Hilmar Ágúst, sem búsettur er í Sviss, hefur ekki verið mjög áberandi í íslensku samfélagi undanfarið ár. Af þeim sökum veittu fjölmiðlar því enga sérstaka athygli að nafn hans kom við sögu þegar Panamaskjölin voru gerð opinber. Þar var hann meðal þeirra Íslendinga sem skráðir voru fyrir aflandsfélögum á Cayman-eyjum í Karíbahafinu. Félög Hilmars sem þar komu fram

voru Avijet Limited og Global Fuel Limited.

Annað þessara félaga, Global Fuel, er skráð með lögheimili í Skýli 1 á Reykjavíkflugvelli en fasteignin er í eigu Hilmars Ágústs í gegnum félagið Bjargfast ehf. Þar eru einnig önnur félög í eigu Hilmars Ágústs skráð með lögheimili. Meðal annars Heimflug, BIRK Invest, ACE FBO og Ace Handling. Í áður nefndri umfjöllun DV kom fram að hinn margdæmdi barnaníðingur, Sigurður Ingi Þórðarson, betur þekktur sem Siggí hakkari, er skráður sem stjórnarformaður og framkvæmdastjóri síðan í maí síðastliðnum. Einn annar einstaklingur situr í stjórn Ace Handling, Robert Tomasz Czarny, sem einnig er dæmdur barnaníðingur. Í umfjölluninni kom fram að Hilmar Ágúst hefði ráðið Sigurð Inga vegna þess að hann hefði vorkennt honum. Þegar Hilmar

Ágúst var spurður hvort hann vissi að varamaður Sigurðar í stjórn félagsins væri dæmdur barnaníðingur, sagðist Hilmar ekki hafa vitað af því. „Nei, ég vissi það ekki, þetta er vinur hans Sigga,“ sagði Hilmar og hló.

Þá vakti sérstaka athygli að í Skýli 1 er einnig sértrúarsöfnuður með afmarkað tilbeiðslusvæði, Postulakirkjan Beth-Shekinah. Sá er veitir söfnuðinum forstöðu er kung-fu presturinn Dan Sommer. Sommer hefur áður verið til umfjöllunar hjá DV í tengslum við Sigga hakkara. Hann var sálgaeslumaður hans meðan Siggí afplánaði dóma sína og sá um tilskilda samfélagsþjónustu hans þegar hann var látinn laus úr fangelsi. Fram kom að Sommer og söfnuður hans fengu afnot af Skýli 1 í skiptum fyrir ólaunaða vinnu og ráðgjöf við öryggisstörf. ■

5 Íslendingar sem ættu að vera ríkir

Í DV þessa vikuna er fjallað um ríka Íslendinga og hafa margir þeirra þénað vel á viðskiptum sem hinn almenni borgari verður lítið var við. Búa þeir í glæsihýsum og fljúga á einkapötum til framtíðar staða. Sumir myndu segja að enginn ætti skilið að verða svo auðugur að hann vissi ekki aura sinna tal. Aðrir myndu segja að „þjóðargersemar“, sem hafa fengið alla þjóðina til að gleðjast, eigi það svo sannarlega skilið. Hér eru fimm einstaklingar sem ættu að vera ríkir.



Laddi

Grínistinn Þórhallur Sigurðsson, eða Laddi, er nú orðinn 71 árs gamall og hefur fengið landann til að emja af hlátri í tæplega hálfa öld. Orðið Laddi er eiginlega orðið samnefni yfir spaug. Fáir Íslendingar eiga það jafn mikið skilið að vera ríkir og Laddi, sem skilur eftir sig herskara af persónum.



Óli Stef

„Takk Óli“ sagði öll þjóðin þegar handboltakempan Ólafur Stefánsson lagði harpixið á hilluna árið 2013. Ólafur hefur ekki þurft að leþja dauðann úr skel enda stundaði hann atvinnumennsku með liðum á borð við Magdeburg og Ciudad Real. Vitaskuld verður samt enginn mjög ríkur af því að spila jaðarsport eins og handbolta.

Margrét Lára

Margrét Lára Viðarsdóttir leiddi þá kynslóð íslenskra knattspyrnukvenna sem tryggði sér þátttökurétt á þremur Evrópumótum í röð. Hún hefur ráðað inn mörkunum og meðal annars verið markahæst í Evrópukeppni félagsliða í tvisgang. Í karlaknattspyrnu væri slíkur leikmaður orðinn moldríkur.



Jóhanna á Háafelli

Jóhanna B. Þorvaldsdóttir, bóndi á Háafelli í Hvítársíðu, hefur tekið að sér það óeigingjarna starf að bjarga íslensku geitinni. Langt er síðan bændur hættu almennt að halda geitur og er stofninn því í bráðri hættu. Jóhanna hefur barist í bökum við að halda geitonum og þjóðin hefur safnað peningum í reksturinn.



Raggi Bjarna

Hvað sem Geir Ólafs kann að finna þá er Ragnar Bjarnason Sinatra okkar Íslendinga. Við höfum hlustað á djúpa og ómþýða rödd Ragnars síðan árið 1954 og hann hefur alltaf aðlagast sínum samtíma. Á árum áður keyrði hann leigubíl og rak sjoppu þrátt fyrir að vera einn vinsælasti söngvari landsins. Raggi á skilið að fá eyju í Karíbahafinu.

**MILLJÓNIR
ERU FUNDIÐ FÉ**

53

MILLJÓNIR

POTTURINN STEFNIR Í 53 MILLJÓNIR



LEIKURINN OKKAR



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

GÓÐ ÞJÓNU



**SVO ALLT
GANGI
SMURT**



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

STA Í 20 ÁR



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Hver er hún



Hún fæddist á Akureyri þann 4. september árið 1986.

Hún útskrifaðist af félagsfræðibraut Menntaskólans við Hamrahlíð árið 2006.

Hún hefur lokið meistaraþrófi í Evrópufræðum og Evrópurétti frá Edinborgarháskóla, BA-prófi í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands og stúdentsþrófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Hún hefur starfað sem sjálf-boðaliði hjá Rauða krossinum og verið aðalmaður í jafnréttis- og mannréttindaráði Kópavogsbæjar.

Hún er dyggur hundaeigandi.

SVAR: SEMA ERLA SERDAR

Það er staðreynd að...



Upphaflega stóð til að „Like“-hnappurinn á Facebook hét „Awesome“-hnappurinn.



Öflugasti jarðskjálfti heims, frá upphafi mælinga, reid yfir Chile þann 22. maí 1960 og mældist 9,5 stig.



Fleiri láta lífið á hverju ári af völdum sælgætis- og gossjálfsala en af völdum hákarla.

Söngkonan Janis Joplin gaf vinum sínum yfir 2.500 dollara í arf með skilabodunum: „Haldið svakalegt partí þegar ég er öll.“



Að minnsta kosti fjórir karlmenn sem gegndu hlutverki „Marlboro-mannsins“ í tóbaksauglýsingum dóu úr lungna-krabbameini.

UNNAR ÞÓR SÓTTI SÉR TANNLÆKNAPJÓNUSTU Í UNGVERJALANDI

■ Unnar Þór dvelur á tannlæknaþóttu í Búdapest ■ Segir verðmuninn gríðarlegan

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is




Þetta mun breyta lífi mínu, það er ekkert flóknara,” segir Unnar Þór Sæmundsson tannlækna-turisti í samtali við DV. Undanfarna viku hefur Unnar Þór dvalið í góðu yfirlæti á sérstöku tannlæknaþóttu í útjaðri Búdapest og sótt sér löngu tímabæra þjónustu. Ástæðan er sú að þjónustan er margfalt ódýrari en heima á Íslandi, að sögn Unnars. Hann segir að tannheilsu hans hafi hrakað mjög undanfarin ár og var í óefni komið. „Ég hafði vanrækt tennurnar í mér og má helst kenna peningaleysi um. Ég var einnig í óreglu um tíma og eftir að hafa lokið meðferð þá vaknaði ég upp við þann vonda draum að tennurnar voru illa farnar,” segir Unnar Þór.

Var orðinn veikur vegna tannsykinga

Hann var kominn með alvarlegar sykingar og sá fram á rándýrar bráðabirgðaaðgerðir og síðan enn dýrari viðgerðir yfir langt tímabil hérlendis. „Ég var orðinn veikur út af sykingunum og þurfti sýklalyf. Ég fór í eina stutta bráðabirgðaaðgerð hjá íslenskum tannlækni sem kostaði mig 40 þúsund og þá fór ég að velta öðrum möguleikum fyrir mér,” segir Unnar Þór. Eftir leit á netinu fann hann Fedasz Dental og leist vel á. „Það var engin spurning í mínum huga að þetta var besti valkosturinn fyrir mig. Ég varð að bregðast við og þessar umfangsmiklu aðgerðir hefðu verið rúmlega helmingi dýrari á Íslandi og tekið mun lengri tíma. Að mínu mati er verð á tannlæknaþjónustu á Íslandi alltof hátt,” segir Unnar Þór.

Hann óttaðist ekki hryllings-sögur um léleg gæði efna og að dýrt myndi reynast að gera við fúskið eftir ungersku tannlækna-ana. „Stór hluti íslenskra lækna er byrjaður að mennta sig hér ytra þannig að Íslendingar eru í vöndum málum ef ungerska heilbrigðiskerfið er eitt



allsherjar fúsk. Ungverjaland er eitt vinsælasta land heims þegar kemur að tannlæknaþjónustu og stofan sem ég valdi mér er hlaðin lofi,” segir Unnar Þór. Hann sendi myndir út til stofunnar og nokkru síðar pantaði hann sér flug út til Búdapest. „Ég fékk aðstoð við að fjármagna þetta frá vinum og ættingjum og verð þeim ævinlega þakklátur,” segir Unnar Þór.

Eins og áður segir þá gistir hann á hóteli sem er í eigu sömu aðila og tannlæknaþóttu-ana. „Þetta er mjög þægilegt og það var vel tekið á móti mér. Ég var skoðaður og síðan fékk ég nákvæma áætlun yfir það sem þurfti að gera og heildarkostnað. Alls er ég að borga 5.000 evrur (um 650 þúsund krónur) fyrir fjórar rótarfylltar tennur, þar af þrjár með þremur rötum, sjö fyllingar og aðrar lagfæringar, eina fjarlægða tönn og sex krónur á framtennur. Að auki var innifalinn mjög vönduð tannhvíttun og einhver umfangsmesta tannhreinsun sem ég hef upplifað. Þá var hótalgisting með morgunverði innifalinn auk ferðalagsins til og frá flugvelli,” segir Unnar Þór. Hann fullyrðir að kostnaðurinn við þessar aðgerðir á Íslandi myndi nálgast 1,5 milljónir króna.

„Mér líður ótrúlega vel hérna og það gildir líka þegar ég er í stólnum. Þeir eru ósparir á deyfingarnar og ég kenni mér einskis meins. Þjónustan er rosaleg góð og nákvæmlega farið eftir dag-



Unnar Þór Sæmundsson er himinlifandi með nýja ungerska tanngarðinn.



skránni. Ég hef yfirleitt mætt í einn tíma á dag síðan ég mætti, um klukkustund á dag, en lengsti tíminn tók reyndar tæpar fjórar klukkustundir. Ég hef því nógan frítíma til að skoða mig um í Búdapest og hvílast,” segir Unnar Þór.

Hægt er að fylgjast með seinustu dögum Unnars á tannlæknaþóttu í Búdapest á Snapchat-reikningi hans, unnarthor. Þá verður nánar fjallað um tannlæknaþjónustu á DV.is á næstu dögum. ■

Meiri Noreg og minni Busta

Svarthöfði

Hvert mannsbarn veit að e-pilluhátíðin sem kölluð er Secret Solstice er meinsemd í okkar þjóðfélagi. Þarna hlusta gufuruþáttir og gufuósandi unglingar á eitthvert bölvad gætt sem á að heita menning og krydd í tilveruna.

Svarthöfði á eitt með að skilja tilvistarrétt þessa ósóma. Hvert er eiginlega menningarlegt gildi þess að fá lyfjaféitan óvita eins og Busta Rhymes til að skemmta landanum? Nei, Secret Solstice er allt annað en upphefð fyrir vora þjóð og auk þess til mikils ama fyrir íbúa Laugarneshverfis. Þeir eiga skilið kertafleytingu eða tvær fyrir að hafa gengið í gegnum þessa víttiskvöl í fimm ár.

Svarthöfði hefur mikla sam-

úð með þeim íbúum sem búa í námunda við tónleikasvæðið. Þeir þurfa að horfa upp á ókunnugt fólk pissa utan í limgerði, unglunga bryðja læknaþjónu og dauðskelkuð dýrin ýlfr. Helförin í Laugardalnum mun verða skammarblettur í sögubókum framtíðarinnar.

Upplifun hins norska Knut Ödegard, íbúa í Laugarneshverfinu, er enn greipt í huga Svarthöfða. Rusli var hent í garðinn hans og hann fann hvergi bílastæði. Alls staðar var búið að leggja bílum skakkt upp á gangstéttir og olían lak úr þeim.

„Beint fyrir framan húsið okkar, sem stendur við tvístefnugötu, var lagt bíl með unglungum. Þeir stilltu upp borði og stólum úti á miðri götu, komu með kæli-box með áfengi og höfðu „party“ þarna á miðri götunni,” sagði Knut. Vesalings maðurinn.



Knut stakk upp á að tónlistin yrði lækkuð og löggæsla eflað og Svarthöfði telur það þjóðráð. Ef halda á svona húllumhæ á annað borð þá þurfa norskar áherslur að vera til staðar. Norðmenn eru sérfræðingar í skemmtun.

Nú á að flytja hátíðina úr Laugardalnum yfir á Klambartúnið en Svarthöfði sér ekki að

það leysi neinn vanda. Ekki frekar en þegar kirkjan færir bersynduga klerka milli brauða þegar þeir eru gripnir með lúkuna undir fermingarkyrtilunum. Nei, Hlíða- og Holtafólk á þetta ekkert frekar skilið. Það þarf hvort er að umbæra hvers dags fyllerið úr miðbænum. ■

ARGO FLUTNINGAR

Sími: 845 0900



FLUTNINGAÞJÓNUSTA

milli Suðurnesja og
höfuðborgarsvæðis

- ➔ Suðurnes
- ➔ Reykjavík
- ➔ Suðurnes

*Tvisvar
á dag!*

VÆNDISKONURNAR Í REYKJAVÍK OG

■ Tugir vændiskvenna í miðborginni ■ Blaðamanni boðið vændi ■ Vændiskonur í íbúðum Íslendinga

Bjartmar Oddur Þeyr Alexanderson
Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is / bjartmar@dv.is

Reykjavík er að finna tugi vændiskvenna af ýmsum þjóðernum. Bládamaður DV pantaði þjónustu hjá yfir 20 konum á einni kvöldstund þar sem verð fyrir hálf tíma var 25 þúsund en 35 þúsund fyrir klukkutíma. Fyrir endaparmsmök var rúkað 15 þúsund aukalega. Konurnar voru með aðsetur víða miðsvæðis og gistu margar í leiguíbúðum Íslendinga í gegnum hið fræga Airbnb eða á gistiheimilum. Bládamenn DV fylgdust með nokkrum húsnum þar sem vændiskonur höfðu aðsetur og urðu þar vitni að því þegar íslenskir karlmenn keyptu sér þjónustu kvennanna. Þá könnuðu bládamenn DV hvort mögulegt væri að kaupa vændi á Kampavínsklúbbum. Á upptöku sem birt er á vef DV í dag má heyra að slíkt er auðsött og rannsókn DV síðustu vikur staðfestir að vændi er vandamál á Íslandi.

Í umfjöllun DV má sjá hvar í Reykjavík vændiskonurnar voru með aðsetur. Tekið skal fram að DV ræddi aðeins við brot af þeim konum sem auglýsa þjónustu sína á hinum ýmsu síðum. Þá leiddi rannsókn DV einnig í ljós að ætla megi að á Íslandi sé að finna fólk sem hafi tekjur af vændisstarfsemi með því að hafa milligöngu með vændi.

Vændi og mansal eykst

Sumir kalla vændi elstu starfsgrein í heimi á meðan aðrir telja vændi einfaldlega vera kynferðisofbeldi, að karlmenn séu að nýta sér neyð kvenna. Á síðustu áratugum hefur vændi sem og mansal á konum aukist og vex vændismarkaðurinn hvað örast, næst á eftir eiturlyfja- og vopnamarkaðnum. Í sumum löndum er vændi leyft, en í flestum löndum laumast karlmenn inn um bakdyr eða í skjóli myrkurs. Þannig er það alla vega á Íslandi.

Lög sem banna vændiskaup voru sett árið 2009. Ísland fetaði þar í fótspor Svíþjóðar sem hafði fyrst þjóða sett slík lög. Vændi á Íslandi fer fram neðanjarðar í þeim skilningi að mál tengd vændi lenda sjaldan inni á borði lögreglu. Á síðustu árum hafa hin ýmsu mál ratað inn á borð lögreglu eða fjölmíðla. Alvarlegasta málið í seinni tíð verður að teljast þegar upp komst að Alexander Manrique Elíasson var grunaður um að skipuleggja vændisstarfsemi í íbúð við Fiskakvísl í Ártúnsholti á sama tíma og hann starfaði hjá Barnavernd. Þrjár stúlkur frá Perú seldu blíðu sína í nokkrar vikur í íbúðinni áður upp komst um athæfi Alexanders sem hafði haft uppi háleitar hugmyndir um starfsemi, en hann er talinn hafa ætlað að sölsa undir sig íslenska vændismarkaðinn.

Strawberries lokað

Árið 2007 var herraklúbbnum Strawberries lokað vegna gruns um milligöngu um vændi. Samþæring tilfelli átti sér stað með skemmtistaðinn VIP Club árið 2013. Til þess að fara afsíðis með konu þurfti að borga fyrir kampa-vín sem kostaði frá tuttugu þúsund

**No money,
no honey.**

krónum og allt upp í tæpa hálf milljón króna.

Skemmtistaðurinn Shooters við Austurstræti 12a hefur verið mikið í umræðunni upp á síðkastið. Undir lok ágústmánaðar var lögreglan á höfuðborgarsvæðinu kölluð að skemmtistaðnum vegna slagsmála þar inni. Tveir af dyravörðum staðarins höfðu orðið fyrir alvarlegri líkamsárás.

Frá því að staðnum var komið á lagginnar lék grunur á að vændi ætti sér stað undir þeim formerkjum að keyptur væri sérstakur „kampa-vínsdill“ og kemur þaðan lýsingin herraklúbbur. „Besta fullorðinsskemmtun Reykjavíkur“ auglýsir klúbburinn á samskiptamiðlum.

Á vefnum Reddit hefur staðurinn verið ræddur í þaula og hafa margir velt fyrir sér þeim vafasömu sögusögnum sem staðnum fylgja. Einn notandinn fullyrðir að staðurinn sé þekktur fyrir að svindla á ölvuðu fólki. Á Facebook-síðu staðarins skrifaði Hjörtur Geirsson tónlistarmaður: „Glatað hóruhús.“ DV reyndi að ná tali af Hirti án árangurs.

Sýnt hefur verið fram á tengsl milli Shooters og forvera staðarins, VIP Club, sem var í sama húsnæði. VIP Club var lokað af lögreglu vegna gruns um að vændi væri stundað á staðnum.


Allt í boði gegn kampa-vínskaupum

Skráður eigandi Shooters Coyote Club er Þóráðs Elva Guðmundsdóttir. Í janúar 2016 greindi DV frá því að lögblindur Bandaríkja-maður hefði kært eiganda Shooters fyrir að hafa gjaldfært tæpar þrjár milljónir út af kreditkortum hans. Umræddur maður er Colin O'Donohoe. Kvaðst hann hafa pantað sér nokkra drykki á barnum og búist við reikningi upp á 20 þúsund íslenskar krónur. Annað kom á daginn. Þegar O'Donohoe kíkti á bankayfirlitið kom í ljós að reikningurinn var hvorki meira né minna en 22 þúsund dollarar.

Í kærnu O'Donohoe kemur fram að undirskriftirnar á kvittunum séu greinilega falsaðar og að skemmtistaðurinn hafi misnotað fötlun hans með refsiverðum hætti.

Hægt að kaupa vændi á Shooters

Á meðan DV var að kanna vændisheiminn á Íslandi barst ábending um að auðsött væri að kaupa vændi á Shooters. Heimildarmaður DV sem þekkir vel til starfseminnar sagði: „Það er auðvitað harðbannað að kaupa vændi, en það er ekkert sem segir að þú megir ekki kaupa kampa-víns-



flösku á nokkur hundruð þúsund og einhverjir ónefndir aukaglaðningar fylgi með.“

Þegar bládamenn DV fóru á staðinn brugðu þeir sér í hlutverk ferðamanna. Strax og gengið var inn á staðinn kom í ljós að heimildarmaðurinn hafði á réttu að standa. Í tröppunum á Shooters tóku konurnar á móti bládamönnum á fyrstu hæð. Skömmu síðar urðu reglurnar skýrar. Ef kunninn festir kaup á kampa-víni er honum

boðið í lokað herbergi.

Á bak við luktar dyr er svo boðið upp á einkasýningar en fyrir 14 þúsund krónur buðust konurnar til að fækka fötum. Í reykjaherbergi fyrir starfsfólk inni á staðnum er búið að krotta á vegginn setninguna „No money, no honey“. Einnig er boðið upp á að keypt sé kampa-vín á 100 þúsund krónur. Í því tilboði er allt innifalið,

sem sagt aðgangur að líkama konunnar. Það staðfestu bládamenn DV en samtalið var tekið upp og má heyra, eins og áður segir í fullri lengd á DV.is, en brot úr samtalinu má lesa hér.

„Ég vil fara með þig í einkaherbergi, við getum ekki gert neitt hér,“ sagði konan.

Ég geri mér grein fyrir því, svaraði bládamaður.

„Við getum ekki gert neitt hér í

DULARFULLA HÚSIÐ Á DYNGJUVEGI

DV fylgdist með kaupendum ■ Dularfullt hús á Dyngjuvegi ■ Allt í boði gegn kampavínskaupum



”Ertu hrifinn af stellingunni 69?”

væru jafnframt að selja vændi á Shooters og væri athvarf þeirra í hinu glæsilega einbýlishúsi á meðan þær eru hér á landi. Í reisulegu húsinu eru skráðar saman nokkrar austurevrópskar konur sem eru venjulega sóttar upp úr níu að kvöldi til og fluttar á Shooters eða keyrðar á aðra áfangastaði í höfuðborginni. Heimildarmenn segja að mannaferðir þar hafi verið gríðarlegar undanfarin ár og hafi dömur búið þar saman, allt að tuttugu í einu um tíma.

„Ég skil ekki hvernig lögreglan gerir ekki neitt í þessu. Þetta fer fram fyrir allra augum,“ segir einn heimildarmaður DV sem hefur búið í nágrenni hússins á Dyngjuvegi undanfarin ár. „Þetta er fjölskylduvænt hverfi og hryllir manni við að sjá þessa umferð á vændiskonum og strípidöllum, því almáttugur má vita hvað gengur á í þessu húsi. Ekki líst mér heldur á alla leigubíla.“

Grunur um innherjasvik

Húsið á Dyngjuvegi 14 var sett á sölu í kringum haustið 2015. Fyrirtækið Fastrek ehf. er nú skráð fyrir húsinu en eigandi þess fyrirtækis er Elena Litsova Sigtryggsson, eiginkona Ómars Sigtryggssonar, framkvæmdastjóra markaðsviðskipta hjá Saga Capital fjárfestingarbanka. Bæði eru búsett í Bretlandi.

Við innkeyrsluna hjá Dyngjuvegi 14 hefur reglulega sést til umferða bifreiðar sem er skráð á Kjartan Berg Jónsson, sem að sögn heimildarmanns hefur fengið viðurnefnið „Kjarri Kólus“. Kjartan var einn þriggja aðila sem grunadír voru um að hafa notfært sér innherjaupplýsingar í viðskiptum með hlutabréf Icelandair en allir sem lágu undir grunneituðu alfarið sök vegna málsins sem er nú enn í ferli.

Talið er að mennirnir þrír hafi hagnast um rúmlega 61 milljón króna en hin ætluðu brot eiga að hafa átt sér stað á tímabilinu frá október 2015 til febrúar

2017. Mennirnir eru ýmist ákærðir fyrir innherjasvik eða hlutdeild í slíku broti. Þess er krafist af héraðssaksóknara að þeim verði gerð refsing auk þess sem fjármunir þeirra og félagsins Fastreks, sem einnig er ákært í málinu, alls að fjárhæð rúmlega 90 milljónir króna, verði gerðir upptækir. Gefin var út ákæra í málinu á dögum sem var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur og verður næsta fyrir-

taka í málinu þann 21. september næstkomandi.

Einnig er Kristján Georg Jósteynsson á meðal hinna grunuðu í þessu máli, en hann er stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi Fastreks ehf. ásamt Elenu. Eiginkona Kristjáns, Anzela Jósteynsson, situr einnig í stjórn hjá fyrirtækinu og vill heimildarmaður DV meina að þær Elena Litsova og Anzela séu perluginnkonur.

Kristján og Anzela voru bæði dæmd þann 3. nóvember 2015 fyrir fjárhættuspil í gegnum fyrirtækið P&P áhugamannafélag. Kristján hlaut tólf mánaða fangelsisdóm, þar af níu mánuði skilborðsbundna, en eiginkona hans hlaut níu mánaða dóm, þar af sex mánuði skilborðsbundna. Dómunum var áfrýjað.

Vændiskonur í íbúðum Íslendinga

DV kannaði einnig vændi sem á sér stað í Airbnb-íbúðum og gistiheimilum. Eina kvöldstund hafði DV samband við yfir tuttugu konur og var auðsött mál að fá þá þjónustu sem þær auglýstu á hinum ýmsu síðum. Konurnar voru flestar til húsa miðsvæðis í Reykjavík. Flestar konurnar auglýstu á City of Love og hafa auglýsingar á vefsíðunni aukist jafnt og þétt undanfarin ár, þótt talsvert sé um að sama konan sé með fleiri en eina auglýsingu. Sterk tengsl virðast vera á milli fjölgunar ferðamanna og starfsemi vændiskonanna. Það er misjafnt hvað konurnar bjóða upp á, en þær auglýsa allt frá hefðbundnu kynlífi yfir í svæsið ofbeldi þar sem karlmanninum er boðið að ganga hart fram gegn greiðslu, og dæmi um að konur bjóði karlmönnum um að slá sig á meðan á „kynlífi“ stendur líkt og í svæsum klámmyndum.

Margar konurnar virtust vera á eigin vegum en rannsókn DV leiddi einnig í ljós að svo virðist sem þriðji aðili hafi tekjur af vændi. Þegar blaðamaður DV hafði hringt í konurnar var hringt í síma blaðamanns og spurtt hvað honum gengi til. Af hverju í ósköpunum hann væri að hringja í allar þessar stúlkur. Hann væri búinn að panta sér þjónustu hjá sex stúlkum á skömmum tíma. Af þessu má draga þá ályktun að einhver haldi utan um konurnar á meðan þær eru hér á landi og geri þær út eins og í tilviki barnaverndarstarfsmannsins fyrr á árinu.

Snorri Birgisson, sem er sérfræðingur í mansali hjá lögreglunni, hefur sagt mörg tilvik hafa komið upp þar sem vændi er stundað í skammtímaleiguíbúðum, svo sem Airbnb. Hefur Snorri sagt að gestgjafar séu ekki alltaf meðvitaðir um í hvaða tilgangi fólk komi hingað til lands og átti sig ekki á að vændi geti verið ▶

opnu rými fyrir framan alla,“ bætti konan við.

Kostar það hundrad þúsund? spurði blaðamaður.

„Já. Við munum eiga magnaða lífsreynslu saman.“

Er allt innifalið í þeirri lífsreynslu?

„Auðvitað. Ertu hrifinn af stellingunni 69?“ spurði konan og blaðamaður svaraði játandi. „Drifum okkur þá.“

Blaðamaður kvæðst þá einungis hafa 40 þúsund krónur í veskinu. Konan svaraði að ekkert væri upp úr því að hafa. Blaðamaður sagðist þá þurfa að fara í hraðbanka en konan sagðist ekki hafa tíma til bíða eftir því.

„Þér liggur sem sagt á,“ sagði blaðamaður. „Já. Ég er mjög spenn. Ég vil fá þig upp í herbergið. Þetta rými

hér er óþægilegt. Við þurfum að fara upp. [...] Komdu elskan,“ sagði konan og upplýsti aftur að í lokuðu rými á þriðju hæð staðarins gætu þau verið í næði þar sem vændið fer fram.


Hvaðan koma konurnar á Shooters?

Einn heimildarmanna DV er leigubílstjóri sem upplýsti að á Dyngjuvegi 14 væri að finna konur sem stunduðu vændi. Konurnar


Við munum eiga magnaða lífsreynslu saman.



Á Dyngjuvegi 14 eiga athvarf konur sem sjá sér farborða með vinnu á Shooters.



Íslenskur karlmaður kemur út af gistiheimili eftir viðskipti við vændiskonu. Þar dvaldi hann í klukkutíma og mátti heyra stundur þeirra beggja út á götu.



Á kampavínsklúbbnum Shooters er vændi í boði fyrir viðskiptavini.



Nett fjölnotatæki
MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftigetá: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrífinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð: 6.800.000 kr. + VSK

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

PON

Pétur O. Nikulásson ehf. • Melabraut 23, Hafnarfjörður • Símar: 552 2650 / 552 0110 • pon@pon.is

ástæðan. Sjaldgæft sé að hús-eigendur eða nágrannar tilkynni grun um vændi.

Eitt heimilisfang kom oftar upp en önnur í rannsókn DV, en það er Hverfisgata 105 í Reykjavík, sem er við hlið höfuðstöðva Lögreglunar á höfuðborgarsvæðinu. Í því umrædda húsnæði bjóða margar konur þjónustu sína. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta húsnæði kemst í fréttirnar en í því stund- aði Catalina Ncogo umtalsverða vændisstarfsemi sem hún fékk þriggja og hálfis árs dóm fyrir árið 2010.

DV fylgdist með kaupendum

Meðan á rannsókn DV stóð yfir fylgdust blaðamenn með íbúðum þar sem vændiskonur höfðust við. Þar sáu blaðamenn íslenska karlmenn kaupa sér aðgang að konum. Blaðamenn staðfestu að um íslenska karlmenn var að ræða með því að taka niður bílnúmer og jafnvel aka á eftir mönnum til síns heima en á mynd má sjá þegar vændiskaupandi kemur út af 101 Skuggi Guesthouse en um er að ræða fjölskyldumann í Kópavogi. Það eru því ekki aðeins er-

lendir ferðamenn sem nýta sér neyð þessara kvenna. Slíkt gera íslenskir karlmenn líka.

Margir karlar lifa í þeirri blekkingu að hægt sé að greina á milli þess hvaða konur séu seldar mansali og hvaða konur séu í vændi af „fúsum og frjálsum vilja“. Í umfjöllun Kvennaathvarfsins um mansal og vændi, þar sem bent er á ábyrgð þeirra sem kaupa konur, segir:

„Kona sem ber harminn utan á sér er ekki góð söluvara og oft liggur líf og heilsa þeirra við að afla sem mestra tekna. Að sjálfu leiðir að kúnninn fær þá ímynd sem hann sjálfur kys og getur sannfært sig um að hann eigi í viðskipta-sambandi á jafnréttisgrundvelli.“

En niðurstaðan er sláandi. Vændi grasserar í Reykjavík, í leiguíbúðum, gistiheimilum og kampavínsklúbbnum sem aldrei fyrr, þar sem allt er í boði. Það er hægt að borga fyrir kynlíf, endaparmsmök, munnmök, láta berja sig og jafnvel borga fyrir það að fá að berja konur. Og það gera bæði erlendir og íslenskir karlmenn. ■

NÝTT!



Gefur vörunum raka,
mjúkt & næringu



Fæst í næsta apóteki eða heilsuvöruverslun



ICEHERBS
SKIN

Ómar flúði með dætur sínar í annað bæjarfélag

■ Var mismunad vegna höfnunar ■ Elsta dóttirin vildi ekki þýðast þjálfarann

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Þjálfarar eiga aldrei að setja iðkendur í svona erfiðar aðstæður. Það er alveg sama hvað er gert, iðkandinn kemur alltaf illa út úr svona aðstæðum," segir Ómar Már Þóroddsson, faðir þriggja stúlkna, en hann telur dætur sínar hafa orðið fyrir grófri mismunum hjá Skautafélagi Akureyrar. Upphaf málsins má rekja til ágreinings sem kom upp í kjölfar þess að yfirþjálfari hjá félaginu hóf, að sögn Ómars Más, að gera hosur sínar grænar við, þá 17 ára gamla, dóttur Ómars. Ómar gagnrýnir harðlega viðbrögð stjórnar SA við málinu en hann segir ásakanirnar hafa verið virtar að vettugi og málið sagt „óheppilegt.“

Bað henni út að borða og í bíó
Dætur Ómars, 19, 14 og 8 ára, hafa allar æft listdans á skautum hjá félaginu en umræddur þjálfari, sem kemur frá Hollandi, hefur að sögn Ómars starfað hjá SA síðastliðin tvö ár og þjálfað allar dætur hans. Lýsir Ómar því þannig að hlutirnir hafi breyst til hins verra eftir að yfirþjálfarinn byrjaði að reyna við elstu dóttur hans. Hann hafi meðal annars boðið henni út að borða fyrir utan bæinn og einnig í bíó.

„Þegar hún vildi ekki fara með honum fór það eitthvað í taugarnar á honum og fór hann að þjálfra dætur mínar illa. Hætti að sinna þeim og ætlaði að sleppa því að leyfa þeim að fá þjálfun hjá danskennara eins og allir hinir fengu. Við vorum búin að reyna að tala við hann og sagði hann ástæðuna vera að þeir sem væru í stjórn

legðu mikla áherslu á að þeirra börn fengu góða þjálfun og þess vegna gæti hann ekki sinnt stelpunum mínum betur.“

Þegar hún vildi ekki fara með honum fór það eitthvað í taugarnar á honum og fór hann að þjálfra dætur mínar illa. Hætti að sinna þeim og ætlaði að sleppa því að leyfa þeim að fá þjálfun hjá danskennara eins og allir hinir fengu.

legðu mikla áherslu á að þeirra börn fengu góða þjálfun og þess vegna gæti hann ekki sinnt stelpunum mínum betur.“



mikið að segja.

„Ég veit til þess að stjórnin kvartaði undan samskiptum við okkur og fékk ÍBA í málið. Þegar ÍBA sá tölvupóstinn var ákveðið að reyna að ná sáttum, reyna að laga þetta.“

Í kjölfarið var haldinn fundur með ÍBA og stjórn SA og formanni SA.

„Það var reynt að ná sáttum, og við vorum alveg tilbúin til þess, eins og ég sagði við konu mína og dætur þá væri allt í lagi að vera þarna áfram ef þetta yrði lagað. Svörin sem við fengum þar voru að þetta mál, að þjálfari væri að reyna við dóttur mína væri jú, vissulega „óheppilegt“ og að það yrði talað um þetta við hann. Ég veit ekkert hvort það var gert eða ekki.“

Þegar stjórnin sagði að það væri ekkert að hjá henni þá sagði ég hreinlega að við hefðum ekkert meira að ræða. Ég ætla ekki að gefa neitt eftir hvað þetta varðar og það kemur ekki til greina að ég láti bjóða mínum börnum upp á þetta,“ segir Ómar Már jafnframt, en seinustu samskipti hans við félagið áttu sér stað í mars síðastliðnum. „Þegar bæði stjórn SA og þjálfarinn segja að það sé ekkert að þá er í raun ekkert hægt að gera.“

Mikil fækkun

Ómar segir það skjóta skökku við að segja að allt sé í lagi á sama

tíma og fækkað hefur umtalsvert í klúbbnum. Kveðst hann telja að um 15 til 20 prósent iðkenda hafi hætt eftir fund þeirra hjóna með stjórninni í mars síðastliðnum.

„Ég veit fyrir víst að það hafa nokkrir hætt af því að þeim hefur hreinlega ekki verið sinnt. Þegar fólk vissi að við værum að fara úr félaginu þá hringdu nokkrir foreldrar í okkur og hrósuðu okkur fyrir að láta ekki bugast.“

Í kjölfarið tók fjölskyldan þá ákvörðun að mæðgurnar myndu flytja tímabundið til Reykjavíkur til að dæturnar gætu átt möguleika á að æfa íþróttina áfram.

„Þetta er það sem þær langar að gera og þetta er það sem þær eru góðar í. Þær eru búnar að æfa skauta í langan tíma og vilja halda áfram.“

Umræddur þjálfari starfar enn hjá Skautafélagi Akureyrar. DV hafði samband við forsvarsmenn félagsins vegna málsins en viðbrögð þeirra voru að senda eftirfarandi yfirlýsingu til blaðsins: „Í ljósi ásakana á þjálfara og stjórn LSA viljum við koma eftirfarandi á framfæri. Skautafélagið vann málið með fagaðilum innan íþróttahreyfingarinnar en engar sannanir né merki voru um að þjálfari listskautadeildarinnar hafi brotið siðreglur eða mismunad iðkendum. Við teljum málinu lokið af okkar hálfu og munum ekki tjá okkur frekar um það.“ Yfirlýsingin birtist á heimasíðu Skautafélags Akureyrar. ■



Vandaðar
innréttingar

Hjá Parka færðu hágæða SCHMIDT innréttingar, sérsniðnar að þínum óskum og þörfum.

Þjóðum aðeins það besta fyrir þig!

Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is

Parki
INTERIORS



Áratuga reynsla, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta eru okkar aðalsmerki.

Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur garðinum þínum.
Hafið samband og leitið tilboða.

www.garda.is



Þú finnur
Garðþjónustu
Íslands
á Facebook



GETUM BÆTT
VIÐ OKKUR
VERKUM FYRIR
HAUSTIÐ 2018

okkar þjónusta

- HELLULAGNIR
- HLEÐSLUR
- PALLASMÍÐI
- JARÐVEGSVINNA
- JARÐVINNA
- ÞÖKULAGNIR & PLÖNTUN
- GARÐSLÁTTUR
- BEÐAHREINSUN
- TRJÁKLIPPINGAR
- TRJÁFELLINGAR
- GARÐAÚÐUN & EITRUN
- SNJÓMOKSTUR & HÁLKUEYÐING

um okkur

Við hjá Garðþjónustu Íslands tökum að okkur flest öll þau verk sem tengjast lóðaframkvæmdum, garðaumönnun og garðyrkju. Þessi listi er vissulega ekki tæmandi yfir þau verk sem við tökum að okkur.



Hjörleifur Björnsson
S: 844 6547
hjorleifur@garda.is


**GARÐAÞJÓNUSTA
ÍSLANDS**
- alhliða garðþjónusta

Róbert Bjargarson
S: 866 9767
robert@garda.is

www.garda.is

garda@garda.is

www.garda.is

garda@garda.is

„Hefur verið skemmtilegt ævintýri, en Hrókurinn er rétt að byrja!“

■ Hrókurinn fagnar 20 ára afmæli með stórmóti í Ráðhúsi Reykjavíkur og hátíð á Grænlandi ■ Það sem byrjaði sem brandari varð að köllun ■ Landnám á Grænlandi

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dvis

Skákkfélagið Hrókurinn fagnaði á miðvikudaginn 20 ára afmæli og af því tilefni er sannarlega efnt til margvíslegra viðburða, jafnt á Íslandi og Grænlandi. Í dag, föstudaginn 14. september, klukkan 17, hefst Afmælismót Hróksins í Ráðhúsi Reykjavíkur. Meðal keppenda eru margir bestu skákmenn Íslands, áhugamenn úr öllum áttum, og flest efnilegustu ungmennin okkar. Heiðursgestur er Regina Pokorna, sem tefldi með hinu sigursæla liði Hróksins á Íslandsmóti skákkfélaga.

„Keppendalistinn endurspeglar vel kjörorð okkar í Hróknum: Við erum ein fjölskylda,“ segir Róbert Lagerman, varaforseti Hróksins. „Yngst er hin 11 ára Batel Goitom Haile, ein efnilegasta skákkstúlka Íslands, og aldursforsetinn er sjálfur Friðrik Ólafsson, fyrsti stórmeistari okkar og sannkölluð goðsögn. Alls verða átta stórmeistarar meðal keppenda, en líka harðsnúnir áhugamenn á öllum aldri og úr öllum áttum.“

Það sem byrjaði sem brandari varð að köllun

Hrafn Jökulsson, forseti Hróksins, segir að undanfarin tuttugu ár hafi verið ævintýri líkust. „Við höfum heimsótt alla grunnskóla á Íslandi og hvert einasta sveitarfélag. Upphaflega var félagið stofnað í hálfgerðu bríarí, við ætluðum bara að setja saman keppnislið fyrir Íslandsmót skákkfélaga, byrja í fjórðu deild og vinna eina deild á ári og ná sjálfum Íslandsmeistaratitlinum á skemmsta mögulega tíma. Það tókst, en við lærðum margt á þeirri

vegferð, meðal annars að gullverðlaun eru lítills virði miðað við að geta útbreitt gleði og vináttu og skapað ánægjustundir. Við áttuðum okkur á því, að skák er hið fullkomna verkfæri, enda geta allir teflt sér til ánægju, burtséð frá aldri, kyni, þjóðerni, bakgrunni eða líkamsburðum. Og fyrst og fremst: Skák er skemmtileg.“

Vorum komnir með nóg af gulli

Hrókurinn hætti sem keppnisfélag árið 2004 eftir samfellda sigurgöngu í sex ár. „Við ákváðum að snúa okkur alfarið að grasrótastarfi og því að útbreiða fagnaðarerindið,“ segir Róbert. Í þeim anda hafa þeir Hrafn og Róbert heimsótt Barnaspítala Hringsins flesta fimmtudaga síðan 2003, unnið ótullega að skákstarfi meðal fólks með geðraskanir og auk þess heimsótt allt frá leikskólum til dvalarheimila aldraðra, fangelsa og athvarfa. „Við vorum komnir með alveg nóg af gullpeningum og töldum tímanum betur varið í að virkja sem flesta,“ segir Róbert.

Hrókurinn er sannarlega ekkert venjulegt skákkfélag. Hrókliðar hafa unnið með samtökum á borð við Fatimusjóðinn, UNICEF á Íslandi, Rauða krossinn, Hjálparstarf kirkjunnar og Barnaheill, ekki síst að fjársöfnunum í þágu góðra málefna. Síðustu fjögur árin hefur Hrókurinn að auki staðið fyrir fatasöfnun í þágu barna og ungmenna á Grænlandi, en þar eru lífskjör til muna lakari en á öðrum Norðurlöndum.

Landnám á Grænlandi

„Þegar við höldum fyrsta skákmótið í sögu Grænlands árið 2003 óraði okkur ekki fyrir því, sem síðan hefur gerst,“ segir Hrafn. Skák var þá

„Okkur er efst í huga þakklæti.“

að kalla óþekkt á Grænlandi en það hefur heldur betur breyst. „Fyrsta mótið var mikil upplifun, enda vorum við flest að koma til Grænlands í fyrsta skipti, en nutum ómetanlegrar liðveislu Benedikte Abelsen, fyrrverandi ráðherra á Grænlandi og formanns Kalak, vinafélags Íslands og Grænlands. Nú, fimmtán árum síðar, höfum við farið um 80 ferðir til Grænlands, og haldið hátíðir vítt og breitt um hið mikla land. Við höfum eignast ótal vini þar og eins og ég þreystist ekki á að segja eru Íslendingar allra þjóða heppnastir þegar kemur að nágrönnum. Grænland hefur auðgað líf mitt, og allra þeirra sem hafa tekið þátt í starfi okkar þar.“

Afmæliskaka beið Hrókliða á Grænlandi

Á miðvikudaginn, daginn sem Hrókurinn fagnaði tvítugsafmælinu, tóku fjórir knáir Hrókliðar land í Kullorsuaq, 450 manna bæ á 74. gráðu á vesturströnd Grænlands. Þar stendur nú sem hæst hátíð, þar sem skák, sirkusskóli og listasmíðja fyrir börn eru á dagskránni. „Það var tekið ævintýrlega vel á móti okkur,“ segir Máni Hrafnsson, leiðangursstjóri Hróksins í Kullorsuaq. Heimamenn, sem nú fagna 90 ára afmæli þessa mikla veiðimanna-bæjar, biðu Hrókliða á bryggjunni og síðan var efnt til samsætis. „Þau voru meira að segja tilbúin með afmælisköku með merki Hróksins og svo sungu börnin í bænum fyrir okkur afmælissönginn,“ segir Máni,



Hrafn, Guðni forseti, Bergsteinn í UNICEF og Róbert eftir velheppnað maraþon 2018 í þágu barna í Jemen.

sem tekið hefur þátt í skákländnáminu frá upphafi. Hrókurinn hefur farið vítt og breitt um Grænland, en aldrei komist jafn norðarlega og nú.

Óendanlegt þakklæti

„Okkur er efst í huga þakklæti,“ segir Hrafn, aðspurður hvað standi upp úr eftir tuttugu ára starf. „Við erum óendanlega þakklát þeim ótal mörgu sem hafa tekið þátt í starfi okkar, stutt okkur í orði og verki og hvatt okkur til dáða. Ég er hræddur um að jafnvel heilt tölublað af DV dygði ekki til að telja upp alla þá sem hafa lagt okkur lið við að útbreiða boðskap vináttunnar og kærleikans.“

Aðspurður um næstu verkefni segir Hrafn: „Það er ýmissa tíðinda að vænta. Við ætlum að nota veturinn til að fara um landið og stefnum að því að heimsækja enn á ný öll sveitarfélög á Íslandi. Við Róbert höfum notið þeirra forréttinda að bera hita og þunga af þessu skemmtilega starfi og kannski mál til komið að svipast um eftir arftökum. Eitt er þó víst: Ævintýrið er rétt að byrja.“ ■



Stolt stúlka á Grænlandi með bikar frá Hróknum.



Friðrik Ólafsson, fyrsti stórmeistari Íslands, tefur í Ráðhúsinu. Hér er hann í Djúpavík á Ströndum ásamt Hrafini árið 2010.



Ungur þakkur í Kulusuk með þrónahúfu frá Íslandi.



Kristín Anna Claessen lætur sig aldrei vanta í fjórðunarmaraþon Hróksins í þágu góðs málstaðar.



Hrókliðar á Grænlandi. Róbert undirbýr kvöldverð undir vökulum augum Kristjönu G. Motzfeldt, heiðursforseta Hróksins.



Hrókurinn og Edda gáfu á sínum tíma 25.000 eintök af bókinni Góðu, Skák og mát.



Skák er skemmtileg! Frá Ittoqortoormitt, þar sem Hrókliðar halda árlega páska-skákhátíðir.




Tetra AquaArt
30 lítra fiskabúr
Tilboðsverð:
13.500 kr.
Fullt verð 17.315 kr.

20% afsláttur af öllu
sem fer ofan í búrið

gaeludýr.is

www.gaeludyr.is



Sérhæfum
okkur í **prífum**
fyrir húsfélög

Húsfélagapjónustan ehf.

Sími: 555 68 55



Taka sér stöðu í Afganistan

■ Kínverjar byggja hernaðarmannvirki á mörkum Kína og Afganistan

40%
AFSLÁTTUR
AF KING KOIL RÚMUM

KING KOIL
FRAMÚRSKARANDI
FULLKOMNUN

GÆÐI OG NÝSKÖPUN Í 120 ÁR 1898-2018

KING KOIL ALPINE PLUSH

Hágæða Amerískt heilsurúm með millistífu fimm svæða skiptu þoka gorma kerfi, mjúkur toppur og steyptr kantar, ásamt botni og fótum.

Queen

13.693 kr.

á mánuði*

Stærð Queen (153x203 cm)

AFMÆLISVERÐ
154.070 kr.

13.693 kr.* á mánuði með kredittortalani

Fullt verð 256.783 kr.

King

18.816 kr.

á mánuði*

Stærð King (193x203 cm)

AFMÆLISVERÐ
213.459 kr.

18.816 kr.* á mánuði með kredittortalani

Fullt verð 355.765 kr.

120 ÁRA
1898-2018

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Í hinu sögulega Wakhan-anddyri, sem liggur á milli Afganistan og Kína, er verið að byggja stórt hernaðarmannvirki. Fáum sögum fer af tilgangi mannvirkisins eða hver eða hverjir eru að byggja það, að minnsta kosti er fátt um svör þegar spurt er á opinberum vettvangi. Svæðið er erfitt yfirferðar og fáir búa þar en talið er að um 12.000 manns búi þar. Wakhan-anddyrið tengir Afganistan og Kína saman á mjóu svæði sem er eins og fyrr sagði erfitt yfirferðar. Það þykir liggja nokkuð ljóst fyrir að Kínverjar tengist verkefninu en þetta er í fyrsta sinn sem kínverski herinn hefur beina aðkomu að hernaðarverkefni í Afganistan. En Kínverjar þvertaka fyrir að koma nokkuð nálægt verkefninu sem og að þeir komi á nokkurn hátt nálægt hernaðarverkefnum í Afganistan. Það eina sem þeir gangast við að gera í Afganistan er að eiga öðru hverju í pólitískum viðræðum um aðgerðir gegn hryðjuverkum, annað ekki.

En South China Morning Post, sem er með höfuðstöðvar í Hong Kong, segir að heimildir blaðsins innan kínverska hersins segi að hernaðarmannvirkið sem verið er að byggja sé fjármagnað af kínverska hernum en sé í Afganistan. Auk þess segja heimildarmenn blaðsins að fyrirhugað sé að staðsetja 500 kínverska hermenn í hernaðarmannvirkinu, sem er líklegast einhvers konar herstöð, þegar það er tilbúið. En bæði afgönsk og kínversk stjórnvöld þvertaka fyrir það. Afganska sendiráðið í Kína sagði í faxi til South China Morning Post að engir kínverski hermenn myndu nokkru sinni stíga fæti á afganska jörð. En síðan segir sendiráðið að Afganar kunni vel að meta veru Kínverja og að samvinna ríkjanna tveggja og herja þeirra sé nán. Þetta er í algjörrri mótsögn við opinbera

afstöðu kínversku ríkisstjórnarinnar en talskona hennar vísaði þessu algjörlega á bug á fundi í kínverska utanríkisráðuneytinu.

Sterkur orðrómur

En sterkur orðrómur hefur lengi verið á kreiki um að Kínverjar væru að koma sér fyrir á svæðinu. Þetta hefur komið fram í fjölmiðlum og þá hafa mörg samtök, sem beina sjónum sínum að þessum hluta Mið-Asíu, heyrst af þessu. Fréttastofan Fergana News skýrði frá því fyrr á árinu að Kínverjar hefðu samið við Afgana um að fjármagna og byggja hernaðarmannvirki í Wakhan-anddyrinu. Anddyrið, svokallaða, er mjótt landsvæði sem er eina tengingin á milli Afganistan og Kína. Þetta er einhvers konar stuðpúði sem var búinn til í lok níttjándu aldar til að skilja þáverandi stórveldi svæðisins að en það voru Rússland og Breska heimsveldið. Anddyrið er 350 kílómetra langt og nær frá afganska Badakhshan-héraðinu til Xinjiang í Kína. Þetta er hálendissvæði án vega en með fjölmörg fjöll sem teygja sig allt að 5.000 metra upp fyrir sjávarmál. Fáar leiðir eru um anddyrið en þær eru þó til. Meðal annars er talið að Marco Polo hafi farið til Kína eftir einni þeirra þriggja leiða sem þekktar eru á svæðinu. Opinberlega hefur verið lokað fyrir umferð á milli ríkjanna í rúmlega 100 ár þar sem Kínverjar hafa lokað landamærum sínum en það er hin óopinbera umferð fólks sem veldur ráðamönnum í Peking ákveðnum höfuðverk og áhyggjum. Landamæri ríkjanna eru 95 kílómetra löng og liggja eins og fyrr sagði að Xinjiang-héraðinu í Kína. Þar eiga úigúrar, sem eru múslimar, heimkynni en kínversk stjórnvöld telja héraðið gróðrar-



Afgönsk börn við Wakhan-hlíðið

stíu hryðjuverkastarfsemi. Kínversk stjórnvöld telja anddyrið vera hugsanlega leið fyrir hryðjuverkamenn og vopn inn og út frá Kína.

Margar tilraunir hafa verið gerðar til að fá Kínverja til að opna landamærin þannig að þaðan væri fær leið inn í norðausturhluta Afganistan. Síðast reyndu bandarískir stjórnarereindrekar að fá Kínverja til þess fyrir níu árum. En Kínverjar hafa ekki ljáð máls á þessu. Markmið þeirra er að koma í veg fyrir alla óæskilega umferð um landamærin vegna hættu á að þar fari hryðjuverkamenn og vopn um. Kínverjar hafa veitt sem nemur um átta milljörðum íslenskra króna í hernaðaradstoð við Afganistan á undanförunum þremur árum og hafa peningarnir verið eyrnamerkir í baráttunni gegn hryðjuverkum. Kínverjar óttast að öfgasinnaðir múslimar hreiðri um sig í og við anddyrið og geti tekið upp samstarf við hryðjuverkahópa í Xinjiang. Þeir myndu síðan ógna Kína og verða miðstöð hryðjuverkastarfsemi í Kína og nærliggjandi ríkjum sem gegna mikilvægu hlutverki í Silkileiðaráætlun Kínverja en samkvæmt henni á leiðin að liggja um Tadsjikistan, Úsbekistan og Kirgistan. Það er því rökrétt að koma upp herstöð og gera þannig einhvers konar tappa í anddyrinu til að koma í veg fyrir ferðir hryðjuverkamanna. Kínverjar hafa einmitt gert það sama í Tadsjikistan undanfarin tvö ár en þar hafa þeir byggt ellefu landamærastöðvar á landamærum Tadsjikistan og Afganistan. ■


HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Pakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is

„Það hafa verið kraftaverk unnin í ferðamennsku hérlandis“

■ Björn Nygaard Kers tók þátt í uppbyggingu Hótel Rangár ■ Segir hjarta sitt vera á Íslandi
■ Íslendingar lausnamiðaðir tækifærissinnar sem frábært er að vinna með

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Íslendingar hafa staðið sig frábærlega við skipuleggja og taka á móti þessum gríðarlega fjölda ferðamanna sem leggur leið sína til landsins. Að mínu mati er þetta afrek sem á engan sinn líka í veröldinni. Það eru vissulega stór verkefni og áskoranir fram undan en ég er handviss um að Ísland verði áfram eftirsóttur ferðamannastaður,“ segir Björn Nygaard

Kers í samtali við DV. Björn kom fyrst til Íslands fyrir rúmum 15 árum þegar hann hóf uppbyggingu Hótel Rangár ásamt Friðriki Pálssyni.

Hann segir að um ævintýrlegt ferðalag hafi verið að ræða sem hafi gert það að verkum að hann elski Ísland. „Ég er fæddur í Svíþjóð, alinn upp í Bandaríkjunum, á pólska eiginkonu og hef búið víða um heim. En hjarta mitt er á Íslandi,“ segir Björn og hlær. Blaðamaður DV settist niður með honum og ræddi um farinn veg

og hvernig Íslendingar hafa staðið sig í að takast á við ferðamannabyltinguna.

Krefjandi að byggja upp lúxushótel á Íslandi

Eins og áður segir er bakgrunnur Björns fjölbreyttur. „Faðir minn var ljósmyndari, Leif-Erik Nygaard, og við fluttum frá Svíþjóð til Chicago í Bandaríkjunum þegar ég var á barnsaldri. Hann var fær í sínu fagi og á meðal annars hefur hann af því að hafa tekið síðustu ljósmyndina af Marilyn Monroe,“ segir Björn.

Björn stefndi um tíma á að feta listabrotina. „Ég fékk plötusamning sem roksöngvari um tíma og sá fyrir mér heimsfrægð. Síðan starfaði ég sem kennari og síðan fjárfesti ég í nokkrum eldisfyrirtækjum og rak þau. Að lokum rak ég lúxusveitingastað um tíma og þaðan slysaðist ég inn í hótellbransann,“ segir hann.

Sameiginlegur vinur kynnti hann fyrir Friðriki Pálssyni og verkefni hans með Hótel Rangá og Björn kolféll fyrir hugmyndinni. „Mér fannst þetta verkefni vera gríðarlega spennandi áskorun. Á þessum tíma var lítið af lúxushótelum á Íslandi, sérstaklega úti á landsbyggðinni. Þá var Ísland líka eitt dýrasta land í heimi, rétt eins og í dag, en hafði ekki hlotið þá ótrúlegu landkynningu sem átt hefur sér stað á undanföllum árum. Það var því mjög erfitt að markaðssetja hótelið og sannfæra erlenda gesti um að það væri þess virði að eyða hárrí upphæð í ferðalag til Íslands,“ segir Björn.

Liður í því hafi verið að skipta um samstarfsaðila. „Fyrst um sinn vorum við meðlimir í hótellkeðju Icelandair. Það hentaði ekki okkar rekstri og stefnu og því urðum við sammála um að ljúka því samstarfi í góðu. Hótel Rangá var lítið hótelið með háan kostnað á hverja gistingu. Við þurftum því að gera þjónustuna persónulegri og veita gestum margs konar þjónustu fyrir utan gistingu, til dæmis við að skipuleggja ferðalagið þeirra,“ segir Björn.

Lottóvinningur að ganga í Great hotels of the world

Þegar samstarfinu við Icelandair lauk fékk Hótel Rangá inngöngu inn í Great hotels of the world-samtökin sem reyndist mikið gæfuspör. „Það var mikil vinna að komast þangað inn. Ég tók að mér að sjá um að Hótel Rangá uppfyllti ströng gæðastjórnunarskilyrði samtakanna. Að lokum reyndist

„Ég hef alltaf verið heillaður af norðurljósunum og hef aldrei séð þau fallegri en hér á Íslandi“

innnganga okkar sannkallaður lottóvinningur. Þar fengum við mikla og ódýra umfjöllun sem skilaði sér í fleiri gestum,“ segir Björn. Þá hafi hann einnig séð um hönnun hótellherbergjanna ásamt Olgu Rei frá Tiffany & Co í New York.

„Þau hafa vakið mikla athygli enda afar sérstök. Mín sýn var sú að markaðssetja hótelið einnig fyrir Íslendinga þannig að þeim liði eins og þeir væru komnir til útlanda. Það gekk ágætlega þótt útlendingar hafi verið mikill meirihluti gesta,“ segir Björn.


Frumkvöðlar í markaðssetningu norðurljósanna

Þá segir hann að aðstandendur hótelsins hafi lagt mikla vinnu í að markaðssetja Ísland á fjölbreyttan hátt, til dæmis með norðurljósunum. „Ég hef alltaf verið heillaður af norðurljósunum og hef aldrei séð þau fallegri en hér á Íslandi. Ég held að orðatiltekið „glögg er gests augað“, eigi ágætlega við. Ég var agnodofta yfir þessari feegur en það var eins og Íslendingar væru svo vanir þeim að þeir gerðu sér ekki fyllilega grein fyrir verðmætunum,“ segir Björn.

Norðurljósinn hafi því skipað veigamikinn sess í markaðsstarfi Hótel Rangár. „Ég held að mér sé óhætt að fullyrða að við höfum verið frumkvöðlar í þeim efnum

Sumartilboð Sægreifans

Humarsúpa, brauð & ískaldur gull á 2.000 kr



Sægreifinn

geirsgötu 8 / s. 553 1500





LG SUPER UHD SJÓNVARP Á ÓMÓTSTÆÐILEGU TILBOÐI!



LG SUPER UHD TV

Nano Cell™ Display

Super UHD sjónvarp með Nano Cell skjátækninni gefur skýrari liti og betri mynd frá öllum sjónarhornum.

Multi HDR tækni Dolby Vision, webOS 3.5 netviðmóti Magic Remote fjarstýringu sem gerir allar stillingar einfaldari ásamt Netflix 4K hnappi.

30.000
AFSLÁTTUR

49SK7900

LG 49" SUPER UHD SMART SJÓNVARP

~~139.990 KR.~~ **TILBOÐ 109.990 KR.**

50.000
AFSLÁTTUR

55SK7900

LG 55" SUPER UHD SMART SJÓNVARP

~~179.990 KR.~~ **TILBOÐ 129.990 KR.**

60.000
AFSLÁTTUR

65SK7900

LG 65" SUPER UHD SMART SJÓNVARP

~~229.990 KR.~~ **TILBOÐ 169.990 KR.**

BETRA BORGAR SIG

Ópið virka daga 10 – 18 · Laugardaga 11 – 16



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

hérlandis. Eitt af því sem skilaði miklum ávinningi var fræg ljósmynd af ótrúlegri ljósadýrð á himnum fyrir ofan Hótel Rangá. Þegar ég sá þessa mynd þá hugsaði ég strax að hún væri milljón dollara virði. Þessi mynd skipaði stóran sess í öllu okkar markaðsstarfi og hún fór um allan heim í tengslum við samstarfið við Great hotels of the world," segir Björn.

Íslendingar lausnamiðaðir tækifærissinnar

Þrátt fyrir góða upplifun gesta og viðunandi herbergjanýtingu mátti samt lítið út af bregða. Í kjölfar efnahagshrunsins hófst síðan blómaseið í hótélrekstri og sérstaklega í kjölfar eldsumbrotanna á Fimmvörðuhálsi og Eyjafjallajökli sumarið 2010. Björn grínast með að það hafi verið eins og þessi markaðssetning hafi verið pöntuð af æðri máttarvöldum en þó efi hann að aðrar þjóðir en Íslendingar hafi gripið gæsina jafn hratt og vel.

„Mín upplifun af þeim Íslendingum sem ég hef unnið með er að þeir séu ótrúlega lausnamiðaðir tækifærissinnar. Ég meina það á mjög jákvæðan hátt og ég dáist að því hugarfari. Það hentar mínum

persónuleika mun betur en hvernig verklagið er í heimalandi mínu. Hér eru verkin drifin af, boðleiðir stuttar og síðan er tekist á við þau vandamál og áskoranir sem koma upp. Í Svíþjóð hefði farið í gang nefndarvinna og skýrslugerð í rúmt ár áður en einhvers konar ákvarðanir hefðu verið teknar. Vissulega eru stundum mistök gerð í æðibunuganginum en almennt held ég að þetta hugarfar sé mun meira til góðs en illis," segir Björn og hlær.

Hann segist sannfærður um að þessi persónuleikaeinkenni hafi reynst Íslendingum nauðsynleg til þess að lifa af við harðneskjulegar aðstæður fyrir á öldum. „Ef hval rak upp í fjöru þá varð að bregðast hratt við og drífa sig með allt tiltækt lið áður en aðrir væru komnir á vettvang. Lífsbaráttan var svo hörð að þeir sem voru ekki sifell með augun opin fyrir tækifærum urðu undir," segir Björn.

Minni sóðaskapur en áður við ferðamannaperlur

Hann segist vera fullur aðdáunar á því hvernig íslensk stjórnvöld og íslenski ferðamannaíðnaðurinn hafi tekist á við ferðamannasprengringuna. „Það hafa verið

„Ég held að orðatil-tækið „glöggt er gests augað“, eigi ágætlega við

unnin kraftaverk í ferðamennsku hérlandis. Þetta er einstakt á heimsvísu að þjóð geti á svo skömmum tíma hrundið af stað svo öflugu markaðsstarfi og byggt upp innviði til þess að taka á móti svona ótrúlegum fjölda. Hrundið, eldgosin og fótboltaævintýrið hafa hjálpað til en það er ekki sjálfsagt að það skili sér beint í fjölgun ferðamanna. Stjórnvöld og hagsmunaaðilar hafa hamrað járníð á meðan það er heitt og það ber að lofa. Vissulega hafa verið vaxtarverkir og stundum hefur kerfið verið við þolmörk en annað væri í raun óeðlilegt. Um tíma fannst mér sóðaskapur við helstu ferðamannastaði vera orðinn stórt vandamál en eins og Íslendingum er tamt var tekist á við vandamál-

Björn segist elska að vinna með Íslendingum sem hann segir vera lausnamiðaða tækifærissinna, á góðan hátt mynd:/ Hanna



ið hratt og örugglega. Ég tel mig sjá mikinn mun varðandi umgengni á tveimur árum. Að sama skapi er komin mikil þörf á fjárfestingu í vegakerfinu og ég trúir ekki öðru en að drifið verði í því," segir Björn.

Vill markaðssetja Íslendingasögurnar betur

Að hans mati verða Íslendingar að vera hugmyndaríkir við markaðssetningu landsins á næstunni og leggja áherslu á nýja áfangastaði í stað þeirra heimsfrægu. Þá verði þeir einnig að velja hvers konar ferðamennska verði í boði en ekki taka öllum fagnandi. „Suðurlandið er magnað svæði en að mínu mati er það komið að þolmörkum. Ferðamennirnir eru orðnir of margir og ef fjöldinn eykst enn frekar þá mun það skemma upplifun gestanna. Það þarf að gripa til aðgerða til þess að stýra ferðamönnum inn á aðra landshluta, til dæmis Vestfirði og Austurland. Men verða líka að átta sig á að það geta falist verðmæti og tækifæri í einhverju sem heimamenn telja ekkert merkilegt. Hríóstrug auðn getur haft mikið aðdráttarafl," segir Björn.

Þá telur hann að mikil tækifæri felist í söguarfi Íslendinga. „Íslendingasögurnar eru heimsfrægar og mér finnst of lítið gert í því að markaðssetja þær fyrir ferðamenn. Það þarf fleiri söfn og upplýsingar á slíkum söguáslóðum um allt land. Ekki síður hvernig fólk hreinlega fór að því að lifa af herna á árum áður. Það er eitthvað sem ferðamenn vilja kynna og fá upplýsingar um," segir Björn og ástríðan leynir sér ekki í röddinni.

Sinnti besta starfi í heimi í ár

Samstarfi Björns við Friðrik og Hótel Rangá lauk fyrir nokkrum árum. Við tók verkefni sem hann kallar „besta starf í heimi“ og síð-

an baráttu við erfið veikindi. „Eftir Rangárævintýrið þá fékk ég það verkefni hjá Great hotels of the world að ferðast um heiminn, gista á frábærum hótélum og gera úttekt á þeim. Það var tækifæri sem býðst aðeins einu sinni á ævinni, að fá að ferðast og njóta lífsins og skrifa skýrslu um það," segir Björn og hlær. Hann segist hafa lært mikið á ferðalaginu og það hafi gefið honum enn betri innsýn í hvaða þjónustu og upplifun ferðamenn eru að leita að.

Það varð þó bið á því að Björn gæti nýtt þá þekkingu í hótélrekstri því hann er nýlega skriðinn upp úr erfiðum veikindum. „Hótélreksturinn getur reynt mikið á og í alltof mörg ár þá vann ég myrkuranna á milli og hugsaði ekki nægilega um heilsuna. Það kom síðan að skuldadögum," segir Björn. Hann fékk nokkur hjartaáfall og fór síðan í erfiða hjartaskurðaðgerð. „Það tók tíma að ná fullri heilsu en ég setti sjálfan mig í forgang og er eins og nýsleginn túskildingur í dag. Ég er fullur starfsorku en reynslunni ríkari varðandi hvað skiptir máli. Það er mikilvægt að sinna vinnunni vel, en það sem skiptir öllu máli er vinnan og fjölskyldan," segir Björn. Hann eignaðist nýlega dóttur ásamt eigin konu sinni. Með norðurljósaáhuga hans í huga kom aðeins eitt nafn til greina: „Aurora. Það var ákveðið um leið og við vissum að vona væri á henni," segir Björn brosaní.

Hann hefur undanfarin misseri unnið sem ráðgjafi í hótélrekstri, aðallega í Póllandi, en hyggur á frekari landvinninga hér heima í tengslum við hótélrekstur. „Ég er að vinna við mjög spennandi verkefni sem snýr að lúxushóteluppbyggingu úti á landi. Ég elska að starfa með Íslendingum á Íslandi og ég vona því að þetta verkefni gangi eftir," segir Björn. ■

EIGUM MARGA LITI Á LAGER



ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI



HANNAÐ FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á mt.is og í s: 580 4500

GIMLI
FASTEIGNASALA



HLÍÐARHJALLI 66, 200 KÓPAVOGUR
37.900.000 kr.

Tegund	Fjölbýli
Stærð	98 M ²
Herbergi	2



BREIÐAVÍK 11, 112 REYKJAVÍK (GRAFARVOGI)
43.500.000 kr.

Tegund	Fjölbýli
Stærð	109 M ²
Herbergi	3



LAXATUNGA 40, 270 MOSFELLSBÆR
54.900.000 kr.

Tegund	Raðhús
Stærð	203 M ²
Herbergi	6

39.900 KR.

ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT & SUND

ENGIN BINDING

STINGDU ÞÉR TIL SUNDS Í KÓPAVOGI
Kortin fást í afgreiðslum sundlauga Kópavogs.
Salalaug · Kópavogslaug · reebokfitness.is

Reebok
FITNESS



Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn

Rád að skipta í óverðtryggt

Umræður um kjarasamninga voru áberandi í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra. Orðið „stöðugleiki“ bar á góma. Vandinn er hins vegar sá að stjórn-málamenn eiga erfðan vetur í vændum. Verkalýðsleiðtogar hafa þegar boðað blóðugar aðgerðir og telst það ekki ólíklegt á þessum tímamarki að árið 2019 verði verkfallsárið mikla. Nýjustu tölur Hagstofunnar sýna að meðallaun eru rúmar 700 þúsund krónur á meðan miðgildið er um 600 þúsund krónur. Gefur það til kynna að hæstu launin tugi upp meðaltalið. Með slíkar upplýsingar í vopnabúrinu verður erfitt fyrir þá sem hafa milljón eða meira á mánuði að sannfæra almúgann um að samþykkja nokkra þúsundkalla í launahækkun. Slíkt mun án efa leiða til verðbólgu og frekari átaka á vinnumarkaði. Fyrir húsnæðiseigendur með verðtryggt lán er kannski ráð að skipta yfir í óverðtryggt lán. Við munum öll hvað gerðist síðast.

Logi í eldhúsinu

Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, gerði sitt besta til að halda athygli landans í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra á Alþingi síðastliðið miðvikudagskvöld. Líkt og vera ber skaut hann föstum skotum á ríkisstjórnina. Fyrir þá sem voru ekki búnir að skipta um stöð vakti það athygli að Logi talaði óvenju mikið um mat í ræðu sinni. Sagði hann í einni myndlíkingu að roastbeef, graflax, lamb, rauðkál, rækjuhlaup með brúnni sósu, saman á disk, væri ekki í áhugavert í sjálfu sér. Líkti hann svo ríkisstjórnarsamstarfi Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks við rétt þar sem hrogn og súkkulaði sé uppistaðan. Taldi Logi að þessi tvö hráefni ættu ekki vel saman. Staðreyndin er að lengi hefur tíðkast að blanda saman kaviar og súkkulaði og verið rannsakað hvers vegna þessi hráefnin passa vel saman. Kannski þarf Logi að verja meiri tíma í eldhúsinu.



Það þarf að bjarga þessum konum

Leiðari

Kristján Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



DV fjallar í dag um vænda í Reykjavík. Í höfuðborginni er að finna tugi vændiskvenna af ýmsum þjóðernum. Blaðamaður DV pantaði þjónustu hjá yfir 20 konum á einni kvöldstund þar sem verð fyrir hálf-tíma var 25 þúsund en 35 þúsund fyrir klukkutíma. Konurnar voru með aðsetur víðs vegar miðsvæðis í höfuðborginni og gistu margar í leiguíbúðum í gegnum hið fræga Airbnb.

Bláamann DV fylgdust með íslenskum karlmönnum kaupa sér þjónustu þessara kvenna og könnuðu hvort mögulegt væri að kaupa vænda á kampavínsklúbbum. Það reyndist afar auðvelt. Þá leiddi rannsókn DV einnig í ljós að ætla megi að á Íslandi sé að finna fólk sem hafi tekjur af vændisstarfsemi með milligöngu um slíkt.

Menn hafa misjafna skoðun á því hvernig skilgreina eigi vænda. Sumir kaupendur líta á vænda ein-

faldlega sem hvert annað starf sem unnið er af konu af fúsum og frjálsum vilja. Aðrir telja vænda vera kynferðisofbeldi og að karlmenn séu að nýta sér neyð kvenna. Hér á landi hefur verið reynt að sporna við vænda með því að setja lög en lögregla skiptir sér lítið af þessum málaflokki. Íslendingar fetuðu í fótspor Svía árið 2009 og settu lög sem gera refsivert að kaupa þjónustu vændiskvenna. Var það nokkuð umdeilt þegar löggin voru sett en vonast var til að það myndi draga úr vænda og vændiskaupum. Þróunin hefur hins vegar verið önnur. Vænda grasserar í Reykjavík og á öðrum stöðum í heiminum og allt er hægt að kaupa fyrir peninga. Á síðustu áratugum hefur vænda sem og mansal á konum aukist og er vöxtur þess markaðar hvað mestur, næst á eftir eiturylja- og vopnamarkaðnum.

Margir karlar lifa í þeirri blekkingu að hægt sé að greina á milli þess hvaða konur eru seldar mansali og hvaða konur eru í vænda af „fúsum og frjálsum vilja“. Í umfjöllun Kvennaathvarfsins um mansal og vænda, þar sem bent er á ábyrgð þeirra sem kaupa konur, segir:

„Kona sem ber harminn utan á

sér er ekki góð söluvara og oft liggur líf og heilsa þeirra við að afla sem mestra tekna. Að sjálfu leiðir að kunninn fær þá ímynd sem hann sjálfur kys og getur sannfært sig um að hann eigi í viðskiptasambandi á jafnréttisgrundvelli.“

Fyrir mörgum árum tók leiðarhöfundur viðtal við nokkrar erlendar vændiskonur. Það var engan veginn hægt að sjá utan á konunum hvort þær stunduðu vænda af fúsum og frjálsum vilja. Reyndar tel ég að hjá öllum sem selja líkama sinn hafi eitthvað átt sér stað sem hafi hrakið viðkomandi út í þennan dimma og drungalega heim. Hvort sem það er ofbeldi í æsku, slys, fátækt, kynferðisofbeldi eða hreinlega mannrán. Já, ég segi rán á manneskju því ég ræddi við konu sem hafði farið út úr húsi sínu í Austur-Evrópu en rankað við sér á Spáni, læst inni í húsi þar sem henni var gefið dóp, nauðgað ítrekað og svo seldur aðgangur að henni. Það var engin leið að sjá það á henni. Hún trúði mér fyrir þessu þegar við hittumst daginn eftir á kaffihúsi til að ræða frekar um vændisheiminn. Hún bar það ekki utan á sér að hún seldi aðgang að líkama sínum þar

sem við sátum á móti hvort öðru. Hún hefði getað verið systir þín, vinkona eða frænka þín.

Það eru meira en tíu ár síðan ég tók þetta viðtal. Þá taldi ég að leiðin til að draga úr því að konur væru misnotaðar í þessum heimi væri að lögleiða vænda, að ríkið ræki vændishús með öryggisverði frá Securitas og peningarnir væru notaðir hjálpa konum út úr þessum heimi eða fræða þær til að forða þeim frá því að verða þar þolendur. Þetta er líklega leið sem aldrei verður að veruleika og ég ef-ast nú um að hún sé rétta leiðin þótt aðrir hafi trú á henni. Ég er ekki með hina fullkomnu lausn en ég veit að það þarf að bregðast við og sú löggjöf sem var sett fyrir næstum tíu árum er ekki að virka.

Niðurstaðan er nefnilega sláandi. Vænda grasserar í Reykjavík, í leiguíbúðum, gistiheimilum og kampavínsklúbbum sem aldrei fyrr þar sem allt er í boði. Það er hægt að borga fyrir kynlíf, endaparmsmök, munnmök, láta berja sig og jafnvel borga fyrir það að fá að berja konur. Og það gera bæði erlendir og íslenskir karlmenn. Það þarf að bjarga þessum konum. ■

ORÐIÐ Á GÖTUNNI ENGINN ÁRANGUR, ALLT STOPP

Margir undrast óvinsældir innan við eins árs gamallar ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur en aðrir benda á að einstakir ráðherrar tryggi fylgistap og óvinsældir með framgöngu sinni.

Dæmi um þetta er Svandís Svavarsdóttir sem hefur sem heilbrigðisráðherra tekist á undraskömmum tíma að fá alla upp á móti sér. Taktík hennar virðist lík því sem hún stundaði áður sem umhverfisráðherra, að tefja og þæfa mál sem eru henni ekki hugmyndafræðilega þóknanleg, svara ekki erindum og koma hlutum í bullandi ágreining.

Gott dæmi um þetta er andstaða ráðherrans við allt sem heitir einkarekstur í heilbrigðiskerfinu. Ríkið er frekar látið greiða fyrir dýrari aðgerðir í Svíþjóð en framkvæma þær í Ármúlanum hjá Klíníkinni og sjálfstætt starfandi sérfræðilæknar vita ekkert um sína stöðu þar sem Svandís vill helst ríkisvæða allt heilbrigðis-



kerfið og feta þannig slóð sem ekkert vestrænt markaðsþjóðfélag hefur valið sér.

Að auki er eitt verst geymda leyndarmálið í pólitíkinni það að Svandís er dugleg að gagnrýna for-

sætisráðherrann sinn og samherja á bak við tjöldin og er á henni að heyra að aðrir gætu valdið verkefnum Katrínar Jakobsdóttur töluvert betur.

Orðið á götunni er að ljóst sé að

vinsældir ríkisstjórnarinnar muni hrapa áfram ef einstakir ráðherrar fara að dæmi Svandísar og vinna fremur fyrir þröngan flokkskjarna en almenning. ■

Spurning vikunnar

Eiga einkaaðilar að fá að taka þátt í vegagerð?



„Nei, er þetta ekki fyrir samfélagið allt?“

Rut Sigtryggsdóttir



„Já, ekki gerir ríkið það.“

Magnús Sigurðsson



„Já, er ekki þörf á því?“

Margrét Jóhannsdóttir



„Ég er ekki búinn að kynna mér þessi mál nógu vel til að geta svarað því.“

Ísak Grant

– Frábær heimilismatur í hádeginu –



HÁDEGISMATUR ALLA VIRKA DAGA

milli kl. 11.30 og 13.30

Komið til okkar eða við sendum til ykkar

SENDUM Í FYRIRTÆKI STÓR OG SMÁ

Opið virka daga 07.30- 15.00. Laugardag 09.00-14.00



Kænan Óseyrarbraut 2 220 Hafnarfjörður. Sími 5651550. www.kaenan.is info@kaenan.is

LJÓSMYNDIR: DV/HANNA



„Mín pólitík smýst leyfa fólki bara að

Brynjar Níelsson hefur setið á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn frá árinu 2013, síðan þá hefur slitnað upp úr tveimur ríkisstjórnnum. Blaðamaður settist niður með Brynjari á skrifstofu hans við Austurvöll og ræddi við hann á persónulegu nótunum um þingveturinn sem er að hefjast og stöðuna í stjórnmalunum og samfélaginu í dag.

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Undanfarin ár hefur Brynjar verið áberandi á samfélagsmiðlum, þá sérstaklega Facebook, þar sem hann lýsir skoðunum sínum á málefnum líðandi stundar. Hefur það gert hann að einum umdeildasta manni á Íslandi í dag. Hann hikar ekki við að tjá skoðanir sínar og uppskeri ídulega bæði lof og fyrirlitningu fyrir vikið. „Ég get stundum sagt óþægilega hluti. Málið er að stjórnmalamenn eru mikið til

hættir í pólitík og hættir að þora að hafa skoðanir vegna þess að þetta er farið að snúast um að stýggja engan og helst hafa alla góða. Það er bara ekki hægt,“ segir Brynjar rólegur.

Hann telur sjálfan sig ekki vera umdeildan. „Um leið og þú hefur einhverjar skoðanir þá ertu orðinn umdeildur, jafnvel sérkennilegur. Ég held að ekkert af því eigi við, ég er þekkir mig. Ég held að fólki finnist ég tiltölulega venjulegur maður.“ Brynjar og blaðamaður DV horfa hvor á annan eitt augnablik. „Nei,

ókei, ekki alveg venjulegur maður. Ekki í klæðaburði, útliti eða svona öðrum aukaatriðum. Kannski létt sérlundaður. Ég lít alltaf út eins og ég sé full. Eins og konan mín segir, „getur þú ekki reynt að vera svolítið glaðlegur?“. Ég svara því að það eigi ekki við mig. Ég er samt ekkert sérstaklega full,“ segir Brynjar full á svipinn.

Enginn Trump

Brynjar er Reykvíkingur og hefur búið í Reykjavík alla sína ævi. Hann mikill Valsari og spilaði knattspyrnu með félaginu á árum áður, fyrir utan eitt tímabil með Fylki. Hann gekk í Hlíðaskóla og Menntaskólann við Hamrahlíð áður en hann fór í lögfræði við Háskóla Íslands. Áður en hann settist á þing var hann formaður Lögmannafélags Íslands og sjálfstætt starfandi lögmaður.

Hvað vitum við ekki um þig?

„Það sem menn vita ekki um mig er hvað ég er mjúkur maður, segi kannski ekki dúnmjúkur en allt að því, og frekar viðkvæmur. Þeir sem segja skoðun sína

virka oft eins og þeir séu harðir og töffarar. Ég er samt ekki töffari eins og menn vilja halda, það er það skrítna við mig. Ég á mjög erfitt með að sjá eitthvað sorglegt og tek gjarnan að mér þá sem eiga undir högg að sækja, jafnvel umkomulaus dýr. Ef fólk heldur að ég sé einhver Trump þá er það mikill misskilningur.“

Það má skynja viðkvæmni hjá þér þegar verið er að ræða erfitt mál, er þetta reynslan af lögmannsstörfunum sem þú ert að taka með þér inn í þingstörfin?

„Ég var auðvitað að sinna fólki sem átti mjög á brattann að sækja. Ég var að hjálpa fólki sem hafði engan. Ég rukkadi aldrei fátækt fólk í lögmannsstörfum. Ég lagði á mig að hjálpa fólki endurgjaldslaus og leit á það sem hluta af lögmannsstarfinu. Ég var oft skammaður fyrir það á minni stofu hvað ég væri mikill aumingi að rukka, en það var bara þannig, ég átti bara erfitt með að horfa aðgerðarlaus á fólk sem glímdi við erfiðleika.“

Gefur lítið fyrir Pírata og Samfylkinguna

Á samfélagsmiðlum veigrar Brynjar sér ekki við að skamma þá sem hann telur það eiga skilið. „Þegar ég læt menn heyra það, þá er um að ræða fólk sem er búið að hrauna yfir einhverja aðra með ómálefnalegum hætti. Það er fyrst og fremst stóryrt fólk sem ég er aðallega að pota í. Ég ræðst almennt ekki á fólk sem á erfitt.“

Þegar farið er gróflaga yfir skotmörk Brynjars virðist sem það séu helst Píratar og Samfylkingin sem hann hafi í sigtinu.

Fara þessir flokkar í taugarnar á þér?

„Eins ágætt fólk og það er þá finnst mér oft eins og ég sé að tala við einhverja á röngum stað í tilverunni. Píratar eru ekki að tala um neina pólitík, þeir eru bara eins og hverjir aðrir teknókratar, vilja að fá að vita hvar óskráðu reglurnar eru skráðar og eru alltaf að reyna að koma höggi á einhvern. Menn eru alltaf að ráðast á aðra stjórnmalamenn og saka um spillingu. Þau eru ekki að hugsa



um að njóta sín“

Talar tæpitungulaust Brynjar segir að þegar hann hafi stigið sín fyrstu skref í stjórnmálum hafi það verið krafa samfélagsins að stjórnmálamenn kæmu heiðarlega fram, nú fari allir á taugum þegar hann segi skoðanir sínar.

Ég segi hluti sem stjórnmálamenn vilja helst ekki segja

sárafaír með slíka reynslu. Það má nánast segja að það séu sífellt fleiri með litla sem enga reynslu af vinnumarkaði,” segir Brynjar. „Þetta á að snúast um að gera atvinnulífið öflugt og samkeppnishæft, þá er hægt að standa undir einhverri velferð. Svo getum við stjórnmálamenn deilt um forgangsroðun og réttlæti í þeim efnum.“

Halda að það séu til peningar í allt

Hin pólitíska sýn Brynjars snýst um að tryggja öflugt atvinnulíf og gefa öllum tækifæri til þess að gera það sem hugurinn segir og hentar hæfileikum hvers og eins. Brynjar segir að stjórnmálin í dag snúist frekar um að steypa alla í sama mót. „Það er alltaf verið að handsmíða líf fólks. Taka alla ábyrgð af fólki. Ríkið á að fylgja þér alveg frá vöggum til grafar. Þú átt bara rétt á því að hafa sömu stöðu og einhver annar. Pólitíkin í dag snýst um að við eigum að vera einhverjir samfélagsverkfræðingar og hanna reglur sem eiga að leiða fólk í gegnum lífið. Það er bara vandlifað að fara eftir öllum þessum reglum. Smátt og smátt verður fólk alveg ábyrgðarlaust. Það verður mjög skrítið samfélag að lokum. Mín pólitísk snýst um að skapa umhverfi þannig að hver og einn hafi tækifæri til að njóta sín, en með öryggisnet fyrir þá sem einhverja hluta vegna ná ekki að fóta sig.“

Hann telur borðleggjandi að hægt sé að hagræða víða í kerfinu og tekur menntakerfið sem dæmi. Það hefur þanist út á síðustu áratugum án þess að sérstakur árangur sé mælanlegur. Við höfum bætt við ýmsu námi, gjarnan einhverjum pólitískum vísindum eins og kynjafræði, sem er til óþurftar frekar en hitt. Við þurfum að skipuleggja nám eftir þörfum atvinnulífsins og þurfum ekki að bjóða upp á alla mögulega kúrsa, hvað þá gera þá meira og minna að skyldufögum. Við verðum að vera praktísk þegar kemur að skattfé.“

Sýn Brynjars á stjórnmál hefur oftast einu sinni stangast á við sýn samherja hans og hann hefur sjálfur haft á orði að það ætti betur við hann að vera í stjórnarandstöðu. Hann var ekki hrifinn af tilögum Framsóknarflokksins um leiðréttingu á skuldum heimilanna þegar Sjálfstæðisflokkurinn starfaði með honum, hann var ekki heldur hrifinn af jafnlaunavottuninni í tíð síðustu ríkisstjórnar. Nú er hann stjórnarþingmaður ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur, formanns flokks með stefnu sem Brynjar hefur sagt að muni drepa lýðræðissamfélagið á endanum. „Já, ef þessi sjónarmið yrðu ofan á þá yrðu þau jafn skadleg og sósíalismi annars staðar. Það er ekki þar með sagt að þetta sé ekki skynsamt og gott fólk. Mér finnst margir af þingmönnum VG mjög traustir, ég vann með Katrínu í efnahags-

og viðskiptanefnd þegar hún var í stjórnarandstöðu. Mjög glögg og klár. Ég hef þekkt Svandísi frá því í menntaskóla. Þótt maður sé ekki sammála því í pólitík þá er skynsemi í þessu fólki. Ég get líka farið á fund í Valhöll og hitt fólk sem ég er fullkomlega ósammála.“

Eins og áður segir er þetta þriðja ríkisstjórnin við völd frá því að Brynjar settist á þing.

Með hverjum er best að vinna?

„Þetta reynir ekki svo mikið á hinn almenna þingmann, meira á ráðherra og hvernig þeir vinna saman. Ég get unnið með öllum. Ef maður setur sig vel inn í málin í nefndarstörfunum þá getur maður haft heilmikil áhrif. Það er líka oft styttra á milli fólks en menn halda, nema þegar það er stór hugmyndafræðilegur munur. Slík mál eru hins vegar ekki oft á dagskrá.“

Erfiður þingvetur framundan

Brynjar sér fram á erfiðan þingvetur. „Aðaláhbyggjur mínar af þessum vetri eru að nú er komið inn í launþegahreyfingarnar fólk sem ætlar í alvöru pólitík. Það snýst ekkert um að ná hagstæðum samningum við atvinnurekendur heldur að þrýsta á stjórnvöld. Þetta er vond og hættuleg þróun, þegar menn ætla að krefja stjórnvöld og atvinnulífið um útgjöld sem er ekki innistæða fyrir. Ég óttast að menn sýni ekki nógu mikla ábyrgð.“

Var ekki hægt að kæfa óánægjuna í fæðingu með því að setja lög á kjararáð?

„Nei, það á að fara eftir þeim leikreglum sem við setjum en ekki breyta þeim afturvirkir. Ég man ekki þá tíð að ekki hafi verið almenn óánægja með launahækkun æðstu embættismanna og þingmanna. Ekki má gleyma í þessu samhengi að laun þessara hópa voru lækkuð um 10-15 prósent 2009 og síðan fryst fram til 2013 á sama tíð og aðrir fengu hækkunir. Það er því ósanngjarnt að segja að þessir hópar hafi hækkað meira í launum en aðrir og miða við 1. janúar 2013. Svo er nú komið í dag að þótt miðað sé við árið 2013 er launaþróun þingmanna sú sama og annarra því engin hækkun hefur verið frá síðasta úrskurði kjararáðs. Nú er búið að leggja kjararáð niður og engin hækkun verður því á næstunni.“

Það heyrir á Brynjar að hann vill hafa reglur í föstum skorðum. „Ég spyr fólk, finnst þér 1.100.000 krónur mikið kaup fyrir þingmann? Menn segja nei, bara þessi aðferð. Ókei, ákveðum þá bara hvað þingmenn eiga að hafa í laun, einhver tala og tengjum við einhverja launavísitölu. Þá er ekki hægt að fara að hringla endalaust í þessu.“

Drekkur aldrei einn

Brynjar tekur upp rafrettu og fær sér smök.

Nú verðum við að gera hlé á umræðum um allt annað, notar þú rafrettu?

„Já já,“ segir Brynjar rólegur. ▶



Brynjar er mikill húmoristi og sést það vel á samfélagsmiðlum. Hann byrjaði á Twitter í sumar.

um samkeppnishæfni fyrirtækja eða hvað stendur undir velferð þjóðarinnar. Þegar maður lætur hagsmunum atvinnulífsins sig varða þá er maður sakaður um að standa með sérhagsmunum. Samfylkingin og Píratar, ég veit ekki fyrir hvaða pólitík þetta fólk stendur,” segir Brynjar. „Þau grípa eitthvað sem er vinsælt og tala hátt um það. Þessi pólitík snýst alltaf bara um eitthvert upphlaup, oftast algjört bull, ekki hvað gagnast landi

og þjóð. Að því leyttinu gef ég lítið fyrir þessa flokka tvo.“

Parf reynslumeira fólk í stjórnmálin

„Ég segi hluti sem stjórnmálamenn vilja helst ekki segja. Þeir vilja ekki segja neitt sem veldur ugg eða óróa, það sé ekki pólitískt sniðugt eða heppilegt. Það er alveg rétt sem sumir segja, að maður verði að velja sína pólitísku slagi, en þegar ég byrjaði í stjórnmálum var sú krafa gerð til stjórnmálamanna að þeir segðu alltaf satt og kæmu heiðarlega fram, þótt óþægilegt kunni að vera. Svo þegar menn gera það þá fara allir á taugum. Margir vilja bara heyra þann sannleika sem hentar, engin óþægindi. Þannig er bara mannskepnan.“

Brynjar er ekki ánægður með stjórnmálaumræðuna í dag. „Mér finnst eins og menn séu tiplandi á tánum í öllum pólitískum átakamálum, þá verður bara stöðnun. Þegar stjórnmálamenn hafa takmarkaða reynslu og pólitísk hugsjón er á reiki, gerist lítið. Þá aukast sjálfkrafa völd og áhrif embættismanna, sem ekkert umboð hafa. Ég held að við stjórnmálamenn eigum að gera minna af því að gagnrýna embættismenn og líta frekar í eigin barm þegar okkur finnst eitthvað hafa farið úrskaiðis.“

Til að breyta þessu segir Brynjar að það þurfi einfaldlega öflugra og reynslumeira fólk í stjórnmálin. „Ég vil sjá fjölda fólks með þekkingu og reynslu úr atvinnulífinu, þegar lítið er yfir þingið í dag eru



„Ég hef bara verið í tryggjóinu, svo fór ég á Þjóðhátíð í Eyjum og fór í þetta,“ segir Brynjar og lítur á rafrettuna. „Þetta er bara eitthvert tóbaksbragð. Ég er reyndar meira í tryggjóinu. Ég hef oft hætt að reykja, tekið allt að tveggja ára hlé. Ég hef lítið reykst síðasta eitt og hálfu árið, nema ég reykti á haustmánuðum

2017. Svo á ég tvo syni sem hafa aldrei reykst, ég er ekki betri fyrirmynd en þetta,“ segir Brynjar og brosir.

Ferðu nógu vel með sjálfan þig?

„Nei, ég fer ekkert vel með mig. En betur en margir aðrir miðað við holdafar þjóðarinnar. Ég hugsa sæmilega um mig. Ég hef ekki alltaf

lifað heilbrigðu lífi en ég passa mig að óhollustan fari ekki úr böndunum. Ég er ekki bindindismaður. Hef alltaf sagt að ég og vín eigum vel saman. Það fylgja samt engin vandamál minni drykkju, ég drekk líka ekki mikið, hún er algjörlega bundin einhverju tilefni. Ég drekk aldrei einn og það er aldrei vín

með mat hjá mér, nema í matarboðum. En níkótíníð hefur fylgt mér lengi þótt ég láti tóbakið vera í augnablikinu.“

Það hefur verið talað um að þér bregði mjög mikið, er þetta sjúkdómur sem þú hefur?

„Þetta er ekki sjúkdómur, þetta er bara almenn taugaveiklu,“ segir hann og hlær. „Þetta er bara eitthvað í boðkerfinu, taugaboðin verða mjög hröð upp í heila, þannig að viðbrögðin verða mjög ofsafengin. Það er hægt að fá lyf við þessu en á meðan hjartað er í lagi þá er allt í lagi að mér bregði eitthvað.“

Eins og samfélagsumræðan er í dag, stór orð látin falla og þú oft í hringiðu umræðunnar, hvaða áhrif hefur þetta á heimilislífið?

„Mig grunar að þetta hafi haft einhver áhrif á strákana til að byrja með, en þeir eru það fullorðnir í dag að ég held að þeir afpláni þetta bara í rólegheitum. Sama með konuna mína. Það hefur valdið henni nokkrum óþægindum að ég sé í pólitík, en fjölskyldan stendur alltaf saman, sem er mikilvægt. Svo er ég bara skammaður heima og látinn vita þegar ég geng of langt eða þau eru einfaldlega ósammála mér.“

Hefur þú orðið fyrir aðkasti vegna skoðana þinna?

„Það eru tvö dæmi af Ölstofunni. Í bæði skiptin heyrði maður að þar voru á ferð mjög harðir femínistar, konur. Í fyrri skiptið var helli yfir mig úr glasi fyrirvara-laust. Í seinna skiptið var þess krafist að ég færi af staðnum, ég væri svo vondur maður. Ég fæ iðulega ekki svona viðbrögð þegar ég fer út á meðal fólks, margir koma og segja mér að þeir séu ósammála mér en sáttir við mig að öðru leyti. Enn fleiri koma og hrósa mér.“

”Ef fólk heldur að ég sé einhver Trump þá er það mikill misskilningur.“

EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR



- Skráningartöflur
- Eignaskiptayfirlýsingar
- Eftirfylgni



PARABAKKA 3
S. 578 6800

3 SKREF

BÓKHALDSPJÓNUSTA
LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR

Eigum að sýna mildi
Hvað finnst þér um #metoobyltinguna í vetur?

„Það er mjög gott að menn fari yfir það hvernig bæta megi samskipti fólks, tíðarandinn er auðvitað mismunandi. En eins og í öllum öðrum byltingum þá tekur ofstækið yfir, þá er hægt að hengja menn með því að segja að þeir hafi gert eitthvað fyrir 30 árum, enginn var kærður og enginn getur verið sig. Það samræmist illa reglum réttarríkisins. Þeir sem brjóta af sér eru kærðir og það fer rétta leið, þú biður ekki í mörg ár og ferð svo með það í fjölmíðla til að dæma menn og útskúfa. Það finnst mér ekki góð þróun.“

Brynjar tekur oft upp hanskan fyrir fólk sem hann telur að geti ekki verið sig í umræðunni. „Eins og með þennan leikara, skulum ekki nefna hann á nafn hér, hvernig ætli líf hans sé? Hvernig ætli honum líði? Ég þekki manninn ekki neitt, hef aldrei hitt hann, en ég tek hanskan upp fyrir þannig fólk en aðallega fyrir réttarríkið. Það er ofstækið sem er hættulegt. Við eigum að sýna mildi, kærleika og fyrirgefa. Ég er ekki að réttlæta það sem hann gerði, við eigum ▶



Gull & Silfur er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem sérhæfir sig í demöntum, trúlofunarhringum og sérsmíði fyrir viðskiptavinum sínum. Hafið samband og sérfræðingar okkar munu aðstoða þig.

Gull & Silfur

Laugavegi 52 / 101 Reykjavík / Sími 552 0620 / www.gullogsilfur.is

Simaveski.is

Líka netverslun

Símaveski,
heyrnartól, snúrur
og allt fyrir
símamann.



Simaveski.is, S. 517 0150 – Verslun í Smáralind 2 hæð sama rými og blekhyliki.is

Skynsemi í Vinstri grænum Brynjari finnst gott að vinna með þingmönnum Vinstri grænna þrátt fyrir hugmyndafræðilegan ágreining.



bara að fyrirgefa eða að minnsta kosti gefa mönnum kost á endurkomu í samfélagið. Það er eina leiðin til að lifa saman í sæmilega síðuðu samfélagi.“

Er fólk búið að missa trú á kerfinu og dómstólum?

„Menn skulu ekki halda að þetta kerfi sé fullkomið. Það er mjög eðlilegt að fólk gagnrýni niðurstöður dómstóla, ég er ekki alltaf sáttur. En öll svona aðför að dómstólum – fólk sem hefur ekki

séð gögn málsins, hefur ekki hlustað á framburði og hefur engar forsendur til að meta sönnun – það er bara hættulegt. Réttarríkið er alltaf í vörn vegna þess að kraftan er svo hörð hjá einhverjum háværum hópum, og þá er hætta á að menn gefi eftir, það er bara mannlegt eðli. Það mun á endanum eyðileggja þetta kerfi og þá mun ofstækið taka völdin með ófyrirséðum afleiðingum.“

Hefði aldrei ráðið Gústaf

Brynjar telur að á vissan hátt sé fólk ekki eins umburðarlynt í dag og áður, það sé hins vegar ekki algilt og eigi ekki við um kynhegðun hvers konar. „Mér fannst vera meira umburðarlyndi áður fyrir alls konar hegðun. Mér fannst vera meira frjálslýndi, gagnvart fólki sem var með sérkennilegar skoðanir eða hugsaði öðruvísi. Það er mín upplifun, hún þarf ekki að vera rétt. Alla sem kaupa ekki

Brynjar Nielsson
May 18 · 🌐

Rak í rogastans þegar ég mætti tveim götusópsbílum af minni gerðinni í hverfinu hjá mér á sama tíma. Minnst þess ekki að hafa séð slíka bíla árum saman. Sennilega er einhver hátið í hverfinu á næstunni. En þegar ég var í áfengismeðferðinni hjá bróður mínum á Spáni kom götusópari á hverjum degi og hreinsaði götuna hjá okkur.

Brynjar viðurkennir að stíllinn sem hann beitir á samfélagsmiðlum sé ekki allra. Hér hnýtir hann í borgaryfirvöld.

Þessi pólitík snýst alltaf bara um eitthvert upphlaup, oftast algjört bull.

stefnu, það má ekki setja þetta fólk í sama hóp. Það er gott að fá hingað útlendinga til að vinna og taka þátt í samfélaginu, skiptir engu máli hvort viðkomandi er múslimi eða ekki. Það þarf bara engan speking til að sjá að það endar illa fyrir samfélagið ef hér er stór hópur með ósamrýmanleg gildi.“

Skilur ásýndarstjórnarmál

Það er ekkert launungarmál að Brynjar hefði ekkert á móti því að verða dómismálaráðherra, en frá því að hann settist á þing hafa þrjár konur gegnt því embætti. Fyrir síðustu kosningar vék Brynjar úr fyrsta sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík suður fyrir Sigríði Á. Andersen dómismálaráðherra.

Hvað finnst þér í raun og veru um að vera ekki dómismálaráðherra?

„Ég hef nú sagt það um stjórn málin, í þessu pólitíska rétthugsunarsamfélagi í dag, að reynsla og þekking skipti í raun og veru minna máli en áferð og ásýnd. Ef það er pólitískt rétt, þá nærðu til fleiri hópa. Gott og vel, það er alveg sjónarmið, en ég er bara ósamhála því. Ég segi að ef þú hefur þingmann með reynslu og þekkingu innan þinna raða þá áttu að nota hann í ráðherrastól. Að vísu höfum við dómismálaráðherra sem hefur góða reynslu og þekkingu af málum sem heyrna undir það ráðuneyti. Krafa er að ungt fólk eigi að komast til áhrifa, konur líka. Sú krafa er mjög skiljanleg þótt ég telji að reynsla og þekking skipti meira máli.“

Brynjar getur lítið sagt um stöðu sína innan flokksins og það heyrst á honum að hann hafi litlar áhyggjur af stöðu sinni eða ríkisstjórnarinnar. Hann segir það í höndum flokksmanna hversu lengi hann verði þingmaður. „Ég á nú ekki von á því að sitja í meira en eitt kjörtímabil í viðbót. Ég er að nálgast sextugt og á kannski tíu ára starfsferil eftir. Hugsu að ég geri eitthvað annað síðustu fimm árin.“ ■

pólitíska rétthugsun hverju sinni þarf eiginlega að útskúfa. Snorri í Betel mátti ekki einu sinni vitna í Biblíuna. Það verða svo ofstækisfull viðbrögð þegar menn fylgja ekki í rétthugsuninni.“

Átti þetta við um bróður þinn, Gústaf Nielsson, þegar hann var fenginn í mannréttindaráð Reykjavíkurborgar?

„Þetta er gott dæmi um hræðsluna við rétthugsunina og skort á umburðarlyndi gagnvart skoðunum annarra, bara lýsandi dæmi. Ég hefði að vísu aldrei ráðið hann. Hann er samt ekki hættulegur maður þótt hann sé ekki eins og fólk er flest,“ segir Brynjar og brosir.

Hvaða skoðun hefur þú á múslimum?

„Ég hef ekki skoðun á trúnni sem slíkri, mér er alveg sama. En ég gagnrýni lífsgildi margra sem búa í öðrum menningarheimi en ég. Það getur hins vegar verið mikill munur á múslima í miðborg Istanbul og múslima í ríki þar sem sharíalög gilda, það er til fólk í þessum menningarheimum sem beinlínis hatar okkar lífsgildi og vill ekki taka þátt í okkar samfélagi, en er hér. Það mun skapa hættu ef slíkur hópur stækkar of mikið, sagan segir okkur það. Það mun slá í brýnu. Í umræðunni skiptir miklu máli hvernig orðunum er háttað. Hér eru sumir sem eru beinlínis með hatursorðræðu, aðrir eru bara að gagnrýna innflytjenda-

PANTAÐU Á NETINU

Castello
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR EÐAL PIZZUR
WWW.CASTELLO.IS

Dalvegi 2, 201 Kópavogi -
Dalshrauni 13, 220 Hafnarfirði

BARKING HEADS MEOWING HEADS



DÝRABÆR
- fyrir dýrin þín

Dýrabær • Smáralind • Kringlan • Krossmói Reykjanesbæ • sími 511-2022 • www.dyrabaer.is
Nú einnig á Akranesi

ÍSLENSKIR AUÐKÝFING

Frægd fylgir ekki alltaf peningum ekki frekar en að peningum fylgi frægd, á það sérstaklega við hér á landi. Það gerist þó oft og eiga margir þekktir einstaklingar nóg af peningum. DV tók saman nokkra fræga sem eru ekki á flæðiskeri staddir.

Um fjöllum um fleiri fræga er hægt að sjá á vef DV.



Gísli Hauksson

Gísli Hauksson stofnaði hið umdeilda fjármálfyrirtæki GAMMA rétt fyrir efnahagshrunið árið 2008. Fyrirtækið óx hratt á næstu árum og sérstaklega með því að koma auga á ýmis tækifæri, eins og þau sem sköpuðust á fasteignamarkaði höfuðborgarsvæðisins. Gísli hætti sem forstjóri GAMMA með hveli í mars á þessu ári. Hann hefur síðan einbeitt sér að eigin fjárfestingum og hefur sýnt að hann er klókur á því sviði.

„Gísli þefar uppi tækifæri til að græða peninga. Hann á eftir að gera eitthvað stórt,“ segir einn álitsgjafi.

Gísli Hauksson, einn stofnandi GAMMA

Agnes og Rebekka Guðmundardætur

Agnes og Rebekka eru dætur eins umsvifamesta kvótakóns landsins, Guðmundar Kristjánssonar í Brimi. Þær hafa setið í stjórn félagsins síðan í apríl 2016 og hafa því aflað sér mikilvægrar þekkingar á stjórnun fyrirtækja og fjárfestingum.

„Þetta eru flottar ungar konur með bein í nefinu. Guðmundur hefur byggt upp ótrúlegt veldi og því er aldrei að vita nema dæturnar verði föðurbetrungar og fari með himinskautum í íslensku viðskiptalífi,“ segir álitsgjafi.



Benedikt Einarsson

Benedikt er sonur Einars Sveinssonar, sem er einn af ættarlaukum Engeyjarættarinnar valdamiklu. Einar, faðir hans, hefur verið afar umsvifamikill í íslensku viðskiptalífi undanfarna áratugi og á hluta í mörgum öflugum fyrirtækjum. Þar má meðal annars nefna Kynnisferðir, Dagar (áður ISS) Borgun og Tékkland. Einar hefur eftirlátið Benedikt að stýra ýmsum veigamiklum þáttum fjölskylduveldisins.

„Hann er hámenntaður lögfræðingur en skartar einnig MBA-gráðu frá virtum skóla í Barcelona. Það og öflugur heimanundur mun gera að verkum að Benedikt verður áhrifamikill í íslensku viðskiptalífi á næstu árum,“ segir álitsgjafi.



Þorsteinn B. Friðriksson

Þorsteinn var maðurinn á bak við Plain Vanilla-ævintýrið sem var ótrúlegt í meira lagi. Leikur félagsins, Quiz up, sló í gegn meðal notenda smáforrita um allan heim. Tilboðum upp á milljarða rignði inn en Þorsteinn og félagar ákváðu að taka fyrirtækið alla leið og stóðu í stafni er verðmæti þess fuðraði upp. Eftir stendur gríðarleg þekking og reynsla sem Þorsteinn mun búa að við uppbyggingu næstu gullgæsar, Teatime Games.

„Það þarf bara einhver að löðruna Steina næst og garga á hann: Seldu Steini, seldu,“ segir álitsgjafi.



ERT ÞÚ AÐ SMÍÐA PALL ?



Pallinn upp á einfaldari hátt með jarðvegsskrúfum

ALYAK

ÞAR FRAMTÍÐARINNAR



Birgitta Líf mun taka við World Class-veldinu

Birgitta Líf Björnsdóttir

Birgitta Líf er erfingi World Class-veldisins sem er hvergi nærri falli. Hún er þegar farin að hafa afskipti af fyrirtækinu með því að sjá um markaðssetningu þess á samfélagsmiðlum. Hún hefur gott auga á þeim vettvangi enda er hún ein af vinsælli samfélagsmiðlastjórnnum landsins.

„Birgitta er afar klók og með gott auga fyrir stíl og tísku. Hún lifir fyrir hreyfingu og allt tengt heilsu. Íslendingar verða bara feitari og því þarf einhver að sjá um það vanþakkláta hlutverk að taka við árskortargreiðslum þeirra sem mæta aldrei í ræktina. Birgitta er best fallin til þess,“ segir álitsgjafi.

Baldvin Þorsteinsson

Samherjaprinsinn og fyrrverandi handboltakappinn hefur sinnt mörgum veigamiklum verkefnum innan veldis föður síns. Hann var um tíma framkvæmdastjóri Kaldbaks, fjárfestingarfélags í eigu Samherja, og var síðan forstjóri Jarðborana hf. um tveggja ára skeið á afar krefjandi tímum. Hann starfar í dag sem framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Samherja.

„Baldvin er keppnismaður fram í fingurgóma. Hann er búinn að ná sér í mikla reynslu í vernduðu hreiðri fjölskylduveldisins. Hann á eftir að spjara sig vel á eigin fótum,“ segir álitsgjafi.

Andri Gunnarsson

Bæjarstjórasonurinn í Garðabæ er umsvifamikill fjárfestir. Hann hefur setið í stjórnnum fjölda félaga og er séfræðingur þegar kemur að skattamálum og kaupum og sölu fyrirtækja. Hann er meðal annars einn af eigendum Óskabeins ehf. sem á 2,05% hlut í VÍS auk þess að eiga 10% hlut í Kortþjónustunni.

„Andri er nánast ofvirkur, fluggreindur og útsjónarsamur. Hann er með öll verkfærin til þess verða afar farsæll í íslensku viðskiptalífi,“ segir álitsgjafi.



Baldvin Þorsteinsson



Ingólfur Abraham Shahin

Eitt heitasta fyrirtæki landsins er bókunarfyrirtækið Guide to Iceland. Fyrirtækið hagnaðist um 676 milljónir króna í fyrra og greidd út 600 milljóna króna arð til hluthafa. Þá var á dögnum tilkynnt að bandaríska ráðgjafar- og eignarstýringarfyrirtækið State Street Global Advisors hafi fjárfest í fyrirtækinu fyrir 2,2 milljarða.

Ingólfur Abraham á 55,3% hlut í fyrirtækinu í gegnum félag sitt, Djengis ehf. Á dögnum fjárfesti hann í glæsilegri fasteign til eigin nota að Fjölnisvegi 11 í miðbæ Reykjavíkur.

„Bókunarævintýrið er rétt að byrja og er eiginlega alveg magnað. Ingólfur á eflaust eftir að láta til sín taka á öðrum sviðum,“ segir álitsgjafi.



Við erum flutt á Malarhöfða 2
110 Reykjavík, 2. hæð

Fataviðgerðir & fatabreytingar

SVONA BÚA HINIR RÍKU Í BORGinni



Björgólfur Thor Björgólfsson: London, Bretland

Kaupþýslumaðurinn Björgólfur Thor hefur komið víða við á sínum ferli í viðskiptum. Hann byrjaði sem skemmtistaðaeigandi í Reykjavík ásamt Skúla Mogensen, þeir ráku skemmtistaðina Hótel Borg og Tunglið. Hann hefur viðskipti í blóðinu, en hann er barnabarnabarn Thors Jensen athafnamanns, barnabarn Hallgríms Fr. Hallgrímssonar forstjóra og sonur Björgólfs Guðmundssonar, sem áður var einn áhrifamesti maður í íslensku viðskiptalífi. Björgólfur Thor, sem þekktur er sem Thor á erlendri grundu, átti og rak bruggverksmiðjur í Rússlandi ásamt föður sínum. Þeir komu síðan heim til Íslands og keyptu Landsbankann og lyfjafyrirtæki, sem í dag er Actavis.

Síðar fór hann inn í fjarskiptamarkað og átti símafyrirtæki í Búlgaríu og Íslandi. Hann varð fyrsti Íslendingurinn til að komast inn á lista Forbes yfir 500 ríkustu menn í heimi, hann féll af þeim lista í bankahruninu en er nú aftur byrjaður að klifra upp listann. Í janúar var hann í 1.116 sæti með eignir upp á rúmlega 186 milljarða króna. Hann er reyndar eini Íslendingurinn sem kemst á lista Forbes. Björgólfur Thor býr að mestu í London ásamt eiginkonu sinni Kristínu Ólafsdóttur og þremur börnum, en ættaróðal hans er við Tjörnina í Reykjavík.



Guðrún Helga Lárusdóttir og Ágúst Sigurðsson: Birkihvammur 3, Hafnarfjörður

Guðrún og Ágúst stofnuðu útgerðarfyrirtækið Stálskip í Hafnarfirði árið 1970 og ráku það í rúmlega fjörutíu ár. Árið 2014 ákváðu þau að selja frystitogara útgerðarinnar, Þór HF 4, til Rússlands og kvótann til Síldarvinnslunnar, Gjögurs og Útgerðarfélag Akureyringa. Guðrún og Ágúst áttu þá samanlagt fjörutíu prósent hlut í Stálskipum og þrjú börn þeirra fimmtán prósent hvert en eignir félagsins árið 2012 voru 3,6 milljarðar.

Fyrirtækið var þó ekki aflagt heldur var skipt um gír og fjárfest í fasteignum og rekstri innanlands. Guðrún og Lárus, sem eru komin á níræðisaldur, hafa meðal annars fjárfest í eignarhaldsfélaginu Heimavöllum GP sem hefur umsýslu fyrir leigufélagið Heimavelli. Hagnaður Heimavalla var 2,7 milljarðar árið 2017 sem var aukning um hálfan milljarð milli ára.

Guðrún og Ágúst búa í glæsilegu einbýlishúsi við Birkihvamm nálægt Hafnarfjarðarhöfn.



Hilmar Veigar Pétursson: London, Bretland

Nýverið var tölvuleikjaframleiðandinn CCP, sem gefur út geimleikinn EVE Online, seldur suðurkóreska fyrirtækinu Pearl Abyss. Kaupverðið var 46 milljarðar króna en salan hefur verið í pípunum hjá eigendum í nærri tvö ár.

Hilmar Veigar hefur verið forstjóri CCP í átján ár. Fyrirtækið var stofnað árið 1997 og gaf út borðspil sem nefndist Hættuspil. Það var þó aðeins undanfari tölvuleikjævintýrisins sem hefur síðan þá velt milljörðum króna og aðdáendur hópast til Íslands til að sækja ráðstefnur um EVE Online.

Auk þess að stýra fyrirtækinu var Hilmar sjálfur einn af stærstu hluthöfnum fyrir kaupin, og átti hann 6,5 prósent hlut. Hans hagnaður af söluhlutunum var því um þrjú milljarðar króna.

Afkoma fyrirtækisins hefur gengið í bylglum undanfarin ár. Árið 2014 tapaði það 8,7 milljörðum króna en ári síðar var hagnaðurinn 2,7 milljarðar og afgangur hefur verið í rekstrinum síðan þá.

Hilmar er kvæntur Guðrúnu Elísabetu Stefánsdóttur tölvunarfræðingi og eru þau búsett í London.



Hreggviður Jónsson: Byggðarendi 13, Reykjavík

Hreggviður er stjórnarformaður og aðaleigandi Veritas, sem á og rekur ýmis fyrirtæki. Hann starfaði hjá Cargill í Bandaríkjunum og síðar sem ráðgjafi hjá McKinsey & Company í Svíþjóð áður en hann varð fjármálastjóri og síðar forstjóri Íslenska útvarpsfélagsins og Norðurljósa þar sem hann starfaði náið með Jóni Ólafssyni vatnskóngi. Félag Hreggviðs, Veritas, seldi nýverið 12 prósent hlut sinn í Festi, rekstraraðila Krónunnar og Elko, til N1. Hagnaðurinn nam rúmlega 1,7 milljörðum króna.



Þórður Már Jóhannesson: Heimalind 24, Kópavogur

Fjárfestirinn Þórður Már Jóhannesson hefur komið víða við á viðskiptaferli sínum en hann er þekktastur fyrir að hafa verið forstjóri fjárfestingarbankans Straums-Burðaráss en var rekinn eftir tíu mánuði í starfi. Þá var hann einnig forstjóri og hluthafi í fjárfestingarfélaginu Gnúpi sem fór á hliðina í bankahruninu. Eftir hrunið dró hann sig í hlé frá viðskiptalífinu en kom svo af fullum þunga inn aftur árið 2012.

Þórður á meðal annars 6,5 prósent hlut í Festum, sem reka lágvörverslunina Krónuna og Elko. Nýlega keypti olíufélagið N1 12 prósent hlut á 1,7 milljarða króna.

Þórður hefur einnig verið eigandi í félögum á borð við Brekku Retail, leigufélaginu Heimavöllum og bílaþvottastöðinni Lindinni.

Eiginkona Þórðar er Nanna Björg Lúðvíksdóttir, fyrrverandi ritstjóri og golfari. Þau búa í glæsilegu einbýlishúsi við Heimalind í Kópavogi.



Gerid gæða- og verðsamanburð

Sofðu betur á **BODYPRINT**

vefverslun 
svfnogheilsa.is



BODYPRINT
X Reverie

Stillanlegt hjónarúm

Reverie 7S með Bodyprint heilsudýnum
Allar nánari upplýsingar á www.svfnogheilsa.is



UM FJÓRÐUNGUR

LANDSMANNA SEFUR Á HEILSUDÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup

12 mán.
VAXTALAUSAR
GREIÐSLUR

Svefn & heilsa
★★★★★

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: HúsgagnaVal - Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

Fyrir bílinn

14. september 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sværissón / agustb@dv.is



VAKA:

Þjónusta númer eitt, tvö og þrjú

Þjónusta er lykil-orðið hér og ég sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins legg áherslu á 100% þjónustu," segir Daniel Már Einarsson, framkvæmdastjóri Vöku. Fyrirtækið verður 70 ára á næsta ári og er eitt elsta fyrirtæki landsins á sviði þjónustu við bíleigendur.

Vaka veitir mjög fjölþætta þjónustu á sviði bíla og starfsmenn eru um 30 talsins. Dekkjáþjónusta er veigamikill þáttur í starfsemi. „Við seljum bæði notuð dekk og ný en erum að minnka við okkur í notuðu dekkjunum enda er verðmunurinn á notuðum dekkjum og nýjum orðinn frekar lítill. Í nýjum dekkjum erum við mest í merkinu Sailun, en þau þykja mjög vönduð, ekki síst miðað við hvað þau eru ódýr," segir Daniel.

Vaka veitir fulla þjónustu á vel búnu dekkjaverkstæðinu og er bæði hægt að panta tíma í síma 567-6700 eða koma á staðinn og þá hugsanlega biða dálitla stund. Að sjálfsgöðu eru dekkjaskipti og umfelgum í boði og er lögð mikil áhersla á góða þjónustu í dekkjaskiptunum.

Nagladekk verða orðin lögleg undir bílana frá og með 15. nóvember en margir eru núna að skipta yfir í heilsársdekk eða vetrardekk án nagla.

Vaka rekur einnig dekkjahótel þar sem bíleigendur geta geymt vetrardekk sín yfir sumarið eða sumardekk sín yfir haustið. „Þetta er afskaplega ódýr

kostur til að losna við þau óþægindi að troða dekkjunum inn í bílinn og geyma þau," segir Daniel.

Vöku uppboðið slær í gegn

Uppboðsvefurinn vaka-uppbod.is var settur í gang fyrir um tveimur mánuðum og hefur slegið í gegn. Þar er afar margt í boði, flest bílatengt en þó ekki allt. Þarna er gott úrval af notuðum bílum, dekkjum og varahlutum, en líka alls konar aðrir hlutir, til dæmis kaffivélar gámar, kranar o.fl.


„Í uppboðinu leggjum við einnig mikla

áherslu á góða þjónustu. Ef þú til dæmis kemur hingað með bíl til sölu þá þarftu ekki að spá í pappírsvinnu eða að sýna bílinn, við sjáum um þetta allt saman," segir Daniel.

Sem fyrr segir er vefurinn afar vinsæll og allt virðist seljast þar. Bæði er það vegna þess að þarna getur fólk gert hagstæð kaup en ekki síður vegna þess að mörgum þykir mjög gaman að vera á uppboði og skoða það sem í boði er.

Vefur vöku: vaka.is

Uppboðsvefurinn: vaka-uppbod.is



KVIKKFIX:


Viatti-dekkin eru bylting í vetrardekkjum

Rússarnir koma – við erum að fara að bjóða, í fyrsta skipti til almennings á Íslandi, nýja gerð af dekkjum sem eru alveg geggj-uð. Um er að ræða vetrardekk sem hönnuð eru af Ítölum og Þjóðverjum í samvinnu og framleidd í verksmiðjum í Rússlandi – sérstaklega fyrir rússneska veturinn og rússneska sveitavegi. Þetta eru virkilega agressíf vetrardekk sem henta líka sérstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður og eru á hlægilega lágu verði,” segir Hinrik Morthens hjá bílþjónustufyrirtækinu Kvikkfix. Rússnesku dekkin Viatti verða bylting á dekkjamaðnum hér á landi.

„Stóru bílaleigurnar hafa verið að nota þessi dekk undanfarið með frábærum árangri en núna er kominn tími til að bjóða almennum bíleigendum þau. Það var heildsali í Belgíu sem fékk leyfi til að selja dekkin í Evrópu og hann hefur ekki undan,” segir Hinrik.

Kvikkfix flytur inn alla sína varahluti sjálfst og tekst með þeim hætti að halda verði á þjónustunni mjög niðri. „Það er allur heimurinn undir og við flytjum inn varahluti frá ýmsum löndum. Við erum engum háðir og getum boðið frábært verð. Við þykjum vera vægast sagt sanngjarnir í verði,” segir Hinrik. Kvikkfix sérhæfir sig meðal annars í dekkjum, rafgeymum, olíu- og síuskiptum, bremsum, rúðupurrkum, pústkerfum og dempurum.

Fyrir utan góðar vörur á lágu verði býður Kvikkfix upp á toppþjónustu enda er fyrirtækið í góðu húsnæði



með fyrsta flokks búnaði og toppaðstöðu.

KvikkFix er til húsa að Hvaleyrarbraut 4-6 í Hafnarfirði. Sími er 575-1500. Bráðlega liður að þeim tíma þegar bíleigendur þurfa að hringja og panta dekkjaskipti fyrir bílinn. Þá er kjörið að prófa nýju mögnuðu Viatti-ve-trardekkin á frábæru verði.

Sjá nánar á vefsíðunni kvikkfix.is.



ARCTIC TRUCKS:

Nýja Dick Cepek-dekkið verður frumsýnt um helgina

Arctic Trucks hefur sérhæft sig í jeppabreytingum í um þriggja áratuga skeið. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru að Kletthálsi 3 þar sem rekið er breytingaverkstæði og verslun sem þjónustar jeppa- og ferðafólk. Í dag rekur Arctic Trucks starfsstöðvar á fjórum stöðum í heiminum. „Við erum sérfræðingar í jeppadekkjum og höfum verið í nánú samstarfi við Nokian um hönnun dekkja. Við hönnuðum með þeim 35 tommu alvöru vetrardekk fyrir um þremur árum og þau hafa komið gríðarlega vel út. Enn fremur hönnuðum við í sameiningu 44 tommu snjódekk, sem er eitt stærsta radial dekk í heimi og er það sérstaklega hannað fyrir snjóakstur. Arctic Trucks hefur einmitt gert prófanir á 44 tommu dekkinu við erfiðustu hugsanlegu aðstæður á suðurskautinu og Grænlandsjökli, þar sem það hefur reynst einstaklega vel,” segir Steinar Sigurðsson hjá Arctic Trucks.

Arctic Trucks er klárlega staðurinn þar sem eigendur stórra jeppa fá vetrardekkin undir jeppana sína og þjónustar fyrirtækið jafnt atvinnubíla, ferðaþjónustufyrirtæki sem og einstaklinga sem eiga stóra jeppa.

Nýtt dekk kynnt um helgina

Um helgina stendur Ferðaklúbburinn 4X4 fyrir stórra jeppasýningu í Fífunni í Kópavogi og mun Arctic Trucks kynna þar lausnir sínar fyrir ýmsar gerðir jeppa, sem og úrval jeppadekkja. Arctic Trucks er umboðsaðili fyrir hin margrómuðu Dick Cepek-jeppadekk og á sýningunni verður kynnt splunkunýtt dekk frá Dick Cepek.

„Þetta er fjórða dekkið í seríunni. Og þar sem við getum núna boðið fjögur mismunandi mynstur geta allir fundið dekk við sitt hæfi,” segir Steinar sem fékk sent eitt dekk til landsins fyrir sýninguna en dekkin fara síðan í almenna sölu um næstu mánaðamót.

Sjá nánar um Arctic Trucks á vefsíðunni arctictrucks.is. Einnig eru veittar upplýsingar í síma 540-4900 og heimilisfangið er sem fyrr segir Kletthálsi 3. Þar er opið virka daga frá kl. 8 til 18.



HUGAÐU AÐ VETRINUM:

Veldu finnsku gæðadekkin frá Nokian hjá MAX1

Nú er mikilvægt að fara að huga að vetrinum tímanlega og forðast örtröð í dekkjaskiptum. Við hjá MAX1 bjóðum finnsku gæðadekkin frá Nokian sem eru sérhönnuð fyrir notkun á norðlægum slóðum í mörgum verðflokkum. MAX1 leggur áherslu á að veita viðskiptavininum ráðgjöf við val á dekkjum því dekk eru flókin vara og mismunandi hvað hentar hverjum og einum. Skoðaðu úrvalið á vefsíðu okkar <https://www.max1.is>."

Vertu ábyrgur ökumaður því öku-tæki á lélegum dekkjum er líklegri til umferðaóhappa

„Vanmat ökumanna á ástandi dekkja getur verið stórvarasamt. Við sjáum því miður alltof oft að viðskiptavinir koma með dekk á haustin til þess að skipta fyrir veturinn og þá kemur í ljós að mynstur dekkjanna er komið undir slitmörk til þess að flokkast sem gagnleg vetrardekk. Nokian-dekkin eru með svokallaðar DSI-merkingar á öllum sínum dekkjum sem segja til um hversu mikið er eftir af dekkinu til þess að uppfylla öryggi þess. Eins

ráðleggjum við viðskiptavinum að fylgjast með loftþrýstingi í dekkjunum reglulega því það eykur öryggi og endingu. Einnig er gott að víxla dekkjunum á milli fram og aftur til þess að jafna slit dekkjanna,” segir Sigurjón Árni Ólafsson, framkvæmdarstjóri MAX1.

Þú getur treyst Nokian gæðadekkjunum

„Nokian-dekk hafa ávallt komið gífurlega vel út í könnunum og eiga sigurvegara í öllum flokkum. Lögð er áhersla á að valin séu gæðadekk undir bílinn því dekk eru mikilvægt öryggistæki. Það er mikilvægt að geta treyst eiginleikum dekkja í krefjandi aðstæðum. Nokian-dekk eru prófuð á 700 hektara fullkomnu prófunarsvæði Nokian í Finnlandi. Á svæðinu eru um 50 mismunandi brautir þar sem þeir prófa og sannreyna Nokian-dekk á mismunandi undirlagi í afar erfiðum og krefjandi vetraraðstæðum. Framleiðandi Nokian er leiðandi í vishæfni og notkun vistvænna efna við framleiðslu Nokian gæðadekkja,” segir Sigurjón.

Hvað er rétta vetrardekkið?

Hjá Nokian getur þú valið um negld dekk, harðkorna vetrardekk sem og vetrardekk sem henta allt árið. Þegar kemur að vali á réttum dekkjum er gott að velta því fyrir sér hvernig dekk henta hverjum og einum. Þegar kemur að vetraröryggi kemur ekkert í stað nagladekkja, næst þar á eftir koma harðkornadekk síðan almenn vetrardekk og síðast í röðinni eru vetrardekk sem henta vel sem heilsársdekk. Best er að leita ráða hjá ráðgjöfum Nokian hjá MAX1 Bilavaktinni.

Aramíð hliðarstyrking bjargar mannlífum

Nokian Tyres Aramid hliðarstyrking er ný tækni sem eykur endingu dekkja og verndar þau í óvæntum aðstæðum. Efnasamband hliðanna er einstaklega endingargott og inniheldur gríðarsterkar aramíðtrefjar, sem eru sambærilegar efninu kevlar sem er notað í skotheld vesti. Aramíðtrefjarnar styrkja hliðarveggi dekkisins þannig að það þolir betur utanaðkomandi álag eins og holur í vegum. Nokian Aramid hliðarstyrk-

ing er í dekkjum fyrir jeppa, jepplinga og 4x4 bíla. Nokian Aramid hliðarstyrking er í eftirfarandi dekkjum frá Nokian: Nokian WR SUV 4, Nokian WR SUV 3, Nokian WR C3, Nokian Hakkapeliitta R3 SUV, Nokian Hakkapeliitta LT2, Nokian Rotiiva AT, Nokian Rotiiva AT Plus, Nokian Hakkapeliitta 8 SUV og Nokian Hakkapeliitta 9 SUV.

Nokian tryggir dekk með aramíð hliðarstyrkingu


Reynsla Nokian af aramíð hliðarstyrkingunni er gríðarlega góð og svo góð að Nokian ábyrgist öll dekk með aramíð hliðarstyrkingu. Dekk er bætt að fullu ef það hoggið á eðlilegan hátt og slittalan 4 er sýnileg á dekki og dekkið er ekki eldra en 24 mánaða frá kaupdegi. Nánari upplýsingar fást hjá söluráðgjöfum MAX1.



Nokian Hakkapeliitta R3 er harðkorna vetrardekk þar sem öryggi og þægindi blandast fullkomlega saman. Dekkið er byggt upp af Arctic Sense Grip hugmyndafræðinni þar sem áhersla er lögð á stöðugleika, nákvæmni og áhyggjulausan akstur í vetrarfærð.



Reynsla Nokian af Aramid hliðarstyrkingunni er gríðarlega góð og svo góð að Nokian tryggir öll dekk með Aramid hliðarstyrkingu



Hliðar á Nokian dekkjum eru sérstyrktar með aramíð gúmiblöndu. Gúmiblandan sem notuð er til að styrkja hliðarnar er úr aramíð sem er flokkur hitaþolinn og sterkra gervitrefja. Þetta efni er, m.a. notað í flugvélar, báta og skotheld vesti.



Nokian Hakkapeliitta 9 SUV er framúrskarandi vetrar- og nagladekk með Aramid hliðarstyrkingu. Dekk sem aðlagar sig að öllum vetraraðstæðum norðlægra slóða.



SKORRI EHF. SELUR TUDOR-RAFGEYMA:

Traust fagmennska í 40 ár

Sérstaða Skorra felst í því að við höfum haldið okkur við það að selja sænsku Tudor-rafgeymana í 40 ár. Það hefur verið okkur og bileigendum til gæfu að við höfum haldið okkur við þetta sérsvið og ræktað það," segir Lárus Björnsson, rekstrarstjóri hjá fyrirtækinu Skorra ehf. sem var stofnað árið 1978.

Tudor-rafgeymar eru rómaðir fyrir gæði og passa í allar gerðir bíla, en einnig í vinnuvélar, mótórhjól, skip og öll fristundatæki sem notuð eru á sumrin. Skorri sinnir öllum slíkum þörfum.

„Flestir nýir bílar, sem ekki eru rafbílar eða hybrid, eru með svokallað stopp-start kerfi þar sem billinn drepur á sér þegar hann er stöðvaður og ræsir aftur þegar stigið er á bensingjöfina, en þetta bæði sparar eldsneyti og er umhverfisvænt. Það þarf sérstaka rafgeyma í þessa bíla, sem Tudor-framleiðir," segir Lárus.

Hraðþjónusta með endurgjaldslausri bilanagreiningu

Að sögn Lárúsar endist rafgeymir í venjulegum fjölskyldubíl í fjögur til sex ár. „Þegar kólnar á haustin þá reynir meira á rafgeymana. Vélin verður þyngri í starti, ég tala nú ekki um eftir næturfröst. Þá kemur oft í ljós að rafgeymirinn er orðinn lélegur þó að hann hafi dugað yfir sumarið. Við rekum hraðþjónustu hér þannig að þú getur mætt með bilinn án þess að pantatíma og látið okkur mæla endurgjaldslaust. Við höfum mjög góð tæki til bilanagreininga og ef eitthvað annað amar að en rafgeymirinn getum við vísað á verkstæði sem við erum í samstarfi við.“

Það eru eingöngu þjálfaðir fagmenn sem vinna hjá Skorra og þeir tryggja að bileigendur geta ávallt treyst á þjónustu þeirra þegar kemur að rafgeymum. Sem betur fer er þetta ekki dýr fjárfesting. Rafgeymir í venjulegan fjölskyldubíl kostar á bilinu 13 til 20 þúsund krónur og í flestum tilvikum er ísetningin ódýr því hún



tekur stuttan tíma.

Skorri er með yfir 150 stærðir af rafgeymum á lager til að tryggja að ávallt sé til rafgeymir í það tæki sem um ræðir hverju sinni. Kappkostað er að hafa ávallt ferska og góða rafgeyma á lager því hillulíf þeirra

er takmarkað. Þess vegna eru pantaðir rafgeymar til landsins tvisvar í mánuði.

„Einnig seljum við hleðslutæki sem líka eru vaktarar og mega vera stöðugt í sambandi yfir hinn langa vetur á Íslandi en það getur reynst vel fyrir

bíla og tæki sem ekki eru í notkun á veturna.“

Skorri er til húsa að Bildshöfða 12 og símanúmer er 577-1515. Allar nánari upplýsingar eru á nýrri og endurbættri vefsíðu skorri.is.

Myndir/Hanna



DEKKJASALAN:

Sérfræðingar í felgum

Felga sem lítur vel út uppi á vegg eða á mynd getur alls ekki passað við hvaða bíl sem er. Þegar velja á felgur á bíla þá reynum við að finna einhverja samsvarandi lögun á bílnum og felgunum, til dæmis í speglum, ljósum eða lit bílsins,” segir Valdimar Sigurjónsson, eigandi Dekkjásölnunnar, Dalshrauni 16 í Hafnarfirði.

Felgur eru afar mikilvægar fyrir útlit bílsins og það getur verið gaman að finna réttu felgurnar. „Sumir segja að felgurnar séu 90% af útliti bílsins, en eitt er víst að ef felgurnar eru ljótar eða illa farnar þá skiptir engu máli hvað þú gerir fyrir bílinn, hversu vel þú bónar hann til dæmis,” segir Valdimar.

Hann bendir einnig á að Dekkjásalan sé með ýmiss konar þjónustu og aukahluti sem varða felgur. „Við pólýhúðum felgur og lánnum dekk og felgur á meðan þannig að bíllinn stoppar ekkert. Hér erum við með felguréttingarþétt og vél til að demantsskera framhliðar á felgum sem hafa skemmst og rispast. Við eigum felgubolta og rær fyrir flestar gerðir bíla, hér eru til miðjuhringir og „spacers“ til að allt passi fyrir hvern bíl. Einnig eigum við loftþrýstiskynjara og getum forritað þá inn í alla bíla.”

Viðskiptavinur sem staddur var á staðnum hafði á orði hversu gott úrval væri af felgum og sagðist vera afar sáttur við þá fjölbreyttu valmöguleika sem væru í boði, hann minntist einnig á hversu mikilvægt það væri fyrir bileigendur að geta leyst allt á einum stað, bæði hvað varðar aukahluti sem haldast í hendur við felguskipti og úrval af gæðadekkjum á góðu verði.

„Við erum með fjölbreytt úrval af dekkjum, enda er mjög misjafnt hvað hentar aðstæðum hvers og eins,” segir Valdimar „Vinsælustu dekkinn hjá okkur eru Hankook. Það eru dekk sem kröfuharðir bileigendur vilja, enda eru þau á toppnum í öllum virtum gæðaprófunum ásamt því að verðið er afar hagstætt, sérstaklega þegar tillit er tekið til gæða og endingar.”



„Bæði hausttörnir og vortörnir í dekkjaskiptum byrja fyrir hér á Dekkjásölnni en á öðrum dekkjaverkstæðum,” segir Valdimar. „Ástæða þess er að margir vilja eiga tvo ganga af dekkjum og felgum fyrir sumar og vetur. Þessi hópur er fyrir á ferðinni til að gera allt klárt. Við bjóðum fólki upp á að geyma dekkinn og felgurnar á dekkjahótelinu hjá okkur og smella þeim undir þegar rétti tíminn kemur. Einnig bjóðum við þeim sem geyma dekk á hotelinu upp á timapantanir til að losna við biðraðirnar.”

Dekkjásalan kappkostar að veita toppþjónustu. Allar felgur og dekk eru skráð með myndum, verði og lýsingu á heimasíðu fyrirtækisins, dekkjasalan.is. Símanúmerið hjá Dekkjásölnni er 587-3757. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið dekkjasalan@dekkjasalan.is.



JEPPASMIÐJAN LJÓNSSTÖÐUM:

Þjónusta og varahlutir í miklu úrvali



Bræðurnir Ólafur og Tyrfingur Leóssynir stofnuðu Jeppasmiðjuna árið 1990. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í viðgerðum á sjálfskiptingum og jeppum og varahlutasölu. Fyrir tveimur árum veiktist Ólafur úr krabbameini og þá var starfseminni skipt upp þannig að varahlutainnflutningur og varahlutasala er undir merkjum Jeppasmiðjunnar en viðgerðarþjónustan er rekin af öðrum eigendum undir nafninu Ljónsstaðir.

Ólafur lést í sumar og var öllum harmdauði sem til hans þekktu.

Heimilisfangið er Ljónsstaðir sem eru rétt fyrir utan Selfoss en í vissum skilningi þjónar fyrirtækið öllu landinu. „Við seljum varahluti til verkstæða og almennings um allt land og héðan fara daglega margir pakkar með póstinum og flutningabilum hvert á land sem er. Auk þess fara sendibílar með vörur frá okkur þrjár ferðir á dag til Reykjavíkur,“ segir Tyrfingur Leósson.

Í varahlutainnflutningnum er mikil áhersla lögð á varahluti í bíla sem eru á Bandaríkjamarkaði. „Þar má nefna Ford, Dodge, Chevrolet, Jeep og svo bandarískar gerðir af Toyota, Mazda, Hyundai, Kia, Subaru o.fl.“ segir Tyrfingur.

Ávallt er mikið til af varahlutum á lager en Jeppasmiðjan pantar aðra varahluti sem vantar hverju sinni jafnóðum og fær tvær sendingar í viku frá Bandaríkjunum. Einnig er Jeppasmiðjan með oliur, frostlög, rúðuvökva og rafgeyma í margar gerðir bíla.

Sem fyrr segir voru viðgerðir á sjálfskiptingum og almennar jeppaviðgerðir helstu sérsvið Jeppasmiðjunnar en einnig hefur fyrirtækið komið mikið að bílabreytingum í gegnum árin. „Við höfum smíðað mjög mikið fyrir þessi fyrirtæki sem eru í breytingum á bílum og þessir breyttu bílar hjá ferðarþjónustufyrirtækjunum eru til dæmis flestir með einhverja



hluti sem við höfum smíðað,“ segir Tyrfingur. „En nú hefur verkstæðið Ljónsstaðir, sem er í eigu fimm af okkar fyrrverandi starfsmönnum,

yfirtekið þann lið starfseminnar.“

Sem fyrr segir er Jeppasmiðjan til húsa að Ljónsstöðum, skammt fyrir utan Selfoss.

Símanúmer er 480-0120 en nánari upplýsingar eru á vefsíðunni jepp.is.



SMUR OG DEKK:

Dekkjáþjónusta, almennar viðgerðir og dráttarbílaþjónusta

Hér eru margar brekkur og fjöll og því eru um 85% ökumanna hér á negldum dekkjum yfir veturinn. Það fer eftir tíðarfari hvenær vertíðin hefst en ef það byrjar að snjóa fyrir lok september þá er ljóst að fólk biður ekki með að fara á nagladekkin," segir Páll Heiðar Hauksson, eigandi verkstæðisins Smur og dekk, Aðalstræti 3, Patreksfirði.

Páll er meistara-lærður bifvélavirki og hefur rekið verkstæðið í 17 ár. Auk hans eru þar tveir starfsmenn. „Núna fara vetrarverðlistarnir úr Reykjavík að detta inn og fólk fer að hafa samband og panta sér tíma. Við seljum aðallega dekk frá Sólningu og Bilabúð Benna og bjóðum að sjálfsgöðu líka upp á umfelgun," segir Páll.

Verkstæði hans þjónustar sunnanverða Vestfirði og segir Páll að það sé mikið að gera allt árið. „Mest er að gera á sumrin þegar túristarnir bætast við. Það róast örlítið í september og þá höfum við tíma til að taka til. Svo byrjar dekkjavertíðin."

Smur og dekk sinnir öllum almennum bilaviðgerðum og þjónustar allt frá sláttuvélum og upp í vörubíla, að minnsta kosti hvað snertir minniháttar viðhald. Góður lager varahluta er til staðar, til dæmis olíusiur og bremsuklossar, en síðan er pantað eftir þörfum og er biðtími stuttur.

„Það er ekki löng bið hér eftir viðgerð en ég reyni að forgangsraða eftir þörfum viðskiptavina," segir Páll. Verkstæðið er vel búíð tækjum og er til dæmis með aflestrartölvur og bilanagreiningatölvur.

Fyrir utan viðgerðir og dekkjaþjónustu hjálpar Smur og dekk vegfarendum sem festast í snjónum í vetur en fyrirtækið er með dráttar-



Smur og dekk þjónar háum og lágum; fyrir tveimur árum þurfti forsetabíllinn aðstoð.

bílaþjónustu og hefur auk þess til reiðu 37 tommu jeppa með spili. „Tryggingafélög og FÍB leita til okkar

þegar fólk festir bílana sína hér fyrir vestan," segir Páll. Nánari upplýsingar fást í síma

456-1144 eða í gegnum netfangið palli@patro.is.

BÍLAHÖLLIN-BÍLARYÐVÖRN:

Hágæða Dinitrol-ryðvarnarefni og fagmennska við ryðvörn




Bilaryðvörn er staðsett á Bildshöfða 5

Ein algengasta athugasemdin við söluskoðun á notuðum bílum er sú að undirvagninn sé farinn að ryðga. Þetta dregur mjög úr endursöluverði bílanna. Fagmannleg og regluleg ryðvörn er mikilvæg fyrir endingu bílsins en haustin eru sá árstími þegar flestir láta ryðverja bílinn sinn.

„Við erum með mikla seltu og sérstakar aðstæður á götum hér yfir vetrartímum, sem verja þarf bílinn fyrir,” segir Baldur Jónsson hjá Bilahöllinni-Bilaryðvörn þar sem fara saman mikil þekking á ryðvörn og bestu fáanlegu ryðvarnarefni.

„Við notum hágæða ryðvarnarefni sem heitir Dinitrol. Til að ryðverja undirvagn þarf þrjár til fjórar gerðir af efnum eftir því hvar er borið á. Inn í öll lokuð hölf fer til dæmis fituvaxefni sem er alltaf lifandi. Það þýðir hins vegar lítið að setja slíkt efni undir botninn þar sem mesta álagið er því það skolest of fljótt í burtu; þar þarf að vinna með sterkara efni sem helst á, þekur botninn í heild sinni og veitir líka hljóðeinangrun,” segir Baldur.

Að meðaltali þarf að ryðverja bíl á þriggja ára fresti og flestir koma með bílinn á haustin til að gera hann kláran fyrir veturinn. Þetta er því ekki mikil fjárfesting yfir líftíma bílsins en það kostar rúmar 40.000 krónur að ryðverja meðalfjölskyldubíl. „Best er að koma með bílinn áður en hann byrjar að ryðga en það er líka hægt að vinna með bíla sem eru byrjaðir að ryðga. Billinn er háþrýstipveginn og hreinsaður þannig að engin selta sé undir honum; síðan er hann hitablásinn. Sérstökum efnum sem stoppa ryð er sprautað á svæðin sem byrjuð eru að ryðga og svo eru sterkari efni sett yfir þau til að verja þau,” segir Baldur.




Fituvaxefni eru sett í öll holurúm og bita



Hreinn undirvagn og réttu efni

Fagmennsku þarf til að veita réttu ryðvörnina og Baldur leggur áherslu á að þetta snúist ekki um að gluða bara einhverri ryðvörn á bílinn. Þess er gætt að undirvagninn sé alveg hreinn og síðan þarf að beita mismunandi gerðum af ryðvarnarefni á mismunandi stöðum bílsins. Undir hágæðalínunni Dinitrol er að finna allar gerðir af efnum sem þarf að nota og hafa starfsmenn Bilaryðvornar mikla reynslu og þekkingu á þeim.

Jón Ragnarsson stofnaði Bilaryðvörn og starfar í fyrirtækinu ásamt sonum sínum tveimur, Baldri og Rúnari. Fyrirtækið er rekið á sama stað og bílasalan Bilahöllin, að Bildshöfða 5. Símanúmer er 587-1390. Einnig er hægt að koma með bílinn að Bildshöfða 5 og láta ástandsmeta hann. Starfsmenn meta þá hvort billinn þarf á ryðvörn að halda fyrir veturinn.



Allir bílar eru gufupvegirnir og þurrkaðir í hitablæstri

Ertu undirbúinn fyrir kuldann?



Webasto bílahitarar í flestar gerðir bíla

Verð frá 255.500,-* með ísetningu

*Verð án stýringa

Úrval stýringa fyrir Webasto bílahitara

MultiControl
Kr. 16.550,-



T91 - On/Off
Kr. 39.900,-



T100
Kr. 47.880,-



ThermoCall TC4
Kr. 47.880,-



Öll verð með VSK og ísetningu.

LTH BÍLASMIÐURINN hf.

Bíldshöfða 16 | Sími 567 2330 | www.bilasmidurinn.is



Ingibjörg Pálmadóttir og Jón Ásgeir Jóhannsson: Sóleyjargata 11, Reykjavík

Kaupskýslukonan Ingibjörg Pálmadóttir á stærkar rætur í miðbæ Reykjavíkur en hún er þekkt fyrir aðkomu sína að vörumerkinu 101, þar á meðal 101 Hótel. Hún er hönnuður að mennt og hefur verið eiginmanni sínum, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, innan handar þegar kemur að kaupum á eignum í tísku- og fataheiminum.

Þau hjónin voru mjög áberandi í íslensku viðskiptalífi fyrir hrún og segja má að góðærið hafi náð hámarki sínu þegar þau létu þússa sig saman árið 2007, kallaði Séð og Heyrt það „brúðkaup aldarinnar“. Í dag er hún aðaleigandi Fréttablaðsins. Þau hjónin eiga saman sex börn.



Kristján Loftsson: Laugarásvegur 19, Reykjavík

Kristján er einn óvinsælasti Íslendingurinn á erlendri grundu, þá sérstaklega meðal þeirra sem er ann t um hvali. Sem eigandi og forstjóri Hvals hefur hann í áratugi talað fyrir sjálfbærum hvalveiðum, alþjóðlegum dýraverndarsinum til mikillar óánægju, en Kristján hefur eldað grátt silfur við samtök á borð við Greenpeace allt frá áttunda áratug síðustu aldar.

Kristján hefur verið umsvifamikill í íslensku viðskiptalífi, í vor seldi hann eign sína í HB Granda fyrir nærri 22 milljarða króna. Samkvæmt Tekjublaðinu er hann launahæsti einstaklingurinn í sjávarútvegi og landbúnaði með 4,7 milljónir króna í mánaðarlaun. Hann býr ásamt eiginkonu sinni í stórglæsilegu einbýlishúsi í Laugarnesinu.



Lilja Pálmadóttir og Baltasar Kormákur: Miðstræti 7, Reykjavík

Lilja Sigurlína er yngsta dóttir Pálma Jónssonar, sem stofnaði Hagkaup árið 1959 og lést árið 1991. Arfurinn var drjúgur og hafa systkinin fjárfest í Högum og öðrum félögum. Til að mynda átti Lilja 0,33 prósent hlut í Högum árið 2016.

Árið 2001 gekk Lilja að eiga leikarann Baltasar Kormák Baltasarsson en hann hefur síðan haslað sér völlu sem leikstjóri, bæði á Íslandi og í Hollywood. Meðal þeirra kvikmynda og þáttaraða sem hann hefur stýrt eru Hafíð, Mýrin, Contraband og Ófærð. Myndirnar hafa verið vinsælar og þær amerísku skilað milljörðum í kassann.

Árið 2013 voru eignir Lilju og Baltasars metnar á þrjú milljarða króna. Hjónin hafa lengi búið í gömlu og glæsilegu bárujárnshúsi við Miðstræti 7 í miðbæ Reykjavíkur.

Þau eru einnig ábúendur á Hofi í Skagafirði, sem er nýmóðins glæsihýsi sem hefur verið verðlaunað af erlendum arkitektasamtökum.

Pálmi, faðir Lilju, var frá þorpinu Hofsósi og var hún Lilja á meðal þeirra sem gáfu staðnum nýstárlega sundlaug sem hefur eftt komu ferðamanna þangað.



RÁIN

FERSK OG FALLEG
ÞJÓNUSTAR
ÞIG Í MAT OG
DRYKK

Hafnargata 19a
Keflavík
S. 421 4601



SEGÐU NEI VIÐ PLASTI

- Brotnar niður á nokkrum vikum
- Umhverfisvænn
- Slitsterkur



Plastlaus september
Prófaðu umhverfisvæna ruslapokann

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ



Sjáðu úrvalið
á goddi.is

**MARGAR
GERÐIR**

Sauna- og gistitunnur ásamt viðarkyntum pottum



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



Kári Stefánsson: Fagraping 5, Kópavogur

Kári er forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar og hefur verið frá stofnun árið 1996. Hann er læknir og starfaði áður sem prófessor í taugalækningum, taugameinafræði og taugalíffræði við Harvard-háskólann í Boston og sinnti sjúklingum við Beth Israel-sjúkrahúsið þar í borg.

Undanfarið hefur hann tekið þátt í pólitískri umræðu með beittum skrifum um bæði forsætisráðherra og borgarfulltrúa. Árið 2016 hrinti Kári af stað undirskriftasöfnuninni Endurreisum heilbrigðiskerfið og safnaði 85 þúsund undirskriftum um að ríkið verði 11 prósentum af vergri landsframleiðslu í heilbrigðismál. Þó svo að Kári hafi efnast mikið á undanförunum árum sem forstjóri og byggt glæsihýsi í Kópavogi hikar hann ekki við að standa á sínu. Stóð hann lengi í deilum við hina ýmsu verktaka sem unnu að smíði hússins.




Gunnar Nelson: Kleifarvegur 6, Reykjavík

Bardagakappinn Gunnar Nelson hóf ferilinn í karate þrettán ára gamall og vann fjölmarga Íslandsmeistararitla. Sautján ára sagði hann skilið við karate og hóf að keppa í brasilísku jiu jitsu og glímu. Eftir það lá leiðin í blandaðar bardagalistir, MMA.

Gunnar var einn af þeim sem komu að stofnun bardagafélagsins Mjölnis árið 2005 en til að byrja með voru þetta aðeins nokkrir strákar að leika sér í æfingasal karatefélagsins Þórshamars. Vöxturinn hefur hins vegar verið ævintýrlegur síðan þá og félagið sífellt sprengt utan af sér húsnæði. Nú er félagið til húsa í Öskjuhlíðinni og iðkendur eru um 1.600 talsins.

Helsta ástæða fyrir þessum vexti eru almennar vinsældir blandaðra bardagalista og ekki síður árangur Gunnars á atvinnumannamótum og tengsl félagsins við heimsmeistarann írsku, Conor McGregor.

Faðir Gunnars, Haraldur Dean, hefur starfað sem framkvæmdastjóri Mjölnis og byggt félagið upp með Gunnari og félögum. Gunnar sjálfur er stjórnarformaður og á 27 prósentu hlut í félaginu. Hann býr við Kleifarvegur í Laugardalnum.



Vatnsstígur 22, efsta hæð. Róbert Wessman

Róbert Wessman: Vatnsstígur 22, Reykjavík

Róbert Wessman er stofnandi og forstjóri lyfjafyrirtækisins Alvogen. Hann þekkir vel til í þeim geira en áður var hann forstjóri Actavis, frá aldamótum til 2008. Hann stofnaði svo Alvogen árið 2009 og hefur fyrirtækið stækkað frá því að vera lítið fyrirtæki í Bandaríkjunum í að vera alþjóðlegt fyrirtæki með starfsemi í 35 löndum með höfuðstöðvar í Vatnsmýrinni í Reykjavík.


Forstjórallífið er ljúft og Wessman þarf ekki að ganga í Dressman, en samkvæmt Tekjublaðinu í fyrra var hann með 320 milljónir í laun eða 26 milljónir á mánuði. Það hefur gert honum kleift að gera vel við sig en hann á dýrustu íbúð sem Íslendingur hefur átt, 373 fermetra íbúð í New York með útsýni yfir Central Park. Síðustu jólum eyddi hann á Barbados. Róbert er mikið í fréttum, nú síðast þegar hann trúlofaðist Kseniu Shakhmanovu í miðju eldfjalli. Þegar Róbert er á Íslandi býr hann í glæsilegri íbúð við Vatnsstíg í Skuggahverfinu.



Hafþór Júlíus Björnsson: Austurkór 117, Kópavogur

Hafþóri hefur gengið flest í haginn í Jötunheimum og hefur fest sig í sessi sem einn þekktasti aflraunamaður heims. Hann tryggði sér titilinn sterkasti maður Evrópu í apríl í fyrra en varð að gera sér silfrið að góðu í keppninni um nafnbótina Sterkasti maður heims. Hafþór hefur tekið að sér fjölmörg hlutverk í auglýsingum en hann er frægastur fyrir hlutverk sitt í þáttunum vinsælu Game of Thrones.

Kraftajötuninn Hafþór Júlíus hefur verið mikið í fréttum, hefur hann verið sakaður um heimilisofbeldi en því hefur hann neitað staðfastlega. Hann hikar ekki við að eyða peningum í ástvini sína, til að mynda gaf hann kærustu sinni glænýjan Range Rover-jeppa, en þeir kosta dágóðan skilding.



MASA
INTERNATIONAL

VILTU KAUPA FASTEIGN
Á SPÁNI?

MASA INTERNATIONAL BÝÐUR
ÞÉR Í SKOÐUNARFERÐ TIL COSTA
BLANCA Í SEPTEMBER OG OKTÓBER Á

39.900 KR.

ÞAR SEM DRAUMAEIGNINNA ÞÍNA GÆTI VERIÐ AÐ FINNA

masainternational.is / S. 555 0366 - Jón Bjarni & Jónas



Led húsnúmer

Sérsmíðum númer á öll hús • sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.
Einnig hægt að hringa í sími 789 3010



FYRIRTÆKI • FJÖLBÝLISHÚS • SKIP • VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: **557 7000** eða inná www.k2.is



LOFTSTOKKAHREINSUNIN



Magnús Scheving: Bauganes 22, Reykjavík

Magnús er íþrótt- og athafnamaður sem hefur vakið mikla athygli um allan heim fyrir baráttu sína fyrir að efla hreyfingu og bæta mataræði barna.

Hann er margfaldur Íslands-, Norðurlanda- og Evrópumeistari í þolfimi og var valinn íþróttamaður ársins 1994. Í kjölfarið skrifaði hann og lék í leikritinu Latabæ sem vakti mikla athygli hér á landi. Hann hélt áfram að vinna með verkefnið sem endaði sem sjónvarpsþættir fyrir börn um allan heim. Árið 2010 reyndi hann svo fyrir sér í Hollywood án árangurs.

Magnús skildi við Ragnheiði Melsted árið 2014, þau eiga tvö börn. Fyrir á hann eina dóttur. Í dag er hann í sambandi með Hrefnu Björk Svverrisdóttur, sem hann kynntist við gerð sjónvarpsþáttanna um Latabæ.



Birgitta Haukdal: Bakkaföt 3, Garðabær

Hin húsvíska söngkona Birgitta Haukdal hefur hrifið landann lengi. Hún vakti fyrst athygli með hljómveitinni Írafári sem stofnuð var árið 1998. Hljómveitin var virk frá aldamótum til ársins 2005 og gaf út smelli á borð við Fingur og Stórir hr-ingir. Platinumplatan Allt sem ég sé, frá árinu 2002, er ein sú mest selda í íslenski tónlistarsögu.

Árið 2003 bætti Birgitta rós í hnappagatið þegar hún söng lagið Open Your Heart í Eurovision-söngvakeppninni fyrir Íslands hönd. Laginu gekk prýðilega og náði áttunda sæti.

Samkvæmt tekjublaði DV var Birgitta með 222 þúsund krónur í mánað-
artekjur en það segir þó ekki alla söguna. Birgitta og eiginmaður hennar, lögmaðurinn og Engyeongurinn Benedikt Einarsson, búa í glæsihýsi við Bakkaföt í Garðabæ.

Birgitta er ekki aðeins hæfileikarík söngkona. Nýverið hefur hún verið að gefa út barnabækur sem hafa vakið nokkra athygli og stúlkuna Láru og ljónið Ljónsa.



Steingrímur J. Sigfússon: Þingasel 6, Breiðholt

Steingrímur hefur verið höfuðborgarbúi frá því hann settist á þing fyrir 35 árum. Sem forseti þingsins er hann með rúmlega 1,8 milljónir króna í laun á mánuði. Ofan á það bætast svo ýmsar greiðslur á borð við húsnæðis- og dvalarkostnað sem ætlaðar eru þingmönnum landsbyggðarinnar og ferðakostnað, bæði innanlands og utan. Einnig fær hann greiddan starfskostnað, gistikostnað, símakostnað og dagpeninga.

Inn í þessu eru ekki tölur um ferðakostnað í og úr vinnu en sem forseti Alþingis hefur hann aðgang að bíl og bílstjóra á vegum þingsins.

Þess má geta að aukagreiðslur til þingmanna eru ákvarðaðar af forsætisnefnd Alþingis þar sem Steingrímur fer með formennsku. Þegar Steingrímur lætur af störfum má búast við því að hann verði með ein myndarlegustu eftirlaun á höfuðborgarsvæðinu ásamt því að verða ódauðlegur á málverki sem hengt verður upp í söllum þingsins.




Björk: Ægissíða 94, Reykjavík

Söngkonan Björk sló í gegn aðeins tólf ára gömul árið 1977 þegar út kom barnaplátan Björk. Á níunda áratugnum sneri hún sér að pönki og popptónlist og gaf plötur með hljómveitunum Kukli og Sykurmólunum. Sykurmólarnir vöktu athygli erlendis sem var óvanalegt fyrir íslenskar hljómveitir á þeim tíma.

Það var þó ekki fyrr en eftir að Sykurmólarnir hættu, árið 1992, að Björk varð heimsfræg. Fyrstu þrjár sólóplöturnar sem gefnar voru út erlendis, Debut, Post og Homogenic, voru allar við toppinn á breska metsölulistanum og nafn hennar varð þekkt um allan heim.

Frægðin jókst enn frekar þegar hún lék aðalhlutverkið í kvikmynd Lars von Trier, Dancer in the Dark árið 2000, og fékk tilnefningu til Óskarsverðlauna. Á athöfnina mætti hún klædd svanskjól eins og frægt er orðið.

Björk hefur gefið út tónlist allar götur síðan og þó að vinsældirnar séu ekki jafn miklar og áður á hún enn þá dyggan aðdáendahóp. Samkvæmt síðunni Celebrity Net Worth eru eignir Bjarkar metnar á fimm milljarða króna. Hún býr í íbúð við Ægissíðuna í vesturbæ Reykjavíkur.



Jóhann keyrði aftan á bíl og
tognaði á hálsi.

Hann fékk 3,7 m.kr. í bætur.

Lifðu lífinu - Við sækjum bæturnar.

SLYSABÆTUR.is



Það er ekkert *þægilegt* við beinu bananana



Gómsætir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuáttak
framundan?

Ávextir í áskrift kosta um
550 kr. á mann á viku
og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.



www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110

Tímarvélín

GIFTINGIN BJARGAÐI HENNÝ OTTÓSSON FRÁ HELFÖRINNI

■ Bróðir hennar tilraunadýr læknis SS
■ Átti að vísa henni úr landi

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Árið 1938 munaði minnstu að Íslendingar vísuðu saumakonu sem hér bjó, Henný Goldstein, beint í gin nasista. Að öllum líkindum hefði það þýtt endalok hennar, sonar hennar og móður, enda voru þau gyðingar. Björgun Hennýjar var sú að íslenskur velvildarmaður, Hendrik Ottósson, var tilbúinn til að kvænast henni og varð hún þar með íslenskur ríkisborgari. Með þeim þróadist ást sem varði út ævina en Henný missti hins vegar bæði bróður sinn og barnsföður í helförinni.

Ráku hótél í Kólumbíu

Henný Ottósson, var hún kölluð eða Henný Ottósson Goldstein. Fæðingarnafn hennar var hins vegar Jóhanna Lippmann. Hún fæddist þann 28. mars árið 1905 í Berlín, dóttir Leos og Minnu Lippmann, austurprússneskra gyðinga. Þegar Henný var nýu ára hófst hildarleikurinn fyrri milli

stórveldanna í Evrópu. Leo barðist þar fyrir keisarann á austurvígstöðvunum. Hann var handsamaður af Rússum en sleppt í stríðslok og lést mjög heilsuveill árið 1919. Tvo bræður átti Henný sammæðra, Harry og Siegbert Rosenthal.

Henný var laghent saumakona og lærði kjólasaum. Um tíma starfaði hún sem forstöðukona tískuhúss í Berlín. Henný giftist Róberti Goldstein árið 1926 en hann var tólf árum eldri en hún. Þau eignuðust drenginn Pétur Lothar ári síðar og fluttu þá til borgarinnar Medellín í Kólumbíu. Þar störfuðu þau á glæsihóteli sem bróðir Róberts átti. En hjónabandið varð skammlíft og árið 1930 skildu þau loks. Fluttu þau þá bæði aftur til Þýskalands og hafði Henný drenginn hjá sér.

Kom allslaus til Íslands

Á þessum tíma voru miklar hræringar í Þýskalandi. Landið var eitt það frjálsslyndasta í Evrópu á þriðja áratugnum og gyðingar þrífust ágætlega. En sá hópur stækkaði ört sem kenndi þeim um stríðsófarnar í fyrri heimsstyrjöldinni og efnahags-



Erna og Denny Rosenthal, nóvember 1939

þrengingarnar í kjölfarið. Nasistar voru á hraðri uppleið og þeir nýttu sér stjórnmaláreiðu Weimar-tímabilsins. Þessi þróun fór ekki fram hjá gyðingum í Þýskalandi og eftir að nasistar komust til valda árið 1933 fóru bæði Henný og Róbert að ókyrrast.

Róbert flutti yfir landamærin til Frakklands en Henný sá auglýsingu í þýsku dagblaði þar sem auglýst var eftir kjólameistara á Íslandi. Ákvað hún að slá til, sigldi árið 1934 ein til Reykjavíkur og hóf störf hjá saumastofunni Gullfossi í eigu Helgu Sigurðsson.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmaláfræði,



rannsakaði sögu Hennýjar og skrifaði um hana grein í tímaritið Þjóðmál árið 2012. Í samtali við DV segir hann:

„Ég tel að hún hafi átt sig á því að henni yrði ekki líft þarna og það var mjög skynsamlegt af henni að koma til Íslands. Hún var mjög fær kjólameistari, varð vinsæl í sínum störfum og kom með tískuna með sér frá Berlín.“

Henný kom allslaus til Íslands og vissi lítið um landið. Það var mikið menningarsjokk að flytja frá heimsborg á borð við Berlín til smábæjar á hjara veraldar eins og Reykjavík var. Ráðning hennar hjá Gullfossi var til eins árs og þegar það var liðið bauðst henni þriggja ára framlenging sem hún þáði. Sendi hún þá eftir móður sinni og syni, sem var þá átta ára gamall.

Giftingin lífsbjörg

Á þessum tíma kynntist Henný Hendrik Ottóssyni, tungumálakennara og síðar fréttamanni hjá Ríkisútvarpinu. Hendrik var mjög vinstrisinnaður og gallharður andstæðingur nasista. Auk þess hafði hann mikinn áhuga á trúarbrögðum og sérstaklega gyðingdómi. Hendrik var því í forsvari fyrir þá sem vildu að gyðingar fengju hæli á Íslandi en staða þeirra fór versnandi dag frá degi í Þýskalandi.

Árið 1938 var samningur Hennýjar að renna út og vildi hún þá losna undan honum sem fyrst og stofna eigin saumastofu. En eigandinn undi því ekki og sendi inn tilkynningu til stjórnvalda um að dvalarleyfið væri að renna út og bæri því að vísa henni úr landi.

Hendrik bauðst þá til þess að kvænast Henný og sú varð raunin það sama ár. Eftir giftinguna var Henný orðinn íslenskur ríkisborgari og því ekki hægt að vísa henni úr landi. Eigandi stofunnar kærði Henný hins vegar fyrir samningsbrot og var hún dæmd til að greiða skaðabætur.

Var hún mjög nálægt því að vera send úr landi?

„Ég held að hún hafi verið mjög nálægt því að vera send úr landi og Hendrik hafi bjargað

henni á síðustu stundu. Ég efast ekki um að ef henni hefði verið vísað úr landi þá hefði hún þurft að fara aftur til Þýskalands. Á þessum tíma skiptist heimurinn í tvennt, annars vegar voru lönd sem vildu losna við gyðinga og hins vegar lönd sem ekki vildu taka við þeim. Gyðingar áttu hvergi höfði sínu að halla,“ segir Hannes.

Var það illska af hálfu kærlandans og stjórnvalda að vilja senda hana úr landi í ljósi þess sem gyðingar máttu þola í Þýskalandi á þessum tíma?

„Ég er ekki viss um að fólk hafi gert sér grein fyrir þessu eða þá lokað augunum fyrir því. Mestu gyðingaofsóknirnar hófust ekki fyrr en eftir Kristalsnóttina, haustið 1938, og það verður að líta á þetta út frá sjónarhorni fólks sem var stadd þarna á þessum tíma. Sjálf helförin hófst ekki fyrr en í stríðinu og það var ekki fyrr en eftir stríðið sem umfang ofsóknanna voru ljósar. Við sjáum þetta öðrum augum í dag. Á þessum tíma voru margir sem héldu að fólk sem flytti til Íslands tæki störf frá Íslendingum. Í dag sér fólk að þeir sem koma með nýja þekkingu eru aufúsugestir í hverju þjóðfélagi.“

Í ljósi þess sem á eftir kom, helförin þar sem milljónir gyðinga enduðu í gasklefum, hefði hæglega værið hægt að ímynda sér að Henný, sonur hennar og móðir, hefðu ekki lifað stríðið af. Mætti því segja að Hendrik hafi bjargað lífi þeirra með giftingunni. En þó að hjónabandið hafi byrjað sem mála-myndagjörningur þá þróuðust með þeim miklir kærleikar sem entust út lífið. Sjálfur tók Hendrik gyðingasíð og var sá fyrsti sem fermdist upp á gyðinglega vísu (bar mitzvah) hér á landi.

Annar bróðir til Akureyrar en hinn til Auschwitz

Þetta ár, 1938, kom Harry, bróðir Hennýjar til Íslands og settist hér að og segir Hannes að Hendrik hafi gengið mjög hart fram við Hermann Jónasson forsætisráðherra til að koma því í kring. Ástandið í Þýskalandi var

ALLT FYRIR FUNDARHERBERGIÐ

Þráðlaust
sýningartjald

Þráðlaus
búnaður

Hágæða öruggur
fjarfundabúnaður

DALVEGI 16B / S. 510 0500



þá orðið voveiflegt fyrir gyðinga en Harry hafði áður verið yfirmaður hjá skóframleiðandnum Salamanders. Harry varð að skilja eignir sínar eftir í Þýskalandi, íbúð, bifreið og sumarhús, en með sér tók hann gullúr og myndavél til að selja. Fyrir andvirðið keypti hann grænmetisgarð og seldi hann afurðirnar úr honum. Árið 1939 flutti unnusta hans, Hildegard Heller, einnig til landsins og giftust þau skömmu síðar. Þau settust að á Akureyri undir íslenskum nöfnum, Höskuldur og Hildigerður.

Saga Siegberts, hins bróður Hennýjar, er öllu sorglegri en hann varð einn af þeim milljónum gyðinga sem myrtir voru í helförinni. Siegbert og unnusta hans, Erna, eignuðust sitt fyrsta og eina barn árið 1939, dreng sem fékk nafnið Denny. Þá var stríðið að breyta á og ofsóknirnar gegn gyðingum jukust enn frekar. Henný og Hendrik buðust til að taka við Denny en foreldrar hans vildu ekki senda hann úr landi. Fjölskyldurnar tvær héldu sambandi með bréfaskriftum og var Rauði krossinn milliliður.

Í miðju stríðinu bað Hendrik sænska sendiráðið í Reykjavík að hafa milligöngu um að útvega landvistarleyfi fyrir Siegbert og fjölskyldu hans. Sænsk yfirvöld beittu sér í málinu og sendu fyrirspurn um fjölskylduna vorðið 1943. Þá fékkst hins vegar það svar að hún hefði skömmu áður verið send á ókunnna stað. Síðar kom það í ljós að sá staður var Auschwitz, hinar alræmdu útrýmingarbúðir.

Henný komst að þessu en örlög fjölskyldunnar voru henni þó ókunn. Innst inni hefur hún þó sennilega vitað að bróðir sinn, mágkona og bróðursonur væru öll látin. Hvarf Siegberts fékk mikið á Minnu, móður þeirra, en Henný fékk sig samt ekki til þess að segja henni frá því að þau hefðu verið send í Auschwitz. Minna lést á Íslandi árið 1947.

Fangi númer 107933

Örlög Ernu og Dennys litla, sem var aðeins tæplega fjögurra ára gamall, urðu ljós eftir stríðið. Þann 13. mars hafði fjölskyldan verið send með flutningalest númer 36 til Auschwitz ásamt tæplega þúsund öðrum föngum. Við komuna þangað voru vinnufærir karlmenn sigtaðir út og sendir í verksmiðjuvinnu. Flestar konur og börn voru leidd samtundis inn í gasklefana og tekin af lífi.

Siegbert var flúraður með fanganúmeri sínu, 107933, og sendur í verksmiðju sem nefndist Monowitz-Buna. Þar þrælaði hann fyrir efna- og lyfjaframleiðandann I.G. Farben í rúma fjóra mánuði. Þann 30. júlí var hann fluttur burt.

Siegbert og fjölskylda hans voru ekki þau einu sem Henný hafði áhyggjur af í hildarleiknum. Róbert, fyrrverandi eiginmaður hennar, var búsettur í París þegar Þjóðverjar hernámu landið árið 1940. Auk þess að vera gyðingur var hann mjög vinstriinnáður og ákvað að taka upp vopn gegn Þjóðverjum. Þess vegna gekk hann í frönsku andspyrnuhreyfinguna þetta sama ár og barðist með henni fram í mitt stríð.

Þann 16. og 17. júní árið 1942 voru rúmlega þrettán þúsund gyðingar handteknir af frönsku lögreglunni í París, þar af fjögur þúsund börn. Lögreglan gerði þetta í nánu samstarfi við þýska hernámsliðið sem vildi upp-ræta gyðingdóminn í Frakk-



Siegbert og Denny

landi. Róbert var einn af þeim sem handteknir voru og var fólkið geymt við hræðilegar aðstæður á hjólreiðaleikvangi. Næsta árið var fólkið flutt í litlum hópum í útrýmingarbúðir, flestir til Auschwitz. Það urðu örlög Róberts sem dó þar árið 1942.

Ástin kviknaði í málamyndahjónabandi

Í skugga þessara voveiflegu atburða blómstraði ástin á milli Hennýjar og Hendriks. Ekki öðluðust þau þá lukku að eignast saman barn en Hendrik gekk hinum unga Pétri í föðurstað. Henný kom á fót sinni eigin saumastofu á Kirkjuholi við Dómkirkjuna og rak hana allt til ársins 1952. Í stríðinu starfaði Hendrik sem túlkur fyrir bæði breska og bandaríska herinn. Árið 1946 hóf hann störf sem fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu en hann hafði áður starfað sem blaðamaður hjá Alþýðublaðinu árin 1919 til 1920. Á Ríkisútvarpinu starfaði hann í tuttugu ár, eða þar til hann lést tæplega sjötugur að aldri árið 1966. Eftir að Henný hætti með saumastofuna saumaði hún á heimili þeirra við Langholtsveginn í nokkur ár. Eftir það kom hún yfir á Ríkisútvarpið til Hendriks og starfaði þar í innheimtudeildinni. Henný lést árið 1986.

Pétur gekk eins og önnur börn í skóla og ólst upp eins og íslenskur strákur. Engu að síður var hann alla tíð meðvitaður um uppruna sinn. Pétur gekk í Loftskýtaskólann og starfaði lengi á togurum og fraktskipum. Síðustu árin starfaði hann á birgðastöð Landsímans en hann lést árið 1993. Pétur var giftur Hlín Guðjónsdóttir og áttu þau saman fimm dætur og eru afkomendurnir nú orðnir 21.

Þrjár systurna búa í Reykjavík. Magnea Henný læknafró, sem á tvö börn og fimm barnabörn, leikkonan Kolbrún Erna sem á dótturina Rebekku Líf Albertsdóttur sem starfar hjá Fréttablaðinu og Ragnheiður sem starfar sem þroskaþjálfari, hún á einn son.

Tvær af systrunum búa í Svíþjóð. Minna Hrönn, sem starfar sem röntgenlæknir í Stokkhólmi. Hún á þrjú börn, þrjú barnabörn og eitt á leiðinni. Í Gautaborg býr svo Hildigerður og á einn son.

Elsta systirin, Magnea Henný, rannsakaði fjölskyldusöguna og fjallaði um hana, bæði í viðtali við Morgunblaðið og eigin greinum. Hún komst loksins að hinu sanna um örlög Siegberts Rosenthal. Tilraunadýr læknis SS

Árið 1998 hafði ættingi í Lundúnum samband við Magneu og tjáði henni að franskur doktorsnemi í læknisfræði væri að reyna að hafa samband við hana í tengslum við 86 fórnarlömb helfararinnar sem myrt voru á stað sem nefnist Natzweiler-Struthof, í nálægð við



Henný, Pétur og Róbert

Strassborg í Austur-Frakklandi. Líkin af föngunum, sem höfðu verið notaðir í læknisfræðitilraunum, voru óþekkt í áratugi en árið 1998 var loksins hægt að greina flúrað númer Siegberts á einu þeirra. Í kjölfarið heimsótti Magnea búðirnar og komst síðar yfir skjöl um málið.

Siegbert var einn af þeim föngum í Auschwitz sem urðu tilraunadýr læknisins August Hirt, sem starfaði undir stjórn Heinrichs Himmler, leiðtoga SS-sveitanna. Verkefnið fékk nafnið Arleifðin (Ahnenerbe) og takmark þess var að sýna fram á líffræðilega yfirburði hvíta kynstoffsins. Hirt framkvæmdi ýmsar tilraunir á föngunum, svo sem tilraun-

ir með sinnepsgas og ófrjósemisefni. Var ófrjósemisefnunum sprautað beint í eistu fanganna með óbærilegum sársauka. Sumar tilraunirnar voru eingöngu gerðar á börnum.

Eftir þessar tilraunir var föngunum smalað inn í lítinn gasklefa, þeir teknir af lífi og þau líffæri sem sérstaklega voru til skoðunar fjarlægð og rannsökuð. Ástæða þess að líkin sem fundust voru svo vel varðveitt var að Hirt og félagar hans hjá Arleifðinni höfðu það hlutverk að búa til sýningu á beinagrindum og líkamsleifum óæðri kynstofna og voru líkin því sett í vínanda til að hægja á rotnun.

Gyðingafjölskyldum og börnum meinaður aðgangur

Örlög Hennýjar, Péturs, Minnu, Höskuldar og Hildigerðar hefðu hæglega getað orðið þau sömu Siegberts og fjölskyldu hans. Þá væru ekki til þeir ættbogar sem eftir þau liggja nú hér á landi. Hvort það var ótti við að útlendingar tækju störf frá Íslendingum eða hrein kynþáttahyggja sem lá að baki afstöðu stjórnvalda skal ósagt látið, en ljóst er þó að töluvert auðveldara reyndist fyrir Þjóðverja af germönskum uppruna að fá dvalarleyfi hér á Íslandi heldur en þýska gyðinga. Heilu fjölskyldunum var vísað úr landi og út í óvissuna og gyðingabörnum var meinaður aðgangur að landinu. ■



Sól í sinni í sturtunni þinni



Frábært verð og falleg hönnun

Sturtuklefar með þaki sporna gegn raka

Kíktu á sturta.is og skoðaðu úrvalið

„Mér var sagt að Hendrik afi og tveir aðrir menn hefðu kastað teningi upp á hver þeirra ætti að kvænast ömmu“



Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Kolbrún Erna Pétursdóttir leikkona er fjórða dóttir Péturs Goldstein og Hlínar Guðjónsdóttur en afkomendur þeirra eru nú orðnir 21 talsins og einn á leiðinni. Hún ræddi við DV um þessa merkilegu fjölskyldusögu.

Hendrik vann teningakastið

Þetta var nú töluvert af fólki sem var í raun bjargað þegar Henný og Hendrik giftust?

„Já, það munaði nú ekki miklu að það hefði ekki orðið því það átti að henda henni úr landi. Hún „braut lög“ og stóð uppi í hárinu á konunni sem hún vann hjá og fór og stofnaði sitt eigið fyrirtæki.“

Kolbrún segir að fjölskyldan hafi alla tíð verið meðvituð um uppruna sinn en í rauninni hefði hún og systur hennar fengið alíslenskt uppeldi. Jól og páskar voru haldin á íslenska vísu og gyðingdómi ekki sérstaklega haldið að börnunum, þó að við kynntumst einhverjum hefðum hjá ömmu.

„Pabbi minn var meiri Íslendingur í sér en margir í kringum hann. Hann talaði virkilega góða íslensku og leiðrétti okkur systurnar alltaf ef við sögðum eitthvað vitlaust. Einnig var hann fróður um jarðsögu landsins og landafræði. Ég er samt mjög meðvituð um upprunann og hver örlögin hefðu

getað orðið. Mér var sagt að Hendrik afi og tveir aðrir menn hefðu kastað teningi upp á hver þeirra ætti að kvænast ömmu. Úr þessu varð þetta fína og ástríka hjónaband.“

Það voru ekki aðeins örlög Hennýjar sem voru að veði. Kolbrún segir að Hendrik hefði bjargað Harry, ömmubróður hennar, og unnustu hans, Hildigerði, einnig.

„Afi fór og lagðist fyrir fæturna á ráðherra til að Harry yrði hleypt inn í landið. Stríðið var að bresta á og Harry var við landamæri Danmerkur þegar ráðist var inn í íbúðina hans.“

Grét þegar hún ræddi um fortíðina

Hvernig kona var amma þín?

„Hún var stolt, svakalega stolt kona. Að sjálfsögðu sá ég alltaf sársaukann og var oft að reyna að tala við hana um þetta en það var ekki fyrir en undir það síðasta, og hún var orðin mjög slitin, að hún fór að opna sig um þetta við mig. Flest allt hennar fólk var drepð í fangabúðunum. Tveir frændur hennar náðu að flýja og fluttu til Kanada. Við fjölskyldan höfum haft samband við þá og einnig frænku okkar í Englandi. En það var ekki mikið meira. Ég get vel ímyndað mér að þetta allt hafi haft mikil áhrif á heilsu hennar enda var hún orðin sjúklingur undir það síðasta. Hún var mjög sorgmædd þegar hún ræddi um þetta og grét.“

Sagan sýnir að flóttamenn geta orðið nýttir þjóðfélagsþegnar.

Talaði hún íslensku?

„Já, hún lærði málið og gerði það. Svólítið bjagaða reyndar og við systurnar hlógum oft að ambögum,“ segir Kolbrún kímín.

Urðuð þið einhvern tímann fyrir fordómum vegna upprunans?

„Það var frekar lítið talað um það, en pabbi sagðist hafa lent í fordómum endrum og eins. En þó ekkert sem fór illa með hann. Hann var vissulega talinn vera „útlendingurinn“ á þeim stöðum sem hann vann. Ég man sérstaklega eftir því þegar ég var að vinna í fiski í plássu úti á landi og pabbi kom þá með skipi í land. Við hittumst og leiddumst saman eftir götu bæjarins og þá komst sá kvittur á kreik að ég „væri kominn í útlendingana“,“ segir Kolbrún og hlær. „Jújú, auðvitað hafði baksaga okkar áhrif á okkur og uppeldi okkar. En það var ekki verið að tala mikið svona hluti í gamla daga.“

Stjórnvöld geta lært af sögunni

Eins og áður hefur verið nefnt fékk Henný íslenskan ríkisborgarétt



við giftinguna en Pétur fékk hann hins vegar ekki þó að hann væri aðeins tíu ára gamall. Kolbrún sjálf fór fyrir skemmstu og rannsakaði af hverju það væri.

„Hann fékk ekki ríkisborgarétt fyrir en 21 árs gamall. Þegar ég skoðaði þingræðurnar í tengslum við það hvernig ríkisborgarétturinn var veittur sá ég ýmislegt einkennilegt. Sérstaklega í tengslum við kynþætti. Þeir sem höfðu íslenskt blóð öðrum hvorum megin í ættinni fengu frekar ríkisborgarétt en aðrir og pabbi minn hafði það ekki og börn fengu ekki sjálfkrafa ríkisborgarétt þó að foreldrarir fengu hann. En einn þingmaðurinn lagðist sérstaklega gegn því að hann fengi ríkisborgarétt af því að hann var ekki með íslenskt blóð. Þetta var kynþáttahyggja og ekkert annað.“

Reynsla fjölskyldurnar hafði mjög sterk áhrif á Pétur og mótaði hans afstöðu í málefnum flótta-

manna. Kolbrún segir:

„Pabbi minn hafði mjög sterkar skoðanir í þessum málum og taldi að fólk sem væri að flýja stríð ætti að fá hæli. Hann tók stríðið í Júgóslavíu sem hófst árið 1991 mikið inn á sig og aðstoðaði fólk sem hingað flúði frá átökunum.“

Útlendingamál hafa verið mikið í deiglu á undanförunum árum og upp komið mál þar sem fólki er vísað úr landi, jafnvel með lítil börn og um miðjar nætur. Kolbrún telur að sín fjölskyldusaga hafi skírskotun í nútímann.

„Við sjáum hvernig Útlendingastofnun neitar fólki um dvöl hér á landi og ekki endilega á forsendum sem fólk skilur. Það er eins og þeir vilji ekki viðurkenna að fólk sé í hættu jafnvel þótt það sé augljóst.“

Finnst þér að stjórnvöld geti dregið lærdóm af þessari sögu?


„Að sjálfsögðu. Sagan sýnir að flóttamenn geta orðið nýttir þjóðfélagsþegnar.“ ■

ÓSAL

Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanivagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantánir á varahlutum.



GÆÐI • ÞEKKING • ÞJÓNUSTA

GÓÐ ÞJÓNUSTA Í YFIR 65 ÁR

Gæðahreinsun | Þvottahús | Dúkaleiga
Fyrirtækjapjónusta | Sækjum & sendum



Efnalaugin Björg | Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík | Sími: 553-1380

VANTAR EIGNIR Á SKRÁ

Verið velkomin á skrifstofur okkar

Bæjarlind 2 • Kópavogi
Breiðumörk 13 • Hveragerði

Farsæl þjónusta
í 30 ár



Thelma, Kristinn, Skúli, Þórarinn og Kristín
fagvis@fagvis.is

FAGVÍS

F A S T E I G N A M I Ð L U N

Breiðumörk 13 • Hveragerði og Bæjarlind 2 • Kópavogi
Síminn okkar er: **483 5900**



BANVÆNAR BUSAVÍGSLUR

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Bandaríkjunum eru margir af bestu háskólum heims, lærðar og virtar stofnanir. En bræðralagsmenning nemenda, sem nær aftur til nítjándu aldar, er alræmd fyrir óhóf og ofbeldi. Busavígslur hafa þótt sérstaklega varasamar þar sem ungmennti í ölaði eru neydd til að framkvæma lífshættulega gjörninga. Hundruð busa hafa látist í slíkum vígslum eða aðdraganda þeirra.

Sofandi á lestarteinum

Eitt óhugnanlegasta dauðsfall af slíkum toga átti sér stað þann 28. október árið 1905 í Ohio-fylki. Nýneminn Stuart L. Pierson innritaðist í Kenyon-háskólann og vildi ganga til liðs við bræðralagið Delta Kappa Epsilon eins og faðir hans, auðjöfurinn Newbold Pierson.

Newbold ætlaði að vera viðstaddur busavígsluna en tafðist og Stuart missti svefn af áhyggjum. Bræðralagsmennirnir fóru með hann inn í skóg eitt kvöldið og skildu hann eftir. Morguninn eftir fannst hann látinn á lestarteinum eftir að lest hafði keyrt yfir hann.

Sagt hefur verið að Stuart hafi verið bundinn við teinana en engar sannanir eru fyrir því. Að öllum líkindum hefur hann einfaldlega sofnað á teinunum. Lestarstjórninn sem keyrði yfir hann sá ekkert í myrkrinu og varð aldrei var við neitt óvenjulegt.

Mikið var skrifað um málið í dagblöðum þess tíma og bræðralagsmenn úthrópaðir sem morðingjar. En enginn var kærður og sannleikurinn mun sennilega aldrei koma í ljós. Í dag er Pierson minnst með bálkesti í námunda við dánarstaðinn.

Raflost í blautum nærbuxum

Hinn nítján ára gamli Nolte McElroy lést í busavígslu í Texasháskóla í Austin þann 30. september árið 1928. McElroy,

sem talinn var efnilegur ruðningsleikmaður, gekk undir vígslu hjá bræðralaginu Delta Kappa Epsilon.

Búið var til þrautabraut fyrir nýnemana og voru þeir aðeins klæddir í blaut nærföt. Ein þrautin fólst í því að skrifa undir dýngurma sem tengdir voru við rafmagn. Bræðralagsmennirnir töldu þetta óhætt þar sem nærri tvö hundruð busar höfðu skrifið þarna undir yfir fimmtán ára tímabil.

McElroy komst hins vegar í snertingu við gormana og fékk í sig mikinn straum. Hljæjandi áhorfendurnir þögnuðu þegar McElroy féll í dá og lést hann fimmtán mínútum síðar. Eldri bræðralagsmenn Delta Kappa Epsilon lofuðu að hætta með slíkar þrautir í framtíðinni.

Barinn til dauða

Í bræðralagsvígslum hefur það verið til síðs að berja busana í heljarviku og í busavígslunum sjálfum, oft með kylfum eða árum. Oft eru þeir barðir á rass eða læri en stundum annars staðar á líkamann. Michael Davis, nemi í Southeast Missouri-háskólanum, var laminn til dauða þann 14. febrúar árið 1994 þegar hann gekkst undir vígslu hjá bræðralaginu Kappa Alpha Psi.

Davis var laminn alls staðar á líkamann þar til hann missti meðvitund. Þá var hann hins vegar ekki færður á sjúkrahús heldur heim til sín og lagður í rúmið. Davis vaknaði aldrei úr rotinu og lést af völdum áverkanna. Hann var marinn á öllum búknum og höndunum, rifbeinsbrotinn, með skaddaða lifur og heilablæðingu.

Fannst á botni stöðuvatns

Hinn átján ára Chad Smith lést í busavígslu bræðralagsins Kappa Sigma í Miami-háskóla þann 4.

nóvember árið 2001.

Þar var til síðs að láta busa stökkva út í stórt stöðuvatn í námunda við borgina.

Chad drakk mikið magn áfengis, eins og gengur og gerist í slíkum vígslum, og stökk síðan út í ískalt og djúpt vatnið. En eldri bræðralagsmenn vildu ekki leyfa honum að synda strax að landi heldur neyddu þeir hann til að synda lengra út á stöðuvatnið.

Hann var mjög drukkinn og þegar hann var kominn um tíu metra út á vatnið fann hann fyrir miklum svima og kallaði á hjálp en fékk engin svör. Hann hvarf í vatnið og drukknaði.

Chad fannst á botni vatnsins næsta dag og fjölskylda hans lög-

sótti bræðralagið. Kappa Sigma var dæmt ábyrgt fyrir dauða Chads og var gert að greiða fjölskyldunni rúmlega tólf milljónir dollara, eða næstum einn og hálfan milljarð króna.

Féll í krampakasti

Ein busun sem fór úr böndunum var í California State-háskólanum 2. febrúar árið 2005. Vikan fyrir vígslu er kölluð heljarvika af nemendum enda eru nýnemar þá láttnir gera miður skynsamlega hluti.

Matthew Carrington vildi komast inn í Chi Tau-bræðralagið og ein áskorunin í heljarviku var að gera armbeygjur í kjallara bræðralagshússins. Ís-

kalt var í kjallaranum og gólfíð flóði í óhreinu vatni. Að auki voru Carrington og aðrir nýnemar neyddir til að drekka mikið magn vatns úr stórum brúsum og köldu lofti var blásið á þá með víftum.

Eftir nokkra stund byrjuðu nýnemarnir að æla og misstu þeir stjórna á þvaglátum sínum. Að lokum féll Carrington í gólfíð í miklu krampakasti en eldri bræðralagsmenn brugðust ekki við. Carrington féll loks í dá og lést vegna mikilla bólgna í heila og lungum.

Eftir andlát Carringtons voru sett lög í Kaliforníu, nefnd lög Matts, sem gera saksóknurum kleift að lögsækja bræðralagsmenn sem valda dauða eða alvarlegum slysum með busavígslu. ■



BETRI SVEFNN

Ekki láta þitt eftir liggja -vertu **Pikk-UPP**

Okkar nánasta umhverfi skiptir okkur miklu máli. Við þurfum hvert og eitt okkar að taka ábyrgð, husa um umhverfið og henda rusli. Tökum skrefið lengra, teygjum okkur eftir ruslinu og hendum því í þar til gerð ruslaílát eða poka, þó það sé ekki okkar rusl.

Hvað er Pikk-UPP?

- ▶ Það að vera Pikk-UPP snýst um að tína upp rusl á förnum vegi þar sem þú ert að ganga eða hreyfa þig.
- ▶ Píkka-Upp rusl um leið og þú nýtur útiveru með fjölskyldunni.
- ▶ Eða af því að þú ákveður að fara út og Píkka-UPP rusl.



Betri umgengni byrjar hjá þér!

ORRUSTAN UM BRETLAND

■ Mesta flugorrusta sögunnar ■ „Aldrei hafa svo margir átt svo fáum svo mikið að þakka“

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dvis



Eftir að Þjóðverjar höfðu valt að yfir Frakka og hernumið Frakkland í júní 1940 var Adolf Hitler þeirrar skoðunar að Bretar myndu sækjast eftir að gera friðarsamning við Þjóðverja. En Bretar voru alls ekki á þeim buxunum og voru staðráðnir í að berjast áfram gegn nasistum. Hitler skoðaði vel þá hernaðarlegu möguleika sem voru uppi í stöðunni en hann vildi binda skjótan endi á stríðið. Hann fyrirskipaði herjum sínum að undirbúa innrás í Bretland og fékk aðgerðin nafnið „Aðgerðin sæljón“. En til að innrásin gæti gengið upp og tekist þurftu Þjóðverjar að tryggja sér yfirráð í lofti yfir suðurhluta Englands og gera út af við þá ógn sem þeim stafaði af breska flughernum, Royal Air Force (RAF). Vel heppnadar loftárásir á Bretland voru að mati þýskra herforingja lykillinn að því að „Sæljónsaðgerðin“ gæti heppnast. Í kjölfarið hófst hin víðfræga orrusta um Bretland, stríð sem var háð í háloftunum yfir Bretlandi og Ermarsundi. Þar tókust RAF og Luftwaffe (þýski flugherinn) á um yfirráð í lofti.

RAF varð sjálfstæð eining innan breska hersins 1918 en þróaðist hægt á árunum eftir fyrri heimsstyrjöldina en á síðari helmingi fjórða áratugarins var þróunin hröð, aðallega sem svar við vaxandi ógn frá Þýskalandi nasismans. Þjóðverjum hafði verið bannað að eiga flugher eftir fyrri heimsstyrjöldina en nasistar settu Luftwaffe samt sem áður á lagginar og þegar kom fram á árið 1940 var Luftwaffe stærsti og besti flugher heimsins. Luftwaffe hafði beðið mikið tjón í orrustunni um Frakkland en þegar komið var fram í ágúst voru þær þrjár deildir Luftwaffe, sem áttu að sjá um árásir á Bretland, tilbúnar til verksins. Til að mæta þessu tefldi RAF fram bestu orrustuflugvélum heims, Hurricane og Spitfire.

Nýtt ratsjárkerfi

Bretar höfðu þróað nýtt loftvarnarkerfi sem veitti þeim mikið og mikilvægt forskot í orrustunni um Bretland. Það nefndist The Dowding System en með því voru



Spitfire-vélar breska flughersins

varnir á jörðu niðri og stjórn orrustuflugvélna sameinaðar í eitt kerfi. Með ratsjám vissi RAF tímlega af ferðum Luftwaffe og hægt var að beina Hurricane- og Spitfire-vélunum til móts við flugvélar Luftwaffe. Bretlandi var skipt í fjögur varnarsvæði sem var síðan skipt niður í minni einingar. Á hverju varnarsvæði var sérstök aðgerðastjórn sem sá um að senda orrustuflugvélnar á loft til móts við flugvélar Luftwaffe. Nýjar upplýsingar bárust stöðugt úr ratsjárkerfinu og var þeim komið til flugmanna RAF jafnóðum. Auk þess var loftvarnarkerfum á jörðu niðri stýrt af þessum aðgerðastjórnunum.

Dowding System gat tekið við og unnið úr miklu magni upplýsinga á skömmum tíma og gerði aðgerðastjórnun kleift að hámarka þá takmörkuðu kosti sem þeir höfðu úr að spila hverju sinni.

Orrustan um Bretland stóð frá júlí þar til í október 1940. Í fyrstu réðst Luftwaffe á skotmörk við strendur landsins og skip á Ermarsundi. Aðalrásin hófst síðan 13. ágúst. Þá var flogið lengra inn yfir land og árásir gerðar á flugvelli og fjarskiptamiðstöðvar. RAF átti í vök að verjast en lagði allt að veði. Síðustu vikuna í ágúst og þá fyrstu í september, sem skiptu sköpum í orrustunni, lögðu Þjóðverjar mikla áherslu á að eyðileggja stjórnstöðvar RAF. Flugvellir, sérstaklega á suðurhluta Englands, urðu illa úti en voru þó nothæfir. En Luftwaffe ofmat árangur árása sinna og komst að þeirri niðurstöðu að RAF væri kominn að fótum fram. Hið rétta var að RAF var illa á sig kominn en enn starfhæfur. Þann 7. september gerðu Þjóðverjar þau reginmistök að beina árásum sínum frá flugvöllum og stjórnstöðvun RAF og að Lundúnum. Þetta hafði að sjálfsögðu hræðileg áhrif á íbúa Lundúna en veitti RAF jafnframt tækifæri til að jafna sig og styrkja sig á nýjan leik.

Þann 15. september hratt RAF gríðarlega öflugri loftárás Luftwaffe sem þurfti að þola mikið tap á flugmönnum og flugvélum þennan dag. Nú varð ljóst að Luftwaffe stóð ekki undir því mikla tapi sem fylgdi árásum á Bretland. Þær héldu samt sem áður áfram í nokkrar vikur til viðbótar en ljóst var að Luftwaffe hafði mis-



tekist að tryggja þau yfirráð í lofti sem voru nauðsynleg til að hægt væri að ráðast með landher yfir Ermarsund og á Bretlandseyjar. Á endanum frestaði Hitler „Sæljónsaðgerðinni“.

Hetjudáðir flugmanna RAF

Í ræðu sem Winston Churchill, forsætisráðherra Bretlands, hélt 20. ágúst 1940 í breska þinginu lét hann ein frægustu ummæli sín falla um flugmenn RAF sem börðust svo hetjulega gegn Luftwaffe en ræðan hefur verið nefnd „The Few“.

„Never in the field of human conflict was so much owed by so many to so few.“ Sem er yfirleitt stýtt í: „Never was so much owed by so many to so few.“

Á íslensku útleiggst þetta: „Aldrei hafa svo margir átt svo

fáum svo mikið að þakka.“

Þessi orð áttu svo sannarlega vel við þá tæplega 3.000 flugmenn sem börðust fyrir RAF í orrustunni um Bretland. Þeir hafa síðan verið kallaðir „The Few“ en 15. september ár hvert er tileinkaður þeim og þeirra er þá minnst sérstaklega í Bretlandi.

Flestir flugmannanna voru Bretar en einnig voru margir þeirra frá öðrum ríkjum, aðallega hernumdum Evrópuríkjum og ríkjum í Breska samveldinu. Má þar nefna Nýja-Sjáland, Ástralíu, Kanada, Suður-Afríku, Belgíu, Frakkland, Pólland og Tékkóslóvakíu. Einnig voru flugmenn frá hlutlausum ríkjum eins og Bandaríkjunum og Írlandi meðal liðsamanna RAF.■

GRAFÍSK HÖNNUN



**Lógó
bréfsefni
bæklingar
myndskreytingar
merkingar ofl.**



Sundaborg 1
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



10 BESTU ÍPRÓTTA KVIKMYNDIRNAR

Ípróttir eru góður efniviður í kvikmyndir enda geta þær verið hádramatískar. Gildir þá einu hvort að um er að ræða sanna atburði eða skáldskap. Ípróttagreinar skipta minna máli en hin mannlega saga á bak við. DV tók saman tíu bestu ípróttakvikmyndirnar.



1 The Wrestler (2008)

Mesta óréttlæti í sögu Hollywood var framið í Kodak-höllinni í febrúar árið 2009. Þá var Mickey Rourke svikinn um Óskarsstytta fyrir túlkun sína á fjölbragðaglímukappanum Randy Robinson. Í myndinni sýnir leikstjórinn Darren Aronofsky daglegt líf þessara trölla sem Amerikanar elska en Evrópumenn líta á sem holdgervinga lágmenningar. Þó að fjölbragðaglímá sé sett á svið þá reynir ípróttin meira á íðkendurna en nokkur önnur. Beinbrot, höfuðhogg, steroatökun og hjartasjúkdómur fylgja glímumni og fíkniefnaneyslan er mikil. Fáir fjölbragðaglímumenn ná háum aldri. Goðsögnin „Rowdy“ Roddy Piper, sem lést úr hjartaáfalli 61 árs gamall, brotnaði niður á frumsýningu myndarinnar og faðmaði Rourke. Hann var svo gláður að sagan var loksins sögð.



2 I, Tonya (2017)

Allir sem eru í kringum fertugt og eldri muna vel eftir skautadrottningunum Nancy Kerrigan og Tonyu Harding. Einnig fjölmiðlafárinu í kringum vetrarólympíuleikana í Lillehammer árið 1994, eftir að Harding var sökuð um að hafa látið meiða Kerrigan. Harding var ein mesta hæfileikamanneskja í sögu vetraríþrotta en hún var hvítt rusl og passaði ekki inn í prinsessumyndina sem skautadrottningar þurftu að hafa. I, Tonya segir þessa sögu bæði á gamansaman og dramatískan hátt og hlaut Allison Janney Óskarsverðlaun fyrir stórkostlega túlkun á samviskulausri móður Tonyu. Það má segja að Tonya Harding hafi endurheimt æruna eftir að myndin kom út.



3 Mike Bassett: England Manager (2001)

Költ er ekki nógu sterkt orð til að lýsa þeirri stöðu sem Mike Bassett: England Manager hefur. Myndin náði ekki mikilli útbreiðslu en þeir sem hafa séð hana, og hafa áhuga á enska boltanum, elska hana út af lífinu. Myndin er gervi heimildamynd (mockumentary) sem segir frá misheppnaðri ráðningu Mikes Bassett í stjórnstól enska landsliðsins. Hún holdgerir hluti sem fótboltaáhugamenn þekkja, gulu pressuna, stjórnustælana, hrokann og getuleysið. Bassett er stjóri af gamla skólanum sem skrifar liðsvalið niður á sigarettupakka og spilar kerfið fjórir-fjórir-fokkings-tveir. Margir hafa líkt honum við „Stóra“ Sam Allardyce sem stýrði enska landsliðinu árið 2016.

4 Rocky IV (1985)

Rocky var fyrsta ípróttamyndin til að vinna Óskarsverðlaun sem besta mynd, árið 1976, og síðan þá hefur serían um hnefaleikakappann Rocky Balboa orðið hornsteinn í Hollywood. Flestir eru á því að fyrsta myndin sé best en margir halda sérstaklega upp á rímu Balboa og Clubbers Lang í þriðju myndinni. Í fjórðu myndinni tók sturlunin hins vegar völdin og Rocky hætti að vera aðeins boxari. Nú var hann orðinn fríðarpostuli sem leysti kalda stríðið með nokkrum hnefahögum. Myndin er eins ýkt og hún getur orðið. Andstæðingurinn er sovéskt steravélmenni, þrisvar sinnum stærri en Rocky sjálfur, og lokabardaginn á ekkert skylt við hnefaleika. Hér er ekki barist upp á titla heldur upp á líf og dauða, og órlög stórveldanna eru að veði.



5 Moneyball (2011)

Fæstir Íslendingar vita út á hvað hafnabolti gengur. Þetta er einhvers konar þróuð útgáfa af kýló. Áhorfandinn þarf hins vegar ekki að skilja hafnabolta til að hafa gaman af Moneyball því að myndin gerist að langmestu leyti á bak við tjöldin. Myndin er gerð eftir samnefndri bók viðskipta- blaðamannsins Michael Lewis frá árinu 2003 sem vakti mikla athygli. Umfjöllunarefnið er Billy Beane, framkvæmdastjóri liðsins Oakland Athletics, og hvernig hann náði miklum árangri með því að nýta sér tölfraeðiupplýsingar. Pitt leikur Beane og Jonah Hill tölfraeðigúru sem hjálpar honum að kaupa og selja leikmenn. Moneyball er úrvalsmynd fyrir nórða, sama hóp og spilar Championship Manager langt fram á nætur.



6 White Men Can't Jump (1992)

Tíundi áratugurinn var gullöld NBA og Íslendingar fóru ekki varhluta af því. Þá skiptust unglingar á körfuboltamyndum og vöktu fram á nætur til að horfa á Einar Bollason og Valtý Björn lýsa leikjum. Margar hörmulegar bíómyndir komu út á þessum tíma, svo sem The Air Up There og Space Jam. En White Men Can't Jump var sérstök. Hún fjallaði um tvo svikahrappa í götubolta og ástamál tengd þeim. Það sem kom mest á óvart var hversu færir Wesley Snipes og Woody Harrelson voru inni á vellinum. Vinátta þeirra og innbyrðis samkeppni minnti um margt á Magic Johnson og Larry Bird sem voru sífellt að reyna að toppa hvor annan.

7 Rush (2013)

Chris Hemsworth og Daniel Bruhl eru óaðfinnanlegir sem Formúlu-heimsmeistararnir James Hunt og Niki Lauda. Myndin segir frá háðri samkeppni ökuþórnanna sem skildu ekkert eftir inni á brautinni og er frábær sem slík. En það áhrifamesta og mikilvægasta við Rush er hvernig hún sýnir daglegt líf ökuþóra Formúlu á þessum tíma. Dauðinn var daglegt brauð og mátti gera ráð fyrir því að tveir ökuþórnar dæju á hverju ári. Eftir að heimsmeistarinn Ayrton Senna dó í San Marínó árið 1994 voru öryggismál stórbætt. Lauda sjálfur lenti í keppnisslysi árið 1976 og skaðbrenndist eins og sýnt er í Rush.



8 The Karate Kid (1984)

Karate Kid hefur allt sem ípróttamynd frá níunda áratugnum þarf að hafa. Ungan og óslípaðan demant, gamlan og djúpvitran kennara með baksögu, svartklædd illmenni og ekki síst myndfléttur með synþapoppi. Leikstjórinn John G. Avildsen hafði áður gert Rocky með svipuðu sniði en Karate Kid var fyrir mun yngri hóp. Ófáir krakkar fóru út að sparka í vini sína eftir að hafa séð myndina sem varð algert æði og gerðar voru fjórar framhaldsmyndir í kjölfarið ... misgóðar. Karate Kid gerði einnig hið kjánalega trónuspark heimsþekkt.



9 Escape to Victory (1981)

Árið 1942 var knattspyrnuleikur háður milli úkraínska verksmiðjuliðsins Start og Flakelf, liðs þýska hersins. Start sigraði 5-3 sem þótti mikil niðurlæging og enduðu margir leikmenn Start í útrýmingarþúðum í kjölfarið. Leikurinn var grunnur að myndinni Escape to Victory sem fjallar um lið stríðsfanga sem etur kappi við lið fangara þeirra og nota þeir fyrrnefndu leikinn sem flóttaleið. Þjóðverjana leiðir sænski stórleikarinn Max von Sydow en Michael Caine og Sylvester Stallone leida Bandamenn. Í myndinni má sjá andlit margra frægra knattspyrnuhetja á borð við Bobby Moore, Ossie Ardiles, Zoltan Gera og Pele.

10 Cool Runnings (1993)

Bobsleðamyndin Cool Runnings er bæði væmin og uppskálðuð að stórum hluta. Sagan af því hvernig Jamaíka, þessi litla Karíbahafseyja þar sem aldrei snjóar, komst á vetrarólympíuleikana í Calgary árið 1988 er svo ótrúleg að úr hlaut alltaf að koma gott bió. Jamaísku keppendurnir eru ólíkir innbyrðis en allir eins og geimverur í snobbuðum heimi vetraríþrotta og keppendur annarra landa líta niður á þá. Þrátt fyrir að hafa klesst og þurft að hætta keppni unnu þeir hjörta allrar heimsbyggðarinnar. Jamaíska bobsleðaliðið hefur sex sinnum komist á vetrarólympíuleika síðan 1988.



DUNDERDON

Snickers
WORKWEAR



Framúrskarandi
fyrirtæki



Nú fást

Snickers
WORKWEAR

vinnuföt í

BYKO
GERUM PETTA SAMAN

Hágæða vinnuföt í miklu úrvali

Mikið úrval af öryggisvörum

uvex

MILLER

OTTER

TOE GUARD

SOLID GEAR

Honeywell

Hultafors

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

HILTI

Verkfæri og festingar



SVONA ENDIST ÞÚ LENGUR Í RÚMINU

Ég á konu og við erum þónokkuð virk í kynlífinu þrátt fyrir fimmtán ára hjónaband. Við stundum kynlíf einu sinni til tvisvar í viku, af og til meira að segja oft. Og miðað við það sem ég heyri hjá félögum mínum er þetta bara í háu meðallagi hjá okkur.

Ég þarf varla að taka fram að ég elska dómuna og finnst hún frábær, annars væri ég ekki hangandi með henni eftir öll þessi ár.

Það er eitt smáatriði að plaga mig og það er úthaldið hjá sjálfum mér. Kynlífið okkar er í frekar föstum skorðum, við gerum eiginlega alltaf sömu hlutina einhvern veginn á þessa leið: kossar og káf í fötum, klæðum hvort annað úr, brjóstahnoð í nokkrar mínútur, hún sleikir vininn, ég nudda snípinn, ég kem inn í hana og pang ég

fæ það. Ég fæ sem sagt sáðlát eftir um fjórar sekúndur inni. Ég er reyndar harður áfram en það fer í taugarnar á mér að duga ekki lengur. Hvað er til ráða?

Með kveðju, Guðmundur

Komdu sæll Guðmundur

Hvað finnst konunni? Lítur hún á þig súr á svip í hvert sinn sem sekúndurnar fjórar eru að baki? Hefur þú spurt þessa æðislegu kynlífs-gyðju hvers vegna hún nennir að stunda kynlíf með þér oft í viku? Ég er nokkuð viss um að henni líki eitthvað í þeirri röð aðgerða sem þú lýsir svo skemmtilega í bréfi þínu. Ég legg það til sem fyrsta skref, að þú setjist niður með þinni yndislegu konu og fái svör hjá henni. Ef hún brotnar saman og er algjörlega í rusli yfir þessu eru nokkrir möguleikar í stöðunni:

Halda áfram

Þú nefnir að þú haldir stíngunni þrátt fyrir að sáðlátið komi kannski einum of fljótt. Hvers vegna ekki að nýta þessa stíngingu og halda einfaldlega áfram? Hver veit nema þú fái extra fullnægingu. Það er munaður sem fái heppnir kynbræður þínir njóta. Sumir hafa jafnvel lagt á sig áralanga þjálfun og lúslestur tantrafræða til að ná þangað.

Hugarfarsbreyting

Prófaðu að gera dálftið meira úr öllu öðru en samförunum. Auðvitað eru samfarir frábærar en það er samt hellingur af öðrum skemmtilegum hlutum sem hægt er að dunda sér við bæði fyrir og eftir samfarir. Stingdu upp á að þið breytið röð atburða. Kannski er rúttínan orsök vandans. ■

Verstu nöfnin sem þú getur kallað karlmann

Hvað er það versta sem þú getur kallað karlmann? Karlmenn eru afskaplega viðkvæmir yfir því hvað við köllum þá. Viðkvæmnin virðist mest ef þeir eru gagnkynhneigðir og sérstaklega ef það er kona sem talar. Eftir að hafa kafað ofan í efnið er niðurstaðan í megindrátum sú að þeir þola verst orð sem smækka þá eða vísa til einhvers sem er álitid kvenlegt.



Tittur.

Allir karlmenn hata að vera kallaðir tittur, nema að þeir séu 1,90 og 90 kíló, þá skilst það sem kaldhæðni.

Dúlla.

Þetta er það sem flestir karlmenn nefndu. Þeir gjörsamlega hata að vera kallaðir dúllur eða dúllulegir. Segja að það eigi frekar við um lítil börn, sæta hunda eða bollakökur.

Sykurpúði.

Ógleðiwaldandi að mati viðmælenda minna. Nokkrum þótti þetta þó í lagi ef það kom frá öðrum aðila með typpi áfast.

Vinur eða kútur.

Glaðað að vera kallaður þetta af stelpu sem þú ert heitur fyrir, sagði einn vinur minn. Glaðað!

Bangsi.

Alla vega ekki í rúminu. „Það er allt í lagi að vera kallaður bangsi í öllum fötum, en í guðanna bænum ekki þegar ég er allsber“, sagði einn viðmælenda minna, stæðilegur karlmaður og loðinn.

Meistari.

Þetta skaltu að minnsta kosti ALDREI kalla hipster úr hundradögeinum. Hann mun líklega ekkert segja, en þegar hann kemur heim í reykelsisilmandi risibúðina sína við Hverfisgötu mun hann setja Sin Fang á grammófóninn og sauma vúdúúkkur sem er í laginu eins og þú.

PEYSA
4.790 kr.

next
KRINGLUNNI
S: 556 1200

15 ástæður til að hætta með kærastanum strax

Það getur verið snúið að vita hvenær sambandinu er lokið. Fólk hangir saman af gömlum vana. Stundum eru börn eða fasteignir lím sem heldur fólki saman. Hér eru 15 ástæður sem gefa fullt tilefni til að endurskoða sambandið strax í dag.

- Hann pissar standandi og setur ekki setuna niður
- Hann setur klósettrúlluna öfugt á haldarann
- Hann er leiðinlegur við mömmu þína
- Hann nöldrur stöðugt í þér
- Hann ætlast til þess að þú sért alltaf að þrifa
- Hann er dónalegur við þjónustufólk
- Hann er leiðinlegur við börnin þín og börnin sín.
- Hann borðar hor
- Hann vill aldrei ríða
- Hann býr enn þá hjá foreldrum sínum
- Hann heldur framhjá
- Hann heimtar að fá lykilorðið að Facebook-síðu þinni
- Hann er vondur við hvolpa og önnur dýr
- Hann talar um uppáhaldsfótboltaliðið sitt eins og hann sé í því
- Hann er með manneskju sem tekur mark á svona listum



Ragnheiður Eiríksdóttir er hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi.
raggaeriks.com
raggaeriks@gmail.com



NÝ FORD TRANSIT 18 MANNA RÚTA

Með dráttarkrókur og olíu miðstöð
Verð 4,9 +vsk skráð á númer



NÝ BÍLA/TÆKJA/VÖRUFLOTNINGAKERRA MEÐ INNBYGGÐUM SLISKJUM, NIÐURFELLANLEGUM ÁLSKJÓLBORÐUM

Lengd á palli 4,06 mtr breidd 2 metrar burðargeta
2050 kg heildarþingd 2700 kg
Vönduð kerra.
verð 680.000 + vsk skráð á númer



NÝR FORD TRANSIT 4X4 VINNUBÍLL

7 manna 170 hestöfl, dráttarkrókur
4,9 + vask skráður



NÝ BODDÍKERRA

Með einni hurð, nefhjól, löpp aftan.
Boddí lengd 253cm, breidd 130 cm, hæð 148
Verð 490.000 +vsk

UPPLÝSINGAR GEFUR BÓAS EÐVALDSSON - B1.IS - SÍMI 7775007

VERKFERILL



- ALHLIÐA MÁLNINGARÞJÓNUSTA -

- ➔ MÁLUN, INNI/ÚTI
- ➔ SPÖRTLUN/
SANDSPÖRTLUN
- ➔ LÖKKUN
- ➔ MÁLUN ÞAKA
- ➔ OG FLEIRA

Við höfum reynslu af öllum stigum framkvæmda bæði sem undirverktakar og sem aðalverktakar. Verkferill er í samstarfi við faglærða iðnaðarmenn úr öllum geirum byggingariðnaðarins og því vel í stakk búnir til þess að gera tilboð og hafa yfirumsjón með flestum þáttum tengdum mannvirkjagerð.



Helgarkrossgátan

				kúvenda		skítugar	ferskur			
		fjallið								
		greinir			goð eins um u					
		nuddaðar								
		kvabb					mánuður- inn			
krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	↓	hæðir	línu	svifryk	bölv	Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð	↓	kropp hellir		
lokur						2 eins		náð deig		
vömb						hátið			auðlind	2
ílát				séður makkaróna		7				
eldstæði						iðka		fanga skálm		pysjurnar
1000		kvendýr keyrð			spúa			dýrahljóð þvaga		
galdur					fuglinn					
öfug röð			þreytt druna					skammir		matjurt
ala					hvað?	galsa				8
fram				úrgangur greiðir		3		utan rjúfa		
6		flauta								
eina til					systir	slæm			iðnaðar- mennina	strunsað
		hamala	gerlegt sæmdína					þjóð 2 eins		
	↳					egndar alúðlegar				
vindinn	1							↳		
	einblína	tæmdar eldfjalli						snöggur	samtök kappnægt	
djásn				strákapör dá				flutt		
borðandi					glepja		5			2 eins
2 eins			yta		4	árfaðirinn				
tómt					skertan					

1	2	3	4	5	6	7	8
---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

8		5	6		2	4	1	
		2	8	1			6	7
	6	3	4				9	2
	8		3					5
	1	4	7	5	6		2	
	5	7		2		1		4
7							8	
4	2							
		6			9			

Erfið

3			5				6
	4		6	9			1
	9		7	4	5		2
	5					3	
4			8			1	
					3	6	
		5				9	
	6	2		3	1		
				8	5		7

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ

www.forlagid.is

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Rósalind Ósk Alvarsdóttir

Baugakór 23

203 Kópavogi

Lausnarorðið var SKÓLATASKA

Rósalind hlýtur að launum bókina Syndaflið



Í verðlaun fyrir gátu helgar-
bláðsins er bókin Líkblómið

Höfundur: Anne Mette Hancock
Taugatrekkjandi sálfræðitryllir um réttlæti, hefnd og fyrirgefningu; saga sem grípur lesandann frá fyrstu málsgrein.

Heloise Kaldan upplifir martröð blaðamannsins: Heimildirnar sem hún hafði fyrir stóra skúbbinu sínu reynast falsaðar og allt er í uppnámi – í vinnunni jafnt sem einkalíf-
inu. Og einmitt þá taka henni að berast bréf frá Önnu Kiel, sem er eftirlýst fyrir morð á
ungum lögfræðingi. Heloise fer að grafast fyrir um málið – og þá er framíð annað morð.
Er Anna Kiel aftur komin á kreik eða eru morðingjarnir tveir? Hvernig tengjast málin
Heloise – og er líf hennar sjálfrar í hættu?

Líkblómið er fyrsta bók Anne Mette Hancock, sagnfræðings og blaðamanns, og hefur
hlotið mjög góðar viðtökur.

Nanna B. Þórsdóttir þýddi.

JS Watch co.
REYKJAVIK

KLASSÍSK ÍSLENSK ÚR

FYRIR ÖLL TÆKIFÆRI



Úrsmíðameistari okkar missir aldrei einbeitinguna

Vegna annálaðrar einbeitingar, nákvæmni og 45 ára reynslu, tryggir úrsmíðameistarinn gæði íslensku úranna. Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100

HÖRMUNGARBYRJUN HAMRENS

Versta byrjun landsliðspjálfara í mörg ár ■ Erfiðir andstæðingar og meiðsli lykilmanna höfðu áhrif

Hörður Snævar Jónsson
hodd@433.is



Það byrjar ekki vel hjá Erik Hamren, þjálfara íslenska karlalandsliðsins í fótbolta, en fyrsta verkefni hans með hópinn er á enda. Íslenska liðið var rassskelt í fyrsta leik Hamrens. Sá leikur fór fram ytra gegn Sviss og tapaðist 6-0. Hamren stýrði svo sínum fyrsta heimaleik í vikunni og unnu Belgar nokkuð auðveldan 0-3 sigur. Byrjun Hamrens er slæm og ef síðustu 20 ár eru skoðuð þá kemur Hamren ekki vel út.

Mistök í sínum fyrsta landsleik

Hamren gerði sig sekan um mistök í sínum fyrsta landsleik og hefur í raun viðurkennt þau. Hann spilaði með leikkerfið, 4-4-2 í tapinu gegn Sviss. Íslenska liðið var undirmannað á miðsvæðinu sem varð til þess að vörmin fékk afar mörg áhlaup á sig. Fjarvera lykilmanna hefur heldur ekki hjálpað Hamren í byrj-

un. Jóhann Berg Guðmundsson og Aron Einar Gunnarsson leika í ensku úrvalsdeildinni og misstu af báðum leikjunum, Alfreð Finnbogason hefur verið duglegur að skora fyrir liðið og leikur í þýsku úrvalsdeildinni, hann gat ekki tekið þátt í verkefnum. Emil Hallfredsson, sem leikur í úrvalsdeildinni á Ítalíu, missti af fyrri leiknum, það sást svo gegn Belgíu hvað hann hjálpar liðinu mikið. Íslenska liðið má illa við því að missa menn í meiðsli og hvað þá þegar um er að ræða fjóra af þeim fimm leikmönnum sem leika í fjórum sterkustu deildum í heimi.

Hamren var sáttur þrátt fyrir tap

Hamren var ánægður með landsliðið í leiknum gegn Belgíu þrátt fyrir um væri að ræða fyrsta tap liðsins á heimavelli, í keppnisleik, frá því í júní árið

2013. „Við getum verið sáttir við frammistöðuna á móti einu besta liði í heimi. Þeir spila góðan fótbolta. Það eina sem ég var ekki sáttur við var að skora ekki mark. Við unnum eins og lið í 90 mínútur, ólíkt því sem við gerðum á móti Sviss. Þar vorum við 11 einstaklingar. Við verðum að spila sem lið á móti liði eins og Belgíu. Þú getur verið sigurvegari þrátt fyrir að tapa.

Erfiðasta byrjun sem þjálfari gat fengið

Fyrstu fimm leikir Hamrens í starfi eru þeir erfiðustu sem íslenskur landsliðspjálfi hefur fengið. Tveir leikir gegn Belgíu,



næstbestu knattspyrnuþjóð í heimi, Sviss, sem er áttunda besta landslið í heimi, og æfingarleikur gegn Frakklandi sem eru heimsmeistarar. „Ég vissi að fyrstu fimm leikirnir væru erfiðir. Frakkar, Belgar tvisvar og Sviss tvisvar. Við verðum að reyna að spila vel og ná í úrslit og verða eitt af tíu bestu liðunum fyrir dráttinn í undankeppni EM.“

Kemur illa út í samanburði

Í samanburði við þá átta þjálfara sem stýrt

hafa landsliðinu í 21 ár þá kemur Hamren illa út. Um er að ræða samanburð úr keppnisleikjum en flestir af þessum þjálfurum fengu æfingarleiki til að byrja með. Það er hægt að finna til með Hamren en á móti kemur þá tekur hann við besta íslenska landsliði sem við höfum átt. Aðeins Atli Eðvaldsson hefur ekki náð í stig í fyrstu tveimur leikjum sínum í starfi síðustu ár. ■

Lars Lagerbäck - 2012
Ísland 2-0 Noregur
Kýpur 1-0 Ísland
Stigafjöldi - 3
Markatala = Eitt mark í plús

Heimir Hallgrímsson - 2016
Úkraína 1-1 Ísland
Ísland 3-2 Finnland
Stigafjöldi - 4
Markatala = Eitt mark í plús

Guðjón Þórðarson - 1997
Liechtenstein 0-4 Ísland
Ísland 2-4 Írland
Stigafjöldi - 3
Markatala = Tvö mörk í plús



Erik Hamren - 2018
Sviss 6-0 Ísland
Ísland 0-3 Belgía
Stigafjöldi - 0
Markatala = 9 mörk í mínus



Logi Ólafsson og Ásgeir Sigurvinsson - 2003
Ísland 2-1 Færeyjar
Lítháen 0-3 Ísland
Stigafjöldi - 6
Markatala = Fjögur mörk í plús



Eyjólfur Sverrisson - 2006
Norður-Írland 0-3 Ísland
Ísland 0-2 Danmörk
Stigafjöldi - 3
Markatala = Eitt mark í plús



Atli Eðvaldsson - 2000
Ísland 1-2 Danmörk
Tékkland 4-0 Ísland
Stigafjöldi - 0
Markatala = Fimm mörk í mínus



Ólafur Jóhannesson 2007/2008
Danmörk 3-0 Ísland
Noregur 2-2 Ísland
Stigafjöldi - 1
Markatala = Þrjú mörk í mínus

Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!



Rúm, springdýnur, sængurver,
púðar, rúmteppi & gjafavara!
...við erum með þetta allt og meira til!



Við vorum að taka upp nýja
sendingu af ilmstrám og
ilmkertum frá Mysenso.



Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á [facebook](https://www.facebook.com/rbrum)

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað

SAKAMÁL



5. ágúst, 2012, skaut Bandaríkjamadurinn Wade Michael Page sex manns til bana og særði fjóra að auki í sikha-hofi í Oak Creek í Wisconsin. Ástæðu morðanna mátti sennilega rekja til þess að Page trúði á yfirburði hvíta kynbáttarins. Sjálfur svipti Page sig lífi með skoti í höfuðið eftir að hafa fengið skot í kviðinn úr byssu lögreglu sem mætti á svæðið.

Lori Gale Billingsley Lík hennar fannst vafið inn í alblóðuga ábreiðu.

30 ÁRA DÓMUR FÉLL EFTIR 30 ÁR

■ Lori Gale var myrt árið 1982 ■ Málið safnaði ryki í fjölmörg ár

GJAFFA VÖRUDAGAR



GJAFVARA
20%
AFSLÁTTUR

Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbot 4 - Akureyri

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Bandarísku stúlkunni Lori Gale Billingsley var lýst sem „líflegri, hlýrri og góðhjartaðri“ persónu. Lori glímdi við flogaveiki en lét það ekki hafa áhrif á tilveruna. Þann 11. október, 1982, fannst Lori, þá 17 ára, látin í skólpræsi við Southwest Miller-veg í Beaverton í Oregon-fylki. Líki hennar hafði verið vafið inn í rykhlíf sem var alblóðug.

Lögreglan taldi sig þá þegar vita hver morðinginn var; Kenneth Lee Hicks, 19 ára, sem bjó á næstu hæð fyrir neðan íbúð Lori.

Var vingjarnleg

Alkunna var að Kenneth hafði verið nánast blindaður af ást til Lori. Hún hafði ekki endurgoldið tilfinningar hans en engu að síður sýnt honum vinsemd og verið honum innan handar þegar hann átti erfitt.

Hvað sem mögulegri óskhyggju Kenneths leið, þá bar Lori ekki nokkrar tilfinningar til hans og þau höfðu aldrei ruglað saman reytum.

Daginn sem Lori hvarf hafði sést til hennar og Kenneths þar sem þau gengu saman út í búð.

Rekinn að heiman

Einhver vandræði höfðu verið á Kenneth og hafði oft slegið í brýnu milli hans og ættingja hans. Nokkrum mánuðum áður en Lori

Þetta var ekki í fyrsta eða síðasta skipti sem sakborningur notaði hendur sínar og vasahníf til illra verka

hvarf hafði Kenneth verið kastað á dyr á heimili sínu og gert að sjá um sig sjálfur.

Þá hafði Lori kennt í brjósti um Kenneth og, kannski fyrir tilstuðlan hennar, sá móðir hennar aumur á honum og leyfði honum að liggja á sófanum á heimili þeirra um nokkurra vikna skeið.

Kenneth var þó ekki lengi heimilislaus því frændi hans og frænka tóku hann inn á þeirra heimili á neðri hæðinni.

Stungin tólf sinnum

Þegar Lori hvarf var það systir hennar, Vickie, sem fyrst hóf leit að henni. Vickie, sem var fjórum árum yngri en Lori, var þess fullviss að systir hennar hefði ekki skilið flogaveikilyfin eftir heima ef hún hygði á langa fjarveru.

Leit Vickie bar ekki árangur og



88 ára konu, Alice Covington, var drekkt í baðkari á heimili sínu, í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum, þann 12. maí 1998. Morðinginn var Carlette nokkur Parker sem vann við heimabjónustu. Fyrir morðið hafði Parker tekið út fé af reikningi Covington. Parker var enginn nýgræðingur í glæpum og árið 1985 játaði hún sig seka um að hafa með svikum og þrettum haft 44.000 dali af aldraðri konu, Catherine Stevenson. Parker fékk dauðadóm árið 1999.

JAMAZAZ



Kenneth Lee Hicks Taldi sig sennilega hafa sloppið fyrir horn.



Mike O'Connell Rannsóknarlög-reglumaðurinn sem ekki gafst upp.

Eftir að ég varð 18 ára hringdi ég stöðugt og minnti rannsóknarlög-regluna á málið

var því lýst eftir Lori. Tólf klukkustundum eftir að hún hvarf fannst líkið af henni og bar það merki um barsmíðar og kynferðislegt ofbeldi auk þess sem ljóst var að Lori hafði verið stungin tólf sinnum.

Þrátt fyrir grunsemdir lög-reglunnar um sekt Kenneths var DNA-tæknin skammt á veg komin og var af þeim sökum ekki hægt að bendla hann með óyggjandi hætti við morðið.

Geymt en ekki gleymt

Árin liðu og málið var geymt en ekki gleymt. Vickie var óþreytandi við að minna lögregluna á málið enda hafði hún lofað móður sinni því. Jafnvel eftir að for-eldrar systranna voru látnir hélt hún uppteknum hætti.

„Ég hugsaði ekki stöðugt um málið, en hélt því á lífi. Eftir að ég varð 18 ára hringdi ég stöðugt og minnti rannsóknarlög-regluna á það,“ sagði Vickie.

Í desember, árið 2010, fékk Mike O'Connell málið til rannsóknar. Þegar þar var komið sögu var Mike, sem hafði verið á snærum lögreglu Washington-sýslu, strangt til tekið sestur í helgan stein en var þó í hlutastarfi við að skoða gömul, óupplýst mál.

Ný DNA-tækni

Mike O'Connell fannst það tilraunarinna virði að greina gömlu lífsýnin á ný og lét gera það. Engin samsvörun fannst í gagnagrunni lögreglunnar. Mike lét það bakslag ekki á sig fá og fór

fram á heimild til að krefjast lífsýnis úr Kenneth.

Það tók aldeilis tímann að fá þá heimild og Mike fékk ekki grænt ljós fyrr en tveimur árum síðar. Niðurstaðan var óvefengjanleg; lífsýni úr Kenneth höfðu fundist á líki Lori.

Sennilega hélt Kenneth að grunsemdir um aðild hans að morðinu á Lori heyrðu sögunni til, en fortíðin á það til að ná í skottið á manni og sú varð raunin hjá Kenneth. Þann 27. febrúar 2013, rúmum 30 árum eftir morðið, var hann handtekinn.

Ruglingsleg tilvera

Tilvera Kenneths hafði ekki orðið einfaldari eftir að hann myrti Lori og líf hans einkenndist af ýmsum vendingum. Hann gerðist vöruflutningabílstjóri, fékk viðvörun vegna líkamsárásar á fyrrverandi kærustu, gekk í hjónaband og tók þátt í uppeldi tveggja stjúpsona.

Reyndar hafði hann einnig eignast tvö börn með tveimur konum, en látið sig litlu varða uppeldi þeirra.

Drukinn og reiður daginn þann

Við réttarhöldin sagðist Kenneth vera saklaus en aðstoðarsaksnarinn hafði á orði að hann „gæti ekki snúið á tæknina“ og vísaði þar til niðurstöðu DNA-rannsóknar. Kenneth sjálfur tjáði sig ekki við réttarhöldin og sýndi engar tilfinningar þegar á þau leið.

Aðstoðarsaksnarinn sagði að verknaður Kenneths hefði að hans mati verið „verkillrar manneskju.“ Sagði hann enn fremur að Kenneth hefði daginn þann verið drukinn og reiður eftir að hafa verið neitað um kynlíf af annarri stúlku. Líklega hefði Lori einnig hafnað svipuðum þreifingum og gildið fyrir með lífi sínu.

Drap kanínu og hund

„Þetta var ekki í fyrsta eða síðasta skipti sem sakborningur notaði hendur sínar og vasahníf til illra

verka,“ sagði aðstoðarsaksnarinn. Bætti hann við að Kenneth hefði eitt sinn verið gripinn glóðvolgur við að murka líftórana úr kanínu. Seinna hefði hann skorið hund frænda síns á háls.

Kviðdómur réð ráðum sínum í um fimm klukkustundir og komst að lokum að þeirri niðurstöðu að Kenneth Lee væri sekur um morðið á Lori. Dómarinn, Thomas Kohl, felldi síðan þann dóm að Kenneth skyldi afplána að minnsta kosti 15 ár af þeim 30 ára fangelsisdómi sem hann fékk.

Það tók 30 ár, en að lokum náði réttlætið fram að ganga.■

Í dómsal

Kenneth sýndi engar tilfinningar við réttarhöldin.



HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

ÁSTIN LIFIR EKKI ALLTAF AÐ EILÍFU

Ástin, eins dásamleg og hún er, endist ekki alltaf í samböndum og þör slíta þeim af af ýmsum ástæðum eða jafnvel engri.

Svala og Einar skilin

Það hefur ekki farið framhjá neinum sem fylgist með íslensku tónlistar- og skemmtanalífi að ein dádasta söngkona landsins, Svala Björgvins, er flutt aftur til Íslands. Hún hefur ekki setið auðum höndum síðan og hefur vart undan að taka að sér verkefni, meðal annars nýtt lag og myndband með Reykjavíkurdætrum auk þess að troða upp með Stjórninni og Siggju Beinteins.

Þetta er tími mikilla breytinga hjá Svölu því heimildir herma að hún og eiginmaður hennar, Einar Egilsson, séu að ganga í gegnum skilnað. Þannig varð Einar eftir í Los Angeles í Bandaríkjunum þar sem parið hefur haldið heimili undanfarin ár.

Svala og Einar hafa verið kærustupar í tæpan aldarfjórðung en þau giftu sig með pomp og prakt í Landakotskirkju í júlí 2013. Þau hafa í gegnum tíðina starfað saman að tónlist og skipuðu meðal annars tríóið

Steed Lord, ásamt Edda, bróður Einars.

Í apríl 2008 beið þjóðin með öndina í hálsinum þegar fréttist af alvarlegu umferðarslysi sem Svala og Einar höfðu lent í á Reykjanesbraut ásamt Edda og föður bræðranna, Agli Einarsyni, upptökustjóra á RÚV. Áreksturinn var harður og mátti teljast mikil mildi að enginn hafi látið lífið í slysinu. Einar slasaðist mest af fjórmenningunum og þurfti meðal annars að dveljast á spítala í tvo og hálfan mánuð til þess að fá bót meina sinna.

Á brattann að sækja: Rikka og Haraldur hætt saman

Eitt glæsilegasta par landsins, Friðrika Hjördís Geirsdóttir og Haraldur Örn Ólafsson, hafa nú slitið sambandi sínu. Friðrika Hjördís, eða Rikka eins og hún er alltaf kölluð, er Íslendingum að góðu kunn enda hefur hún starfað í fjölmiðlum um marga ára skeið og vakið sérstaka lukku sem matgæðingur og sælkeri. Haraldur Örn er síðan einn helsti afreksmaður Íslendinga þegar kemur að útivist og fjallamennsku en hann var fyrstur Íslendinga til þess að ganga á norður- og suðurpólinn



auk þess að klífa sjö hæstu tinda heims.

Parið fór að stinga saman nefjum fyrir tæpum þremur árum en þá höfðu þau verið vinir um skeið. Þau fundu sameiginlega ástríðu í útivistinni og fóru meðal annars saman í ævintýraferðir til Hamalajafjalla og var þeirri ferð gerð góð skil í fjölmiðlum. En núna er ævintýr-

inu lokið og parið hefur ákveðið að halda á sinn pólinn hvort.

Ástin fölnaði

Óhætt er að fullyrða að landsmenn séu í sárum yfir skilnaði tveggja dádustu Íslendinganna í íþróttum og listum, leikkonunnar Ágústu Evu Erlendsdóttur og handboltakappans Arons Pálmasonar. Óljósar

fregnir af skilnaðinum bárust í sumar en þó var ekki á vísan að róa enda hafði parið verið í fjarbúð um nokkurt skeið. Segja má að endanleg staðfesting hafi borist þegar Ágústa Eva og Aron voru hvort á sínum listanum yfir álitlega einhleypa Íslendinga hjá biræfnum fjölmiðli á dögungum. ■



BORÐPLÖTUR & SÓLBEEKKIR



Fanntófell

Gylfaflöt 6 - 8
S. 587 - 6688
fanntofell.is

Bætt heilsa og betri líðan með
Natural Health Labs
100% náttúruleg bætiefni



„Hreinleiki, gæði og virkni
skiptir mig miklu máli
þegar ég vel fæðubótarefni.

Þess vegna mæli ég tvímælaust
með vörum frá Natural Health
Labs.“

Helga Lind – Pilateskennari
og einkaþjálfari

Natural Health Labs
eru hrein náttúruleg bætiefni
sem innihalda hvorki
rotvarnarefni né fylliefni og
eru án allra aukaefna.

Útsölustaðir: Fæst í öllum helstu
apótekum, heilsuverslunum og
heilsuhillum stórverslana.



www.balsam.is

FRAMÚRSTEFNA Í KVIKMYNDAGERÐ OG MANNRÉTTINDAMÁL Í BRENNIDEPLI

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Ár hvert safnast saman bíógestir úr öllum áttum, í ellefu daga, til að njóta fjölbreyttra og menningarlegra kvikmynda í höfuðborg Íslands. Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík (RIFF) fer af stað með herlegheitum í næstu viku og fagnar fimmtán ára afmæli sínu í ár og sjást engin merki um hjöðnun.

Gera má ráð fyrir því að dag-

skráin verði þéttari en nokkru sinni fyrir og mæta merkir gestir á borð við stórleikarana Mads Mikkelsen og Shailene Woodley. Hinn fyrnefndi tekur á móti sérstökum heiðursverðlaunum fyrir framúrskarandi listrænan leik á ferli sínum á meðan Woodley hefur verið skipuð formaður dómnefndar í aðalflokki hátíðarinnar, Vitranir. Á hátíðinni verða sýndar þrjár kvikmyndir með leikkonunni og eru það Big Little Lies, The Descendants og Adrift eftir Baltasar Kormák.

Þess má einnig geta að svo-

nefndur guðfaðir framúrstefnukvikmyndagerðar, Jonas Mekas, verður heiðursgestur RIFF í ár en hann hefur unnið náið með listamönnum Andy Warhol, John Lennon og Salvador Dalí.

Sem fyrir býðst gestum að spjalla við leikstjóra um verk þeirra, sækja málþing og fyrirlestra, tónleika og listasýningar, auk þess að njóta kvikmynda með óhefðbundnum hætti, meðal annars í sundi, í helli eða jafnvel í stofunni hjá þekktum kvikmyndagerðarmanni. Fjöldi erlendra blaðamanna og bransafólks sækir hátíðina ár hvert.

Kvikmyndir hafa oft verið breytingarafl í heiminum og hafa heimildamyndir sífellt skipað stærri sess í dagskrá hátíðarinnar með hverju ári. Einnig fá leiknar myndir sem snúa að mannréttindum, lífsgæðum og umhverfismálum veglegt pláss þetta árið.

Dagskráin á fimmtán ára afmælishátíðinni setur unga kvikmyndagerðarmenn og fram-sækna kvikmyndagerð á oddinn. Aðalverðlaun hátíðarinnar, Gyllti lundinn, eru til dæmis tileinkuð kvikmyndagerðarmanni fyrir hans fyrstu eða aðra mynd.

Í gegnum árin hefur Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík tekið á móti ýmsu veglegu fagfólki, en á meðal þess má nefna Mike Leigh, Darren Aronofsky, Susanne Bier, Hal Hartley, Béla Tarr, Marjane Satrapi, Jim Jarmusch, Atom Egoyan, Andrea Arnold, Lone Scherfig og Dario Argento.

DV býður lesendum tækifæri til að vinna sérstaka passa sem gilda fyrir tvo á kvikmyndahátíðina. Getraun fer fram á DV.is og stendur leikurinn fram að upphafi hátíðarinnar. ■




ÓSAL

Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanivagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantarir á varahlutum.

„Daði Freyr, nýr ritstjóri Dagblaðsins“

Daði Freyr Pétursson tónlistarmaður heillaði hug og hjörtu Íslendinga þegar hann tók þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins á síðasta ári, en hann endaði í öðru sæti. Daði Freyr er búsettur í Berlín þar sem hann vinnur í tónlist sinni, en hann kemur reglulega til Ísland og heldur tónleika. Þann 7. september hélt hann útgáfutónleika vegna plötunnar Næsta skref á Prikinu, en platan inniheldur fimm lög. Daði Freyr notaði flugið milli landa til að svara nokkrum spurningum fyrir lesendur DV.

Hvað finnst þér að eigi að kenna í skólum sem er ekki kennt þar núna? Það er mjög margt sem mér finnst að ætti að vera kennt í skólum sem ekki er gert. Ég var að stofna fyrirtæki og þurfti að læra allt varðandi virdisaukaskatt, staðgreiðslu, lífeyrissjóði og þess háttar frá grunni. Hefði alveg verið til í að fá grunninn af þessu bæði í grunnskóla og framhaldsskóla.

Ef þú þyrftir að eyða einni milljón á klukkutíma, í hvaða verslun færir þú? Ég færi í Tónastöðina og mundi ekki þurfa klukkutíma.

Ef þú þyrftir að dansa til að bjarga lífinu, undir hvaða lagi myndir þú vilja dansa? The Music með Marcus Marr.

Hvaða bímynd hefurðu séð oftast? Annaðhvort School of Rock (besta mynd allra tíma), Toy Story 2 eða Mulan, ég er ekki alveg viss.

Borðarðu mat sem er kominn fram yfir síðasta sölundag? Já.

Á hvern öskraðirðu síðast? Tónleikagesti á Prikinu um daginn. Samt bara til að þetta líði.

Hvaða einstakling finnst þér þú þekkjast, þótt þú hafir aldrei hitt hann? Will Ferrel. Ég hugsa að honum líði eins.

Hvaða viðburð sérðu mest eftir að hafa

misst af? Hróarskeldu 2014, 2015, 2016, 2017 og 2018.

Hvaða tveir hlutir eru hræðilegir hvor í sínu lagi en frábærir saman? MC Daði og MC Jökull.

Hvert er þitt stærsta líkamlega afrek í lífinu? Ég er 208 sentimetrar.

Hvaða kvikmynd þætti þér helst við hæfi að breyta í söngleik? Lord of the Rings.

Hvað verður orðið hallærislegt eftir 5 ár? Vonandi ekki ég, en sennilega ég.

Hvaða teiknimyndapersónu myndir þú vilja eiga sem vin? Andrés önd, hann hefur nú samt verið vinur minn í mörg ár.

Hvað myndir þú nefna landið okkar ef við þyrftum að breyta? Daðaland, er það ekki eitthvað?

Hvað ættu allir að prófa að minnsta kosti einu sinni í lífinu? Að fara til framandi landa.

Ef þú værir ritstjóri dagblaðs og sama daginn myndist Lagarfljótsormurinn, Frikki Dór ynni Eurovision fyrir Íslands hönd og Donald Trump yrði myrtur. Hver væri stærsta fyrirsögnin í blaðinu þínu daginn eftir? Daði Freyr, nýr ritstjóri Dagblaðsins.



HIN HLÍÐIN

Ef þú kæmir einn daginn heim úr vinnunni og þar væri enginn nema Geir

Ólafsson í sturtu, myndir þú hringja í lögregluna? Já.

Hver er tilgangurinn með þessu jarðlífi? Hver er ég?

Fótboltamenn gefa treyjur til styrktar góðum málefnum

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Sturlaugur Haraldsson og Ivan Elí Du Teitsson standa að vefsíðunni CharityShirts. Ís þar sem fótboltamenn gefa eigin treyjur til styrktar góðu málefni. Ein treyja er í boði í einu, viðkomandi leikmaður velur sér góðgerðarfélag og rennur allur ágóði til þess félags.

„Við erum tveir strákar af Sel-tjarnarnesi sem höfum verið að vinna að skemmtilegum verkefnum saman. Bæði hafa þessi verkefni verið fyrir okkur og önnur fyrirtæki,“ segir Sturlaugur. Þeir eru báðir 27 ára, Sturlaugur starfar sem flugþjónn og Ivan sem tölvunarfræðingur og ólust þeir upp saman í Gróttu, þar sem þeir spiluðu fótbolta.

„Okkur fannst þetta skemmtilegt verkefni og þessi leið hefur ekki verið farin áður, oftast er þetta fast verð sem fyrirtæki og efnaðir hafa kannski meiri aðgang að, sem er gott mál, en okkur fast áhuga-vert að prófa að fara þá leið að allir geti tekið þátt,“ segir Sturlaugur aðspurður af hverju þessi leið var farin til að láta gott af sér leiða. „Við þekkjum einhverja af þessum leikmönnum, höfum keppt á móti öðrum og erum með tengingu við fleiri, einnig hafa atvinnumenn/konur verið jákvæð þegar við höfum nálgast þau til að fá treyjur.“

Þetta fer þannig fram að viðkomandi leikmaður velur sér góð-



gerðarfélag og rennur allur ágóði af hans treyju til þess félags,“ segir Sturlaugur. „Nýr leikur byrjar annað hvert mánudagskvöld og stendur í tvær vikur, og er dregið á Facebook „live“ klukkan 19 annan hvern mánudag. Þeir sem vilja eignast treyjuna kaupa lottómiða, einn miði kostar 1.000 kr. og fær viðkomandi tölvupóst með sínu lukkunúmeri/um.“

Þessa vikuna og fram á mánudag er uppboð á treyju Sifjar Atladóttur, landsliðskonu og leikmanns með sænska liðinu Kristianstads DFF. Sif var Íslandsmeistari með Val árin 2007, 2008 og 2009, hún hefur leikið 76 leiki með íslenska kvennalandsliðinu og lék með því á Evrópumeistararmótinu árin 2009, 2013 og 2017. Hún hefur þegar leikið 134 leiki

með Kristianstads DFF.

Sif er með áritaða íslenska landsliðstreyju frá EM 2017 á móti Frakklandi. Sif valdi að ágóði af hennar treyju myndi renna til Krabbameinsfélags Íslands.

Þeir sem þegar hafa gefið treyju og völdu sér góðgerðarfélag eru Aron Jóhannsson (Barnaspítali Hringssins), Rúnar Alex Rúnarsson (Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna), Kári Árnason (Barnaspítali Hringssins), og Andri Rúnar Bjarnason (Parkinsonsamtökin).

Þegar uppboði Sifjar lýkur á mánudagskvöld kl. 19, tekur næsta uppboð við. Landsliðsmaðurinn Rúrik Gíslason tekur þá við og gefur treyju til styrktar góðu málefni.

Fylgjast má með CharityShirts bæði á heimasíðu og Facebook-síðu þeirra. ■



ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

í Orkuhúsinu Suðurlandsbraut

Höfum ákveðið að vera með tilboð í hverri viku
- byrjum á Brooks skóm vikuna 17. - 22. sept.

Allir nýir skór á 20% afslætti og fullt af frábærum skóm á 12.000 kr.

Höfum opnað glæsilega sölusíðu
www.gongugreining.is

Erum líka í Bæjarlind 4
Kópavogi

Hlaup á hörðu undirlagi s.s. malbik og hlaupabretti



NÝ SKÓGERÐ

23.990,-

Bedlam

- Súper fjaðrandi æfingaskór sem hendir þér áfram
- Stöðugleikarammi allan hringinn
- Nýr byltingarkenndur DNA Amp fjaðrandi miðsóli



22.990,-

Glycerin 16

- Súper mjúkur og höggdempandi æfingaskór með nýjan DNA Loft miðsóla.
- Færir höggið til hliðar og minnkar þannig álag á liði og bak.
- Hlutlaus styrking
- Áreynslulaus færsla frá niðurstigi að fráspyrnu
- Yfirbyggingin faðmar fótinn með 3D Fit print.
- Þessi einfaldlega fer frábærlega með þig í löngum stöðum, göngum og hlaupum.



22.990,-

Levitate 2

- Fjaðrandi DNA Amp miðsóli
- Hlutlaus styrking
- Sveigjanlegur sóli með örvamunstri ýtir þér hratt áfram
- Bólstraður hælakappinn minnkar líkur á nuddi og ver hásinina
- 100% meira fjaðrandi en Boost sólinn.



19.990,-

Adrenaline 18

- Höggdempandi
- Styrktur að innanverðu
- Var að fá Editors choice verðlaun hjá Runners World sem bara 2-4 skór hljóta á ári og einungis þeir skór koma til greina sem skór ársins.



Skór ársins!

19.990,-

Ghost 11

- Höggdempandi og breiður fram
- Hlutlaus styrking
- Líka til Gore tex 100% vatnsheldur
- Kosinn besti hlaupaskór í heimi 2017 og búin að fá EC á þessu ári í 7 sinn á 10 árum.
- Hugsanlega besti hlaupaskór sem þú getur fengið
- Líka til ekstra breiður (bleikur)



18.990,-

Ravenna 9

- Fjaðrandi
- Styrktur að innanverðu
- „Best Buy“ hjá RW, færð einfaldlega mikið fyrir peninginn
- Færir þig hratt en áreynslulaust áfram

Fyrir ræktina



17.990,-

Pure Flow 7 250 gr. 4 mm drop

- BioMoG Höggdempandi miðsóli
- Hlutlaus styrking
- Yfirbyggingin faðmar þig eins og sokkur
- Rúnaður hællinn og lítið drop færir þig framár á fótinn
- Til í Crossfit, tækjasalinn á hlaupabrettið og í hóptímann.



19.990,-

Pure Cadence 7 255 gr. 4 mm drop

- Höggdempandi
- Guide Rails stýring á niðurstigi
- Rúnaður hællinn og lítið drop færir þig framár á fótinn
- Góður í ræktina og þú færð höggdempun og stuðning



17.990,-

Revel 2 289 gr. 12 mm drop

- Höggdempandi
- Hlutlaus
- Yfirbyggingin faðmar fótinn og gefur frábært Fit.
- Hitameðferð á garninu tryggir að táboxið haldi lögun sinni og styrk.
- Frábær í ræktina eða bara á götuna



19.990,-

Ravenna 9 269 gr. 10 mm drop

- Fjaðrandi
- Styrktur að innanverðu
- „Best Buy“ hjá RW, færð einfaldlega mikið fyrir peninginn
- Færir þig hratt en áreynslulaust áfram



17.990,-

Launch 5 255 gr. 10 mm drop

- Fjaðrandi sóli
- Léttur og lipur á fæti
- Fjaðrandi sólinn færir þig hratt áfram
- Hlutlaus styrking
- Bæði Boss jakkafatakarlarnir í Rvk. maraþoni í fyrra og Boss kjólakonurnar núna hlupu heilt maraþon í Launch

BROOKS

20% afsláttur af öllum skóm

Fyrir náttúruhlaup og göngutúrinn í náttúrunni



19.990,-

Cascadia 13 337 gr. 10 mm drop

- Höggdempandi æfingaskór
- Frábært grip bæði upp og niður brekkur
- Steinaplata í miðsóla
- Fengið fjölda verðlauna á þeim 13 árum sem hann hefur verið í línunni hjá Brooks



19.990,-

Caldera 2 281 gr. 4 mm drop

- Höggdempandi þykkbotna miðsóli
- Hlutlaus styrking
- Gott grip við allar aðstæður
- Frábær að losa vatn
- Editors choice há RW.... Enn einn verðlauna skórin
- Mýksti utanvegaskórin á markaðinum



18.990,-

Pure Grit 7 273 gr. 4 mm drop

- Heldur þér nálægt jörðinni
- Hlutlaus styrking
- Grip við allar aðstæður
- Frábær í golfið



17.990,-

Mazama 2 264 gr. 6 mm drop

- Hraður og léttur
- Hlutlaus styrking
- Plata sem kastar þér áfram, svipuð og í spretthlaupaskóm
- Recommended hjá RW.... Ef þú vilt hraða

Fyrir sérstaklega breiðan fót



22.990,-

Glycerin 16 301 gr. 10 mm drop

- Súper mjúkur og höggdempandi æfingaskór með nýjan DNA Loft miðsóla.
- Færir höggið til hliðar og minnkar þannið álag á liði og bak.
- Hlutlaus styrking
- Áreynslulaus færsla frá niðurstigi að fráspyrnu
- Yfirbyggingin faðmar fótinn með 3D Fit print.
- Þessi fer einfaldlega frábærlega með þig þegar þú stendur, gengur og hleypur



21.990,-

Dyad 4E 10 329 gr. 10 mm drop

- Mikil höggdempun
- 4E extra breiður og verulega stöðugur
- Sérstaklega gerður fyrir sérsmíðuð innlegg
- Ef þú ert með breiðan fót og notar innlegg



21.990,-

Addiction 13 377 gr. 12 mm drop

- Verulega styrktur að innanverðu
- 2E fyrir extra breidd
- BioMoGo DNA höggdempandi miðsóli
- Ef þú ert að vinna á fótunum, ert þungur/ur eða skökk/skakkur



EINS OG FÆTUR TOGA

www.gongugreining.is

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100

Hrafnhildur nær ekki endum saman

Hrafnhildur Guðmundsdóttir ellilífeyrisþegi er búsett í Danmörku og hefur gert það síðastliðinn áratug. Hún flutti út þegar hún var 65 ára með eiginmanni sínum og í samtali við DV gagnrýnir hún að þrátt fyrir að skattkerfið á Norðurlöndum sé samræmt þá njóti hún ekki góðs af þeim kjörum, líkt og ef hún byggði á Íslandi.

„Nú fara kjarasamningar að nálgast og minnihlutahópar virðast alltaf gleymast, við þessi ómerkilegu gömlu, því það er ómögulegt að vera ellilífeyris-

þegi og búa einn erlendis,“ segir Hrafnhildur, sem kann vel við sig í landinu og hælir heilbrigðisþjónustunni, en segir drauminn um að eyða ellinni þar vera þyrnum stráðan.

Að sögn Hrafnhildar lifir hún á núllinu í hverjum mánuði eftir greiðslu reikninga, á rétt á milli tíu til tuttugu þúsund í góðum mánuði, og segist þurfa að gera það út líf sitt. Hún hefur reynt allt og segir stöðu mála hafa alvarleg áhrif á hennar líðan, og ekki bætti úr skák þegar eiginmaður hennar féll frá. Hún fær enga heimilisupp-

bót frá Tryggingastofnun þar sem hún er búsett erlendis og fær ekkert frá danska ríkinu.

„Þetta er þjófnaður,“ segir Hrafnhildur. „Eftir skatt fæ ég útborgaðar 230.794 krónur, frá Tryggingastofnun, lífeyrissjóðnum og greiðslustofu lífeyrissjóða, og á þessu á ég að lifa góðu lífi.“

Hrafnhildur segir óheppni vera vægt til orða tekið í hennar tilfelli, en það er grunnur þeirra svara sem hún hefur fengið þegar hún hefur spurst fyrir um þessa kerfisglöppu. Þegar Hrafnhildur komst í samband við Félag eldri borgara

fékk hún þær upplýsingar að hátt í 1.100 Íslendingar fengju ekki heimilisuppbótina. En hver eru svörin frá danska ríkinu?

„Svörin sem ég fæ eru að ég hafi verið of gömul þegar ég flutti og ég sem eldri borgari hefði þurft að flytja áður, þó ekki nema nokkrum mánuðum áður, jafnvel tveimur vikum ef þannig hefði hitt á. En af því að ég flutti viku áður en ég varð 65 ára voru þeir búnir að loka mánuðinum í kerfinu og ég komst ekki þar inn og fæ ekki eina einustu krónu. Hefði ég flutt einni viku fyrr þá hefði ég fengið eitt-



hvað meira úr þessu. Þetta eru svo miklir djöfulsins fjótrar.“

Þegar Hrafnhildur hafði samband við velferðarráðuneytið batnaði líðan hennar ekkert. „Mér var sagt að ekkert væri hægt að gera, að mér hefði einfaldlega verið nær að búa á Íslandi.“ ■



Ástþór W. Magnússon.

Óþekkt ættartengsl

Ástþór W. Magnússon, raðframbjóðandi til embættis forseta Íslands, er móðurbróðir Jóns Gunnars-sonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins. Móðir Jóns heitir Erla D. Magnúsdóttir og er Ástþór yngsti bróðir hennar. Þeir Ástþór og Jón eru landsþekktir stjórnmálamenn og hafa oft komið fram á skjáum landsmanna.



Jón Gunnarsson

Jón hefur setið á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn frá árinu 2007 og var samgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi í skammlífrí ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar.

Ástþór hefur verið talsvert lengur í stjórnmálum en Jón, hann bauð sig fyrst fram til forseta árið 1996.

Gylfi seigur

Vandræði íslensku flugfélaganna fara ekki fram hjá neinum og óvíst hvernig þau æxlast. Icelandair leitar að nýjum forstjóra og gæti gert margt vitlausara en horfa til Gylfa Sigfússonar sem hefur stýrt Eimskipum af festu frá hrúni.

Gylfi er ekki mikið fyrir að ota sínum tota, en nýtur mikils trausts. Hann einn áhrifamesti maðurinn í íslensku viðskiptalífi nú um stundir og líklegt að Sam-

herjamenn, sem eiga nú stærstan hlut í skipafélaginu, verjist allri ásókn í forstjórnann af mikilli hörku.





FOSSBERG

Dugguvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími 5757 600 • www.fossberg.is

<p>MINI MAX Vörunr. SG035430 Verð: 6.995 kr.</p> <ul style="list-style-type: none"> • 450/900 lumen • 650/1.300 lux við 50 cm • Raflöðuending: 5/2,5 klst. • Þéttleiki: IP54 • Stærð: 196x187x43 mm • Þyngd: 730 g 	<p>MINI SLIM Vörunr. SG035610 Verð: 8.295 kr.</p> <ul style="list-style-type: none"> • 100/200 lumen Spot: 100 lumen • 150/400 lux við 50 cm Spot: 5.200 lux við 50 cm • Raflöðuending: 5/2,5 klst. Spot: 3 klst. • Stærð: 142x41x30 mm • Þyngd: 122 g 	<p>ZONE Vörunr. SG035426 Verð: 5.095 kr.</p> <ul style="list-style-type: none"> • 60/120 lumen • 110/220 lux við 50 cm • Hleðslutími: 3 klst. • Raflöðuending: 5/2,5 klst. • Þéttleiki: IP30 • Stærð: 95x34x35 mm • Þyngd: 66 g
---	---	---

<p>I-VIEW Vörunr. SG035026 Verð: 8.195 kr.</p> <ul style="list-style-type: none"> • 100/200 lumen • 300/500 lux við 50 cm • Hleðslutími: 4 klst. • Raflöðuending: 6/3 klst. • Vatnshelt IP65 • Stærð: 105x52x43 mm • Þyngd: 140 g <p>I-VIEW er með snertilausan ON/OFF skynjara</p>	<p>NOVA 5K C+R Vörunr. SG035443 Verð: 25.995 kr.</p> <ul style="list-style-type: none"> • 500-5.000 lumen • 8.000 lux við 50 cm • Hleðslutími: 2 klst. • Raflöðuending: 1-12 klst. • Straumur: 100-240V/42W • Vatnshelt að 1 m dýpi, IP67 • Höggþol IK107 • Stærð: 267x87x262 mm • Þyngd: 2,12 kg 	<p>Einnig til án hleðsluraflöðu</p>
---	---	--

<p>Byrjendapakki Vörunr. SG490204 Verð: 39.995 kr.</p>	<p>Verktakapakki Vörunr. SG490205 Verð: 139.995 kr.</p>										
<table border="0" style="width: 100%;"> <tr> <td style="width: 50%; vertical-align: top;"> <p>NOVA 5K C+R</p> <ul style="list-style-type: none"> • 500-5.000 lumen • 8.000 lux við 50 cm • Hleðslutími 2 klst. • Raflöðuending: 1-12 klst. • Vatnshelt IP67 • Höggþol IK07 • Stærð: 267x87x262 mm • Þyngd: 2,12 kg </td> <td style="width: 50%; vertical-align: top;"> <p>MINI MAX</p> <ul style="list-style-type: none"> • 450-900 lumen • 650-1.300 lux við 50 cm • Hleðslutími: 6 klst. • Raflöðuending: 5/2,5 klst. • Regnhelt IP54 • Höggþol IK07 • Stærð: 196x187x43 mm • Þyngd: 730 g </td> </tr> </table>	<p>NOVA 5K C+R</p> <ul style="list-style-type: none"> • 500-5.000 lumen • 8.000 lux við 50 cm • Hleðslutími 2 klst. • Raflöðuending: 1-12 klst. • Vatnshelt IP67 • Höggþol IK07 • Stærð: 267x87x262 mm • Þyngd: 2,12 kg 	<p>MINI MAX</p> <ul style="list-style-type: none"> • 450-900 lumen • 650-1.300 lux við 50 cm • Hleðslutími: 6 klst. • Raflöðuending: 5/2,5 klst. • Regnhelt IP54 • Höggþol IK07 • Stærð: 196x187x43 mm • Þyngd: 730 g 	<table border="0" style="width: 100%;"> <tr> <td style="width: 33%; vertical-align: top;"> <p>UNIPEN</p> <ul style="list-style-type: none"> • 100/50 Lumen • 160/485 lux við 50 cm • Hleðslutími: 3 klst. • Raflöðuending: 2,5 klst. • Vatnshelt IP65 • Stærð: 156x27x18 mm • Þyngd: 92 g </td> <td style="width: 33%; vertical-align: top;"> <p>I-VIEW</p> <ul style="list-style-type: none"> • 100/200 lumen • 300/500 lux við 50 cm • Hleðslutími: 4 klst. • Raflöðuending: 6/3 klst. • Vatnshelt IP65 • Stærð: 105x52x43 mm • Þyngd: 140 g </td> <td style="width: 33%; vertical-align: top;"> <p>NOVA 5K C+R</p> <ul style="list-style-type: none"> • 500-5.000 lumen • Raflöðuending: 1-12 klst. • 4 stk. </td> <td style="width: 33%; vertical-align: top;"> <p>Prífótur</p> <ul style="list-style-type: none"> • Útdranganlegur 1,35-3,0 m • Þyngd: 6 kg • 2 stk. </td> <td style="width: 33%; vertical-align: top;"> <p>Breytistykki</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tveggja ljósa breytistykki fyrir prífót • 2 stk. </td> </tr> <tr> <td style="width: 33%; vertical-align: top;"> <p>Bílhleðslutæki C+R</p> <ul style="list-style-type: none"> • 12/24V hleðslutæki fyrir C+R ljós • 1 stk. </td> <td style="width: 33%; vertical-align: top;"> <p>Stillansafesting</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fyrir ø 40-50 mm verkpalla og rör • 2 stk. </td> <td style="width: 33%; vertical-align: top;"> <p>Segulfesting</p> <ul style="list-style-type: none"> • Öflugir seglar halda allt að 10 kg hvor • 2 stk. </td> </tr> </table>	<p>UNIPEN</p> <ul style="list-style-type: none"> • 100/50 Lumen • 160/485 lux við 50 cm • Hleðslutími: 3 klst. • Raflöðuending: 2,5 klst. • Vatnshelt IP65 • Stærð: 156x27x18 mm • Þyngd: 92 g 	<p>I-VIEW</p> <ul style="list-style-type: none"> • 100/200 lumen • 300/500 lux við 50 cm • Hleðslutími: 4 klst. • Raflöðuending: 6/3 klst. • Vatnshelt IP65 • Stærð: 105x52x43 mm • Þyngd: 140 g 	<p>NOVA 5K C+R</p> <ul style="list-style-type: none"> • 500-5.000 lumen • Raflöðuending: 1-12 klst. • 4 stk. 	<p>Prífótur</p> <ul style="list-style-type: none"> • Útdranganlegur 1,35-3,0 m • Þyngd: 6 kg • 2 stk. 	<p>Breytistykki</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tveggja ljósa breytistykki fyrir prífót • 2 stk. 	<p>Bílhleðslutæki C+R</p> <ul style="list-style-type: none"> • 12/24V hleðslutæki fyrir C+R ljós • 1 stk. 	<p>Stillansafesting</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fyrir ø 40-50 mm verkpalla og rör • 2 stk. 	<p>Segulfesting</p> <ul style="list-style-type: none"> • Öflugir seglar halda allt að 10 kg hvor • 2 stk.
<p>NOVA 5K C+R</p> <ul style="list-style-type: none"> • 500-5.000 lumen • 8.000 lux við 50 cm • Hleðslutími 2 klst. • Raflöðuending: 1-12 klst. • Vatnshelt IP67 • Höggþol IK07 • Stærð: 267x87x262 mm • Þyngd: 2,12 kg 	<p>MINI MAX</p> <ul style="list-style-type: none"> • 450-900 lumen • 650-1.300 lux við 50 cm • Hleðslutími: 6 klst. • Raflöðuending: 5/2,5 klst. • Regnhelt IP54 • Höggþol IK07 • Stærð: 196x187x43 mm • Þyngd: 730 g 										
<p>UNIPEN</p> <ul style="list-style-type: none"> • 100/50 Lumen • 160/485 lux við 50 cm • Hleðslutími: 3 klst. • Raflöðuending: 2,5 klst. • Vatnshelt IP65 • Stærð: 156x27x18 mm • Þyngd: 92 g 	<p>I-VIEW</p> <ul style="list-style-type: none"> • 100/200 lumen • 300/500 lux við 50 cm • Hleðslutími: 4 klst. • Raflöðuending: 6/3 klst. • Vatnshelt IP65 • Stærð: 105x52x43 mm • Þyngd: 140 g 	<p>NOVA 5K C+R</p> <ul style="list-style-type: none"> • 500-5.000 lumen • Raflöðuending: 1-12 klst. • 4 stk. 	<p>Prífótur</p> <ul style="list-style-type: none"> • Útdranganlegur 1,35-3,0 m • Þyngd: 6 kg • 2 stk. 	<p>Breytistykki</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tveggja ljósa breytistykki fyrir prífót • 2 stk. 							
<p>Bílhleðslutæki C+R</p> <ul style="list-style-type: none"> • 12/24V hleðslutæki fyrir C+R ljós • 1 stk. 	<p>Stillansafesting</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fyrir ø 40-50 mm verkpalla og rör • 2 stk. 	<p>Segulfesting</p> <ul style="list-style-type: none"> • Öflugir seglar halda allt að 10 kg hvor • 2 stk. 									